SIGURGEIR FINNSSON
*Ekkert mál að mála vegg*
heimili heilsa tíska
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SVEINN RÚNAR
*Allir vildu Eurovision kveðið hafa*
Fékk níu texta senda í pósti
FÓLK 58






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
29. mars 2007 — 87. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR



**Vestfirðir vinsælir**
Hátíðin Aldrei fór ég suður vekur athygli út fyrir landsteinana.
FÓLK 58

**Veisla á Balí**
Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fékk allt sem hugurinn girntist í morgunverðarhlaðborði á Balí. Þar var matur frá öllum heimshornum.
MATUR&VÍN 46





**Margar ákvarðanir bíða**
Stefán Baldursson er nýráðinn óperustjóri Íslensku óperunnar.
TÍMAMÓT 36

**Spánverjar sigruðu**
Spánverjar unnu Íslendinga með einu marki gegn engu í undankeppni EM í gærkvöld. Ekkert varð úr markaregni Spánverja.
ÍÞRÓTTIR 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verður fremur hæg suðvestlæg átt. Hætt við lítilsháttar súld vestan og norðvestan til en bjartviðri í austan- og suðaustanverðu landinu. Hiti 3-6 stig á láglendi að deginum.
VEÐUR 4

# Kráareigendur gegn reykingabanninu

**Eigendur Ölstofu Kormáks og Skjaldar telja vegið að atvinnuréttindum sínum með fyrirhuguðu reykingabanni. Þeir íhuga nú málsókn á hendur ríkinu.**

**VEITINGAR** Forsvarsmenn Ölstofu Kormáks og Skjaldar íhuga málsókn á hendur ríkisvaldinu vegna væntanlegs reykingabanns á veitinga- og skemmtistöðum.

Þeir Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson sendu ríkislögmanni bréf í gær þar sem beðið er um álit hans á lagasetningunni og hvaða leiðir hann sjái færar, svo að kráarrekstur fái þrifist í reykbanni.

„Heilbrigðisráðherra lofaði tillögum á sínum tíma en þær hafa aldrei komið á borð kráareigenda,“ segir Kormákur.

Lögmaður veitingamannanna, Erlendur Þór Gunnarsson héraðsdómslögmaður, segir að með bréfinu sé ríkislögmanni veitt tækifæri til að tjá sig um það sem Erlendur telur „brot á meðalhófsreglu stjórnskipunarréttarins og skerðingu á atvinnuréttindum“. Bréfið sé mikilvægt formsatriði áður en lengra verði haldið.

Með banninu, sem tekur gildi 1. júní næstkomandi, mega viðskiptavinir veitinga- og skemmtistaða ekki undir neinum kringumstæðum reykja tóbak inni á krám. Veitingamönnum er jafnframt meinað að gera séraðstöðu fyrir reykingamenn.

„Jafnrétti er alls ekki haft að leiðarljósi við lagasetninguna. Þarna er farin grófasta leiðin sem til er og ekkert boðið á móti,“ segir Kormákur.

Erlendur tekur undir þetta og segist telja að „vel hefði mátt ná fram settum markmiðum laganna, að vernda viðskiptavini og starfsfólk fyrir reyknum, með því að heimila undanþágur frá algjöru banni, til dæmis með reykrými“.

Spurður um afstöðu Samtaka ferðaþjónustunnar, sem hafa lýst sig hlynnt banninu, segir Kormákur að kráareigendum hafi aldrei verið boðið í þau samtök. „Það er allt önnur deild. Við höfum aldrei á nokkurn hátt verið tengdir þeim,“ segir Kormákur. - kóþ

Danski handboltinn:

## Konur græða meira en karlar

**HANDBOLTI** Oft er talað um að konur hafi ekki sömu laun og karlar í íþróttum en það á svo sannarlega ekki við í danska handboltanum.



ANDERS DAHL-NIELSEN

Að sögn Anders Dahl-Nielsen, framkvæmdastjóra Skjern, hafa konur haft mun hærri laun en karlar í fjölda ára í danska handboltanum. Karlar séu nú loksins að ná svipuðum launum og konurnar sem enn hafa þó ívið betri laun.

Hæst launuðu dönsku handboltakonurnar fá allt að einni og hálfri milljón króna í mánaðarlaun. Hæst launuðu karlarnir höfðu milljón á mánuði en nokkrir fá nú jafnhá laun og konurnar. - hbg / sjá síðu 52




**FYRSTI SÚRÁLSFARMURINN** Flutningaskipið Pine Arrow er líklega stærsta flutningaskip sem lagst hefur að bryggju á Reyðarfirði. Skipið flutti með sér 39.000 tonn af súráli úr súrálsverksmiðju ALCOA í vesturhluta Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Fyrsti súrálsfarmurinn:

## Tímamót á Reyðarfirði

**IÐNAÐUR** Flutningaskipið Pine Arrow lagðist að bryggju á Reyðarfirði í gær með 39.000 tonn af súráli. Þetta er fyrsti súrálsfarmurinn sem kemur til Reyðarfjarðar og því markaði atburðurinn tímamót í starfsemi Alcoa Fjarðaáls.

Súrál er meginuppistaða þess hráefnis sem ál er unnið úr. Tæp tvö tonn af súráli þarf til þess að framleiða eitt tonn af áli og því mun súrálið sem kom til Reyðarfjarðar í gær skila sér sem ríflega 20.000 tonn af áli.

Að sögn Ernu Indriðadóttur, upplýsingafulltrúa ALCOA Fjarðaáls, er stefnt að því að gangsetja fyrsta kerið í álverinu um páskaleytið. Reikna má með að um 20 súrálsflutningaskip, af svipaðri stærð og Pine Arrow, leggist að bryggju á Reyðarfirði á ári hverju þegar starfsemi álversins verður hafin að fullu. - þo

Microsoft á Íslandi með umboð frá Bill Gates til að kanna aðstæður:

# Netþjónabú er í undirbúningi

**VIÐSKIPTI** Hugmynd um íslenskt netþjónabú stórfyrirtækisins Microsoft gæti orðið að veruleika og er á viðræðustigi, segir framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, Halldór Jörgensson.

Hugmyndin um netþjónabú (e. *server farm*) kom upphaflega fram í viðræðum forseta Íslands við Bill Gates, eiganda Microsoft, í janúar síðastliðnum. Síðan þá hefur Halldór fengið skriflegt umboð frá Gates til að kanna aðstæður og ræða við fagaðila.

„Viðræður eru í gangi og við höfum lagt töluverða vinnu í þetta. Við höfum fengið ágætis svör og ekkert hefur unnið á móti okkur hingað til,“ segir hann.

Netþjónabú eru afar orkufrek en Halldór neitar því að viðræður hafi átt sér stað um orkuverð við innlend fyrirtæki. Hér á landi sé enda næg orka, ólíkt því sem gerist erlendis. „Það vinnur með okkur.“

Halldór mun að öllum líkindum fjalla um framgang málsins á fundi í næstu viku í höfuðstöðvum Microsoft. Ákvörðun verði þó ekki tekin fyrr en í fyrsta lagi í maí, þegar háttsettir menn frá Microsoft koma til landsins. - kóþ









## SPURNING DAGSINS



*Sæunn, af hverju ekki ríkisstjórn með Zero Framsókn?*

„Það væri ávísun á ríkisstjórn afturhalds, stoppstefnu og atvinnuleysis.“

Vinstri græn hafa látið útbúa barmmerki þar sem gert er grín að Framsóknarflokknum með skírskotun til Kók-Zero auglýsinganna. Sæunn Stefánsdóttir er þingmaður Framsóknarflokksins.

Atkvæðagreiðsla utankjörfundar vegna stækkunar álvers Alcan í Straumsvík er hafin:

# Á sjöunda hundrað hafa kosið nú þegar

**UMHVERFISMÁL** Nokkur aðsókn kjósenda var í gær á Strandgötu 6 í Hafnarfirði, þar sem atkvæðagreiðsla utankjörfundar vegna stækkunar álvers Alcan í Straumsvík fer fram.

Steinunn Þorsteinsdóttir upplýsingafulltrúi segir að um 650 manns hafi nú þegar kosið og hún býst við góðri aðsókn í dag, en opið verður til klukkan 19 í kvöld.

„Það hefur verið töluverð traffík hérna og ég býst við að svo verði [í dag] og á föstudaginn. Ég hvet fólk til að koma fyrr en seinna,“ segir Steinunn. Hún segir mikinn áhuga á kosningunum í bænum. „Maður hefur tilfinningu fyrir því að það verði góð þátttaka, því þetta er málefni sem bæjarbúar hafa miklar skoðanir á,“ segir hún.

Sjálf kosningin fer svo fram næstkomandi laugardag og verður notast við rafræna kjörskrá, í fyrsta sinn í Hafnarfirði. Kjósendur geta því valið um kjörstað, en kosið verður í Áslandsskóla, Íþróttahúsinu við Strandgötu og í Víðistaðaskóla.

Kjörfundur hefst klukkan 10 að morgni og stendur til klukkan sjö um kvöldið. Fyrstu tölur gætu borist upp úr lokun kjörfundar, eða klukkan 19.

Kjörgengir eru 16.648 talsins.

- kóþ



**FRAMTÍÐ HAFNARFJARÐAR** Æska Hafnarfjarðar heilsaði ljósmyndara Fréttablaðsins í gær. Næstkomandi laugardag kjósa Hafnfirðingar um hvort leyfa skuli umtalsverða stækkun á álverinu í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUILLAUME SORO** Leiðtoga stærsta uppreisnarhópsins er boðið að fara fyrir nýrri sáttastjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sættir á Fílabeinsströndinni:

## Soro verður forsætisráðherra

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP** **Guillaume Soro, aðalleiðtogi uppreisnarmanna á Fílabeinsströndinni, verður forsætisráðherra í nýrri sáttastjórn landsins, í samræmi við friðarsamkomulag sem fulltrúar stríðandi fylkinga og sáttasemjarar hafa gert.**

**Alain Lobognon, talsmaður uppreisnarhreyfingarinnar Ný öfl, sagði að Soro hefði verið boðið, og hann þegið, forsætisráðherraembætti í nýrri ríkisstjórn sem Laurent Gbagbo forseti er að skipuleggja í því skyni að binda enda á áralangt borgarastríð.**

**Sáttasemjarar staðfestu að um þetta hefði verið samið.** - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í flugvél

Eldur kom upp í lítilli tveggja sæta Cessnaflugvél á Reykjavíkurflugvelli í gær. Tveir menn ætluðu í flugferð en urðu varir við eldinn þegar þeir hugðust aka vélinni út úr geymsluhúsnæði. Kallað var á slökkviliðið en eldurinn hafði verið slökktur með slökkvitæki þegar slökkviliðið kom á staðinn.

# Bryggjan í Flatey er að liðast í sundur

**Flateyjarbryggja var byggð fyrir rúmri hálfri öld. Síðan hefur ferjan Baldur verið endurnýjuð minnst fimm sinnum. Núverandi ferja er allt of stór fyrir bryggjuna. Skipshöfn Baldurs reynir eftir megni að hlífa bryggjunni.**

**SAMGÖNGUR** Bryggjan í Flatey á Breiðafirði er að liðast í sundur vegna aldurs og nýrrar Baldursferju, sem er „mörgum númerum of stór fyrir bryggjuna“, að sögn Tryggva Gunnarssonar, eins íbúa eyjunnar.

Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri og skipstjóri Sæferða, sem reka Baldur, tekur í sama streng. „Já, bryggjan er orðin ansi lúin og sér verulega á henni eftir veturinn. Við erum búnir að vera svolítið órólegir út af þessu og reynum að hlífa henni eins og við getum,“ segir hann. Pétur telur að bryggjuna ætti að lagfæra sem fyrst og helst fyrir sumarið, þegar fjöldi ferðamanna heimsækir eyjunna.

Núverandi bryggja er um hálfrar aldar gömul og barn síns tíma, segir Tryggvi. Hún sé ekki á nokkurn hátt hönnuð eða í stakk búin til að taka við svo stóru skipi. „Um daginn þurfti ég að fara í jarðarför og komst ekki, því þeir treystu ekki bryggjunni og lentu ekki. Ég var því reiður og tóbakslaus í Flatey og það er ekki falleg saga.“

Framkvæmdastjóri Sæferða segir það gömul tíðindi að ekki sé hægt að leggja að landi í Flatey. Það sé ekki gert í slæmu veðri. Síðan bryggjan hafi verið byggð hafi ferjan verið endurnýjuð minnst fimm sinnum og nú þoli bryggjan ferjuna illa. „Það er kannski ofsagt að hún sé að hruni komin, en það stefnir hraðbyri í það,“ segir Pétur.

Tillaga Tryggva er sú að endurbætur á aðstöðu smábáta eyjaskeggja verði gerðar um leið og bryggjan verður löguð, því sú aðstaða sé einnig í ólestri. „Þarna hafa fjölmargir bátar sokkið eða slitnað upp. Þetta kom fyrir mig fyrir tólf árum og það er ansi slæm tilfinning þegar einn daginn fjúka sex milljónir út um gluggann. Maður verður nú boginn í bakinu af minna.“

Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs Siglingastofnunar, segir að stefnt sé að því að bryggjan verði lagfærð seinni hluta sumars. „Það hefur tekið langan tíma, því efnið þarf að sérpanta og er ekki til á lager.“

Um tillögu Tryggva um endurbætur á smábátaaðstöðu, segir Sigurður að Siglingastofnun beri ekki ábyrgð á þeim hluta hafnarinnar. Hann telur að skynsamlegt væri að framkvæma endurbæturnar samtímis. Það sé hins vegar sveitarfélagsins að taka þá ákvörðun.

klemens@frettabladid.is



**BRYGGJAN Í FLATEY** Bryggjan kemur illa undan vetrinum. Skipshöfn Baldurs reynir að hlífa bryggjunni í vondu veðri og leggur ekki upp að henni. MYND/TRYGGVI GUNNARSSON

Flugmaður í vandræðum:

## Nauðlenti á þjóðveginum

**NAUÐLENDING** Flugmaður nauðlenti einshreyfilsvél sinni á Eyjafjarðarbraut skammt frá Melgerðismelum um miðjan dag í gær. Flugmaðurinn var að fljúga yfir flugvöllinn á Melgerðismelum þegar vélin drap á sér. Hann sá þann kost vænstan að reyna nauðlendingu á þjóðveginum sem heppnaðist að óskum.

Að sögn lögreglu þurfti að loka veginum um tíma. Eftir að flugvirki hafði skoðað vélina fór flugmaðurinn aftur í loftið. Svo virðist sem snúra í heyrnartólum flugmannsins hafi krækst í bensínloka og drepið á mótornum.

Vélin er af gerðinni Super Decathlon og er í eigu Flugskóla Akureyrar. - þo

Norðvesturkjördæmi:

## Vinstri græn eru á uppleið

**STJÓRNMÁL** **Vinstri hreyfingin - grænt framboð er í mikilli sókn í Norðvesturkjördæmi meðan Framsóknarflokkurinn tapar fylgi. Þetta eru niðurstöður nýrrar könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Fréttastofu Stöðvar tvö.**

**Samkvæmt könnuninni fengi Sjálfstæðisflokkur 28,4 prósent atkvæða og tvo þingmenn. Vinstri hreyfingin - grænt framboð fengi 23 prósent, bætti við sig þingmanni og fengi tvo. Samfylkingin fengi 20,7 prósent atkvæða og tvo þingmenn, Framsóknarflokkur tapaði öðrum sinna manna og fengi einn mann kjörinn með 14,3 prósent atkvæða. Frjálslyndi flokkurinn fengi 9,7 prósent og einn þingmann. Íslandshreyfingin næði ekki manni inn. Ekki er ljóst hvaða flokkur myndi hljóta níunda þingsæti kjördæmisins sem er uppbótarþingsæti.**

**Í úrtaki voru 800 einstaklingar og var svarhlutfall 60 prósent.** - þo


BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY GL SPORT

Nýskr. 09.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 8 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Breska stjórnin frystir samskipti við Írandeilu:

# Íranar breyttu upplýsingum eftir á

**LONDON, AP** Íranar breyttu upplýsingum um hvar bresku hermennirnir voru handteknir eftir á að sögn breskra stjórnvalda.

Breski herinn skýrði í fyrsta skipti í gær nákvæmlega frá atburðarásinni þegar fimmtán breskir hermenn voru handteknir af Írönum á föstudag. Fram kom að Íran hefði á sunnudag gefið upp staðsetningu á skipum bresku hermannanna sem sannað þykir að hafi verið inni í íraskri lögsögu. Á mánudaginn hafi þeir gefið upp aðra staðsetningu sem sé inni í íranskri lögsögu.

Varnarmálaráðuneyti Bretlands birti í gær gervihnattargögn sem sýndu að bresku hermennirnir voru í staddir í íraskri lögsögu þegar þeir voru handteknir. Tony Blair, forstætisráðherra Bretlands, sagði gögnin sýna að handtakan hafi verið fullkomlega „óásættanleg, röng og ólögleg“.

Utanríkisráðherra Írans, Manouchehr Mottaki, sagði í gær að eina kvenkyns fanganum, Faye Turney, yrði sleppt síðar um daginn eða í dag. Turney birtist í írönsku sjónvarpi þar sem hún viðurkenndi að þau hefðu farið inn í íranska lögsögu. Það kom einnig fram í bréfi sem hún skrifaði foreldrum sínum og sendiráð Íran í London birti í gær.

Bresk stjórnvöld lýstu yfir að mest öll samskipti við Íran hefðu verið fryst þangað til að bresku hermönnunum sem Íranar hafa í haldi verður sleppt. - sdg

### Staðsetning bresku hermannanna

**Breska varnarmálaráðuneytið hefur gefið út upplýsingar um hvar skip bresku hermannanna voru stödd þegar íranskir hermenn handtóku þá þegar þeir voru við eftirlit í kaupskipi á þeim grundvelli að þau væru inni í íranskri lögsögu.**




1. Kaupskip: 1,7 sjómílur inni í íraskri lögsögu
2. Fyrsta staðsetning samkvæmt Íran
3. Endurskoðuð staðsetning samkvæmt Íran

Heimild: MoD © GRAPHIC NEWS




| Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| 10.00 – 18.30 | 10.00 – 21.00 | 10.00 – 19.00 | 10.00 – 18.00 | 13.00 – 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

## GENGIÐ 28.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66 | 66,32 |
| Sterlingspund | 129,66 | 130,3 |
| Evra | 88,01 | 88,51 |
| Dönsk króna | 11,812 | 11,882 |
| Norsk króna | 10,826 | 10,89 |
| Sænsk króna | 9,446 | 9,502 |
| Japanskt jen | 0,5627 | 0,5659 |
| SDR | 99,82 | 100,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,962
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Auglýsingaherferðir stjórnmálaflokkanna hefjast von bráðar fyrir alvöru:

# Nægir peningar til auglýsinga

**STJÓRNMÁL** „Það má birta allnokkuð fyrir þennan pening, sérstaklega þegar litið er til þess hversu skammt er til kosninga," segir Magnús Loftsson, framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Hvíta hússins, um samkomulag stjórnmálaflokkanna sem eiga fulltrúa á Alþingi sem felur í sér takmörkun á kostnaði til auglýsinga.

Stjórnmálaflokkarnir eru mislangt komnir við að undirbúa auglýsingaherferðir fyrir kosningarnar 12. maí en samkvæmt samkomulagi þeirra ber þeim að takmarka kostnað við auglýsingar við 28 milljónir króna.

Magnús Loftsson segir líklegt að flokkarnir hefji herferðir sínar fljótlega eftir páska. „Bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru með landsfundi á tímabilinu 12.-15. apríl og svo eru kosningarnar 12. maí. Reikna má með því að fullur þungi í auglýsingum þessara flokka hefjist um svipað leyti og landsfundirnir eru haldnir og jafnvel eftir þá."

Samkomulag flokkanna um takmörkun á auglýsingum er hið fyrsta sem flokkar gera með sér síðan 1991. Capacent hefur eftirlit með því að samkomulaginu verði fylgt. - mh

**AUGLÝSINGAFÉ FLOKKANNA**

Líkleg skipting 28 milljóna kr. auglýsingakostnaðar að mati Magnúsar Loftssonar:




Þrítugur maður á stöðina:

# Tekinn við að selja fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Þrítugur karlmaður var handtekinn á höfuðborgarsvæðinu um miðjan dag í fyrradag, þar sem hann var staðinn að sölu fíkniefna.

Maðurinn var staðinn að verki þegar hann var að selja karlmanni um tvítugt ætluð fíkniefni. Í bíl fíkniefnasalans fundust efni sem talin eru vera 20 grömm af hassi og 10 grömm af maríjúana. Í framhaldi af þessu var leitað á heimili hans og þar fundust til viðbótar 20 grömm af hassi. Yngri maðurinn var líka færður á lögreglustöð en málið er nú að mestu upplýst, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. - jss



**BJÖRGUNARÞYRLA** Stjórn Læknafélag Íslands segir ekki ásættanlegt að allar þyrlur Landhelgisgæslunnar séu á einum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ályktun Læknafélags Íslands:

# Vilja þyrlu á Akureyri

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn Læknafélags Íslands fer fram á það við stjórnvöld að ein af þyrlum Landhelgisgæslunnar verði staðsett á Akureyri. Þetta kemur fram í ályktun sem samþykkt var á stjórnarfundi Læknafélagsins á þriðjudag.

Í ályktuninni segir að með því að staðsetja þyrlu á Akureyri megi stytta viðbragðstíma verulega, til dæmis ef slys verði á sjó úti fyrir Norðurlandi eða á hálendinu norðan- og austanlands.

„Markmið sérhæfðrar þyrluþjónustu sem þessarar hlýtur að vera að tryggja öllum landsmönnum sem besta þjónustu. Það er álit stjórnar Læknafélags Íslands að allar þyrlur Landhelgisgæslunnar á einum stað á suðvesturhorninu mæti ekki þessari kröfu," segir í ályktuninni. -þo

**REYKJAVÍK**

### Fjalakötturinn ekki endurlífgaður

Ekkert verður af því að kvikmyndahúsið Fjalakötturinn verði endurreist við Aðalstræti eins og Guðrún Ásmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi F-lista, í menningarráði Reykjavíkur, hafði lagt til. Eigendur hússins munu ekki hafa áhuga. „En það mátti reyna," segir í bókun Guðrúnar.

# Báðar deildir Bandaríkjaþings setja frest

**Öldungadeild Bandaríkjaþings hefur nú einnig samþykkt frumvarp sem inniheldur ályktun um að bandaríska herliðið í Írak skuli kallað heim í áföngum fyrir marslok á næsta ári. George W. Bush forseti hefur áfram í hótunum við þingið.**

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar á Bandaríkjaþingi láta engan bilbug á sér finna í rimmunni við Hvíta húsið um viðbótarfjárframlög vegna Íraksstríðsins. Öldungadeild þingsins hefur nú einnig samþykkt frumvarp þar sem kveðið er á um að bandaríska herliðið í Írak skuli kallað heim fyrir lok mars á næsta ári, gegn því að þingið leggi blessun sína yfir þau milljarða dala viðbótarútgjöld sem forsetinn hefur farið fram á til að standa straum af kostnaðinum við að halda heraflanum í Írak.

„Við vonum að forsetinn láti sér skiljast hver alvara okkar er," sagði Harry Reid, leiðtogi þingmeirihluta demókrata, eftir að öldungadeildin greiddi atkvæði um lagafrumvarpið um viðbótarútgjöldin. Atkvæði fóru 50-48.

Er öldungadeildin hóf í gær aftur umræðu um frumvarpið, sem kveður á um 122 milljarða dala viðbótarútgjöld, andvirði 8.174 milljarða króna, ítrekaði George W. Bush forseti að þessi samþykkt þingsins myndi ekki þvinga sig til samningaviðræðna, heldur myndi hann hiklaust beita neitunarvaldi sínu ef frumvarpið innihéldi ákvæði um frest til að kalla herliðið heim.

„Þingheimur verður að hætta að gefa út pólitískar yfirlýsingar, byrja að veita nauðsynlegu fé til hermanna okkar og koma frumvarpi á borðið hjá mér sem ég get undirritað og veitt lagagildi," segir í texta ræðu sem Bush hugðist flytja á landsfundi nautakjötsframleiðenda í Washington. Hvíta húsið birti fyrirfram útdrætti úr ræðunni. „Bregðist þingið þeirri skyldu sinni að setja lög um fjárveitingar til hermanna okkar í fremstu víglínu, mun bandaríska þjóðin vita hverja hún á að draga til ábyrgðar," segir einnig í ræðunni. En Reid og aðrir demókratar sögðu að þeir hygðust hvergi hvika.

„Í stað þess að hafa í öllum þeim hótunum sem hann hefur gert, væri forsetanum nær að vinna með okkur að því að finna út úr því hvernig hægt er að uppfylla vilja meirihluta beggja þingdeilda og þoka málinu áleiðis," sagði Reid.

Hliðstætt frumvarp var samþykkt í fulltrúadeild þingsins í síðustu viku, með 218 atkvæðum gegn 212. Frumvörp beggja deilda þarf að samræma áður en hið endanlega frumvarp fer inn á borð til forsetans til undirritunar. Synji forsetinn frumvarpinu staðfestingar fer það aftur til þings og þarf að samþykkjast með auknum meirihluta ef það á að öðlast lagagildi. audunn@frettabladid.is



**HARRY REID** Leiðtogi þingmeirihluta demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings ávarpar fjölmiðlafólk eftir atkvæðagreiðsluna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Finnska þingið kemur saman:

# Ánægja með fjölgun kvenna

**FINNLAND, AP** Tarja Halonen, forseti Finnlands, setti nýtt þing landsins er það kom í fyrsta sinn saman í gær eftir kosningar sem fram fóru tíu dögum fyrr. Lýsti forsetinn yfir vonbrigðum með litla kjörsókn en ánægju með að nú settust á þing fleiri konur en nokkru sinni áður.



TARJA HALONEN

„Nú eru 84 konur á meðal ykkar, fleiri en nokkru sinni í sögu þingsins fram til þessa. Ég mun fylgjast með því af áhuga hvernig þetta mun hafa áhrif á umræður og ákvarðanatöku," tjáði Halonen þingheimi. 200 fulltrúar eiga sæti á finnska þinginu. - aa

Eiturefni til fugladráps:

# Vilja að leyfi verði afturkallað

**NÁTTÚRA Stjórn Fuglaverndar fer fram á að leyfi til þess að drepa sílamáva með eiturefnum verði afturkallað tafarlaust. Notkun eiturefna til fugladráps hefur verið bönnuð lengi en nýlega veitti Umhverfisstofnun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen leyfi til að drepa hátt á annað þúsund sílamáva með eiturefnum í grennd við þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu.**

**Í yfirlýsingu frá Fuglavernd segir að fráleitt sé að hefja iðju sem þessa að nýju enda hafi ekki verið sýnt fram á að mávar valdi það miklu tjóni. Þá bendir stjórn Fuglaverndar á að reynsla af notkun eiturefna sé afar slæm og slíkar aðgerðir hafi meðal annars orðið til þess að haferninum var nærri útrýmt á sínum tíma.** - þo




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**BLAUT HELGI** Það er enn að sjá eindregna úrkomu, rigningu, á sunnan- og vestanverðu landinu á laugardag og skúrir á sunnudag. Þetta byrjar allt í fyrramálið með lægðakomu og má búast við að það verði komin eindregin rigning vestan til um hádegi. Á hinn bóginn eru kortin næstu daga ákaflega mild með tveggja stafa tölum norðaustan og austan til. En það verður vindasamt á morgun og næstu daga.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hæg suðvestlæg átt. Úrkomulítið. Milt.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C hálfskýjað | London | 11°C skúrir | Alicante | 18°C skúrir |
| Billund | 14°C heiðskírt | París | 12°C skúrir | Mallorca | 13°C hálfskýjað |
| Osló | 14°C hálfskýjað | Frankfurt | 13°C skúrir | Basel | 16°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C heiðskírt | Friedrichshafen | 12°C skúrir | Eindhoven | 13°C skúrir |
| Gautaborg | 10°C hálfskýjað | Berlín | 15°C hálfskýjað | Las Palmas | 18°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.











**KRISTALSLJÓSIN**
KOMIN AFTUR

**NÝ SENDING**
FRÁ LÍN DESIGN

**15%**
KYNNINGAR AFSLÁTTUR UM HELGINA

**20 % AFSLÁTTUR**
AF BAUMATIC HEIMILISTÆKJUM

# 20% AFSLÁTTUR AF EVA SOLO GLÖSUM



eva solo



**6.204 kr.**
15% afsláttur
Hitakanna, **Magppie**
2900697-698



**32.900 kr.**
Kaffi fylgir með
Kaffivél, **Francis Francis**
1850107



**22.900 kr.**
Verð áður 35.900
Blöndunartæki, **Bited**
8008050



**39.900 kr.**
Verð áður 52.500
Veggsalerni, **Pozzi Ginori**
8076165



**27.900 kr.**
Handlaugartæki, **Hey Joe**
8008000



**27.295 kr.**
Handlaugartæki fylgir ekki
Borðhandlaug, **50x48**
8071007

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

**KJÖRKASSINN**



*Verða umhverfismál heitasta kosningamálið?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,5% |
| Nei | 65,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti að banna reykingar við akstur?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Filippseyskur leikskólastjóri krafðist góðrar menntunar fyrir nemendur sína:

# Tók leikskólabörnin í gíslingu

**FILIPPSEYJAR, AP** Leikskólastjóri vopnaður handsprengju og skotvopnum hélt ásamt öðrum kennara 32 leikskólabörnum og tveimur kennurum í gíslingu í rútu í gær. Gíslatakan, sem átti sér stað fyrir framan ráðhúsið í höfuðborg Filippseyja, Maníla, stóð yfir í tíu klukkustundir. Meðan á gíslatökunni stóð stóð fordæmdi leikskólastjórinn, Jon Ducat, spillingu og krafðist betra lífs fyrir fátæk börn.

Eftir að hafa verið fullvissaður um að nemendur hans myndu fá góða menntun setti Ducat pinnann í handsprengjuna sem hann hélt á og gafst upp. Það hann börnin og lögregluna því næst afsökunar.

Áður en Ducat gafst upp krafðist hann þess að kveikt yrði á hvítum kertum í kringum rútuna. Sagði hann kertin vera aðvörun. „Ef ekki verður staðið við loforðin þá munuð þið sjá þessi kerti á ný.“

Gíslatakan vakti heimsathygli og varpar ljósi á bágborið menntakerfi Filippseyja. Almenningsskólar þar eru margir hverjir í niðurníddum byggingum. Á síðasta ári voru meira en 17 milljónir grunnskólanemenda í þeim. Menntamálaráðherra landsins lýsti því yfir að næstum 7.000 skólastofur skorti fyrir alls 315.000 nemendur. **- sdg**



**GÍSLATAKAN** Lögreglumenn og fjölmiðlar umkringja rútuna með 34 gísla innanborðs ásamt tveimur vopnuðum gíslatökumönnum. NORDICPHOTOS/AFP

**VATNSLEYSUSTRÖND**

### Áhyggjur af einkavæðingu

Atvinnumálanefnd sveitarfélagsins Voga á Vatnsleysuströnd lýsir yfir áhyggjum sínum af „einkavæðingarhugleiðingum“ Hitaveitu Suðurnesja. Segir nefndin að hækkun á raforkuverði geti haft slæmar afleiðingar fyrir fyrirtækin í Vogum.

**DANMÖRK**

### Strand við Borgundarhólm

Gámaflutningskipið Skarpø, sem er skráð á Kýpur, strandaði við Borgundarhólm í Eystrasalti á þriðjudag. Skipið var ólestað er það tók niðri á grunnsævi við eyna, að sögn talsmanns danska flotans. Engan sakaði og olíuleka varð ekki vart.

*Tæknifræðingar - tæknifræðingar*

**Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands**

**Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn föstudaginn 30. mars 2007, kl. 17:00 að Engjateigi 9, Reykjavík.**

Dagskrá:

kl. 17:00 Setning *Bergþór Þormóðsson, formaður TFÍ*

kl. 17:10 Venjuleg aðalfundarstörf

Léttar veitingar að loknum aðalfundi.

Stjórn TFÍ

Tæknifræðingafélag Íslands

www.oryggi.is

**Hver vaktar þitt heimili um páskana?**

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

Himinn og haf / SÍA

**Hringdu í 530 2400 og fáðu Heimaöryggi í áskrift!**

**Verið velkomin í upplýsingamiðstöðina**

Verið velkomin í upplýsingamiðstöð álversins í Firði og kynnið ykkur rök fyrir stækkun álversins í Straumsvík og hvernig hún gerir gott álver ennþá betra.

Upplýsingamiðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 14:00 – 18:00 og laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00.

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER

# Strand Wilson Muuga kostar ríkið milljónir

**Reynt verður að fjarlægja Wilson Muuga af strandstaðnum um miðjan maí. Kostnaðurinn við aðgerðina er áætlaður um 40 milljónir króna. Fimmtán milljónir greiðast úr ríkissjóði. Hagsmunir settir í fyrirrúm segir umhverfisráðherra.**

**SLYS** Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra kynnti í gær samkomulag sem náðst hefur milli íslenska ríkisins og eigenda flutningaskipsins Wilson Muuga um að gerð verði tilraun til að ná skipinu af strandstað. Stefnt er að því að skipið verði dregið í burtu á stórstraumsflóði 16. til 18. maí.

Áætlaður kostnaður við verkið er 40 milljónir króna. Þar af munu 15 milljónir greiðast úr ríkissjóði. Útgerð skipsins greiðir afganginn af kostnaðinum auk þess sem hún mun taka á sig 69 milljóna króna áfallinn kostnað vegna aðgerða við að koma í veg fyrir tjón af völdum brennsluolíu skipsins, en þeim aðgerðum er nú lokið.

Eigendur skipsins, Nesskip hf., munu stjórna aðgerðum þegar skipið verður fjarlægt, en fulltrúi Umhverfisstofnunnar mun hafa eftirlit með verkinu.

Wilson Muuga strandaði við Hvalsnes, skammt frá Sandgerði, 19. desember í fyrra. Deilur stóðu um hvaða lög giltu um hreinsunarstarfið og fjarlægingu skipsins þar sem útgerðarmennirnir héldu því fram að siglingalög giltu um bótaábyrgðina en stjórnvöld sögðu lög um mengun hafs og stranda í gildi í málinu. Jónína hafði meðal annars sagt á Alþingi í lok janúar að siðferðisleg, samfélagsleg og lagaleg skylda hvíldi á eigendum skipsins að fjarlægja það af strandstað innan hálfs árs.

Jónína var ánægð með að samkomulag hefði náðst. Hún sagði íslenska ríkið taka þátt í kostnaðinum vegna þess að hagsmunir væru settir í fyrrirúm. „Ef einhver réttaróvissa er um þetta þá hefði ekki fengist úr henni skorið endanlega nema fyrir dómstólum. En hlutur ríkisins er mjög lítill miðað við hlut útgerðarinnar í þessu.“



**SAMKOMULAGIÐ HANDSALAÐ** *Jónína Bjartmarz og Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa hf., handsala samkomulag um að ná Wilson Muuga af strandstað. Áætlað er að selja flakið og skipta andvirðinu á milli ríkisins og útgerðar skipsins.* FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðmundur Ásgeirsson, stjórnarformaður Nesskipa, sagði samkomulagið viðunandi. „Miðað við að það var vond staða hjá báðum aðilum þá verður maður að vera sáttur við niðurstöðuna. Þetta er búið að taka svolítið langan tíma eins og gengur og gerist þegar menn eru með svona flækjufót fyrir framan sig eins og lög og túlkun þeirra.“

Guðmundur segir að mögulega sé hægt að fá allt að 25 milljónir fyrir flakið ef skipið næst í núverandi ástandi að bryggju. Hann sagði þá aðgerð þó áhættusama og líklega þyrfti tvo til þrjá dráttarbáta í verkið.

„Allir botntankar í skipinu eru líka rifnir og lekir. Við þurfum að þétta flesta tankana og koma sjónum aftur úr þeim til að létta skipið þannig að það fljóti aftur. Það er engin önnur aðferð í stöðunni.“

**thordur@frettabladid.is**

Bilið breikkar milli Fréttablaðs og annarra prentmiðla samkvæmt könnun Capacent:

# Fréttablaðið viðheldur dagblaðalestri

**FJÖLMIÐLAR** Ungir lesendur lesa frekar Fréttablaðið en annan prentmiðil, samkvæmt nýrri lestrarkönnun Capacent. Meðallestur á Fréttablaðinu mældist þannig 138 prósent umfram lestur á Morgunblaðinu í aldurshópnum 18 til 34 ára. Meðallestur Fréttablaðsins, miðað við Morgunblaðið, er einnig meiri í öllum öðrum aldurshópum, af báðum kynjum.

Lestur Blaðsins mælist nú nokkuð minni en í síðustu könnun Capacent, sem var gerð í lok síðasta árs. Tæpur fjórðungur yngsta lesendahópsins, 16 til 29 ára, les Blaðið.

„Það er mjög ánægjulegt að sjá að Fréttablaðið hefur svo sterka stöðu meðal yngri aldurshópa. Það má í raun segja að við höldum dagblaðalestri lifandi meðal fólks undir fimmtugu, ef litið er á tölurnar. Hin blöðin virðast vera í grimmri varnarbaráttu,“ segir Jón Kaldal, ritstjóri Fréttablaðsins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær mælist Fréttablaðið með 65,1 prósents meðallestur á tölublað. Morgunblaðið mælist með 43,6 prósenta lestur en Blaðið rekur lestina með 38,3 prósenta lestur.

Lestur á aukablöðum Fréttablaðsins er einnig talsvert meiri en hjá samkeppnisaðilum í öllum aldursflokkum nema þeim elsta.

Þannig er meðallestur fasteignablaðs Fréttablaðsins 42,5 prósent meðal allra lesenda, en hliðstætt aukablað Morgunblaðsins mælist með 33,7 prósent. Þess má geta að fasteignablað Morgunblaðsins er fríblað, því er dreift ókeypis.

Markaður Fréttablaðsins mælist með 34 prósenta lestur en hliðstætt blað Morgunblaðsins með 25,3 prósenta lestur.

Könnun Capacent var framkvæmd í gegnum síma. Mæld var dagleg lesning rúmlega 2.500 lesenda, fyrstu tvo mánuði þessa árs. **- kóþ**

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8229

# Crafter kemur sterkur inn

Volkswagen Crafter er nýjasti vinnuþjarkurinn frá Volkswagen og sameinar kraft, nútímalega hönnun og einstaklega fjölbreytta notkunarmöguleika. Crafter er til í ótal útfærslum og kemur því að notum við ótrúlegustu verkefni.

- Fæst bæði í lágþekju- og háþekjuútfærslu
- Rúmmál flutningarýmis getur verið frá 7,5 til 17 $m^3$
- Burðargeta frá 680 kg til 2.690 kg
- Fæst sem pallbíll með einföldu eða tvöföldu húsi sem rúmar allt að sex farþega
- 130 cm hleðsluhurðir á báðum hliðum – nægir fyrir Eurobretti
- Vængjahurðir að aftan opnast 270 gráður
- Fáanlegur sem grindarbíll
- Hægt að setja á hann vörukassa og lyftu
- Öflugar 136-163 hestafla TDI® vélar
- Fæst sjálfskiptur

**Komdu og skoðaðu Volkswagen Crafter og sjáðu hvað hann getur gert fyrir þig.**

**Verð frá 3.760.000 kr. með vsk.**

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Á hvaða veitingastað í Reykjavík snæddi Cliff Richard með föruneyti sínu á mánudagskvöld?*
2. *Hvað heitir forstjóri Fangelsismálastofnunar?*
3. *Yfir hvaða fjárhæð má kostnaður við auglýsingar stjórnmálaflokka ekki fara?*

SVÖR Á BLS. 58

Páskasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar var opnuð í gær:

# Börnum hjálpað til mennta

**HJÁLPARSTARF** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra opnaði í gær páskasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar. Að þessu sinni verður safnað fyrir tvenn samtök á Indlandi sem hjálpa stéttlausum indverskum börnum til mennta.

Stéttlaus börn á Indlandi eiga sér litla framtíðarvon án menntunar og búa mörg hver við barnaþrælkun. Hjálparstarfið kostar menntun 400 fátækra barna í grunn- og framhaldsskólum þar sem þau fá fæði, föt og læknisþjónustu. Þá kostar Hjálparstarfið rekstur sérstakra forskóla fyrir stéttlaus börn.

Í tilefni söfnunarinnar var opnuð ljósmyndasýning í Smáralind eftir Kristján Inga Einarsson. Hann ferðaðist til Indlands í janúar og tók myndir sem sýna aðstæður barnanna. -þo



**PÁSKASÖFNUNIN OPNUÐ** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Sigurbjörn Einarsson biskup. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Evrópusambandið og Tyrkland:

## Aðildarviðræður hafnar á ný

**BRUSSEL, AP Fulltrúar aðildarríkja Evrópusambandsins samþykktu í gær að viðræður yrðu hafnar á ný að hluta við Tyrki, með því að samningskaflinn um iðnaðarmál og stefnu í málefnum fyrirtækja yrði opnaður.**

**Ákvörðunin er í samræmi við stefnu þýskra stjórnvalda, sem gegna nú formennskunni í ESB, um að stuðla að bættum samskiptum við Tyrkland. Formlegar aðildarviðræður hafa legið niðri síðan sambandið ákvað í fyrra að frysta þær að hluta, eftir að Tyrkir neituðu að verða við kröfum um að opna hafnir sínar fyrir viðskiptum frá Kýpur.** - aa

Átökin í Írak:

## Hefndarmorð framin í tugavís

**ÍRAK, AP Herskáir sjíar og lögreglumenn, æfir vegna mannskæðra bílsprengjutilræða meðal sjía í bænum Tal Afar í NV-Írak, fóru í hefndarleiðangur meðal súnnía í bænum og skutu allt að 60 þeirra. Byssumennirnir gengu hús úr húsi í hverfi súnní-araba í bænum þriðjudagskvöld og fram á nótt og skutu þá fullorðnu karlmenn sem á vegi þeirra urðu.**

**Hermenn komu síðar á vettvang til að binda enda á lögleysuna og útgöngubann var sett á.** - aa

**FINNLAND**

### Vilja sjötta kjarnaofninn

Tvö orkufyrirtæki í Finnlandi hafa lýst yfir áhuga á því að byggja sjötta kjarnaofn landsins. Fáist heimild til smíðinnar, sem ríkisstjórn og þing þurfa að gefa, yrði nýi ofninn tekinn í notkun árið 2018.

Uppgröftur úr grunni tónlistarhúss fór í bráðabirgðalandfyllingu við Ingólfsgarð:

# Landfylling utan skipulags

**SKIPULAGSMÁL** Stór landfylling úr efni sem komið hefur úr grunni tónlistarhússins í Reykjavíkurhöfn er utan gildandi deiliskipulags.

Hrólfur Jónsson, forstöðumaður Framkvæmdasviðs Reykjavíkur, segir að þar sem landfyllingin við Ingólfsgarð sé aðeins til bráðabirgða sé hún ekki skipulagsskyld. Á aðalskipulagi sé gert ráð fyrir hugsanlegri landfyllingu á þessum stað þótt hún sé ekki á deiliskipulagi. Lög um förgun í hafið eigi heldur ekki við um fyllinguna. Hrólfur segir að fyllingin hafi meðal annars verið samþykkt í hafnarstjórn.

„Við teljum að þetta sé ekki skipulagsskylt því þetta verður fjarlægt aftur. Og þar af leiðandi þarf þetta ekki að fara í gegn um umhverfismat því þetta er afturkræft," segir Hrólfur.



**LANDFYLLING VIÐ INGÓLFSGARÐ** Verktaki tónlistarhússins notar efnið úr grunninum í landfyllingu undir vinnubúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Að sögn Hrólfs eru í raun slegnar tvær flugur í einu höggi með því að nota efnið úr grunninum í landfyllinguna; nauðsynleg aðstaða skapist fyrir vinnubúðir verktaka tónlistarhússins og menn losni við að flytja um umferðarkerfi borgarinnar efni sem hugsanlega þyrfti að flytja aftur á staðinn síðar – verði af því að gerð verði endanleg landfylling á þessum stað: „Þá fer það í endanlegt skipulagsferli og lögformlegt umhverfismat." - gar

Rússland og Lettland:

## Loks samið um landamæri

**RÚSSLAND, AP** Skrifað var undir nýjan landamærasamning milli Rússlands og Lettlands í Moskvu á þriðjudag. Vonir eru bundnar við að samningurinn verði til að lægja öldurnar í stormasömu sambandi grannríkjanna.



**MIKHAÍL FRADKOV**

Rússneski forsætisráðherrann, Mikhaíl Fradkov, sem skrifaði undir samninginn ásamt lettneskum starfsbróður sínum, Aigars Kalvitis, sagðist vonast til að samningurinn myndi „gera kleift að láta heilan bálk af óleystum ágreiningsefnum að baki og koma tengslum landanna á nýtt stig". - aa


Safnaðu Knorr strikamerkjum



## Strikamerkjaleikur Knorr gæti sent þig í 100.000 kr. verslunarferð í Kringluna

### Svona gerir þú:

Klipptu strikamerkin af Knorr vörunum þínum og límdu inn í söfnunarheftið. Þegar þú hefur safnað 10 strikamerkjum fyllir þú út þátttökuseðilinn í heftinu, skilar því eða sendir til Ásbjörns Ólafssonar ehf., Köllunarklettsvegi 6, 104 Reykjavík, merkt „Strikamerkjaleikur". Merktu þér seðilinn vel og tilgreindu hvaða hlut þú velur*. Innsendingarfrestur rennur út 30.06. 2007.

### Stóri vinningurinn:

**Nöfn allra þátttakenda fara í pott þar sem dregið verður um glæsilega vinninga. Þrír heppnir safnarar fá 100.000 kr. vöruúttekt í Kringlunni, hvorki meira né minna!**

*Á meðan birgðir endast.

Þú færð söfnunarheftið í næstu verslun!



### Fyrir 10 Knorr strikamerki getur þú valið um:

**Lasagnefat sem passar fyrir plöturnar**

Þú losnar við að brjóta lasagneplöturnar til að koma þeim í fatið. Fyrir 10 strikamerki færðu Pyrex lasagnefat sem passar fullkomlega fyrir Knorr lasagneplötur.




**Svuntusett fyrir þig og barnið**

Hvernig væri að leyfa börnunum að spreyta sig í eldhúsinu? Safnaðu 10 strikamerkjum og fáðu svuntu fyrir þig og barnið á heimilinu.



Fíton/SÍA F1020520

# Lokadagar
## útsölunnar

## Yfir 100 titlar í boði

verð frá **199 kr**

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu, Skeifu og á Akureyri




Gildir til 1. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**EINBEITING** Kínverski keppandinn í dýfingum af stökkpalli, He Zi, í miðju heljarstökki afturábak. He Zi vann gullverðlaun á heimsmeistaramótinu í sundi sem fram fer í Ástralíu. NORDIC-

Karl og kona ákærð fyrir að stela dekki undan bíl á bílastæði lögreglu:

# Stálu dekki og settu undir bíl

**DÓMSMÁL** Karlmaður og ung kona hafa verið ákærð og kölluð fyrir dómara, fyrir það meðal annars að stela dekki ásamt felgu undan bíl á bílastæði fyrir utan lögreglustöðina á Selfossi í september í fyrra.

Fólkið hafði verið stöðvað á bíl að morgni mánudagsins 4. september og reyndist maðurinn, sem er 28 ára gamall, hafa ekið bílnum undir áhrifum „MDMA, kókaíns, amfetamíns og tetrahýdrókannabínólsýru, frá Ölfusborgum, vestur Suðurlandsveg áleiðis til Reykjavíkur“, eins og orðrétt segir í ákæru. Maðurinn keyrði út af á Hellisheiði og ók bíl sínum „dágóðan spöl utan vegar í hrauni“ þar sem bíllinn skemmdist töluvert.

Maðurinn og konan gistu í fangageymslum lögreglu en var sleppt úr haldi innan við sólarhring síðar.

Þá tók maðurinn sig til og skrúfaði dekk á felgu undan bíl sem var á bílastæðinu fyrir utan lögreglustöðina og setti undir bílinn sem þau höfðu áður keyrt utan vegar. Hann varð ökufær fyrir vikið en var mikið skemmdur.

Konan og maðurinn eru meðal annars ákærð fyrir að „hafa hagnýtt sér hjólbarðann til aksturs“ allt þar til lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði akstur mannsins á umræddum bíl ellefu dögum síðar.

**- mh**




**LÖGREGLAN** Karlmaður og kona keyrðu á stolnu bíldekki í ellefu daga, eftir að hafa stolið því undan bíl á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fiskveiðar Evrópusambandsins:

# Nýjar aðgerðir gegn brottkasti

**BRUSSEL, AP Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, kynnti í gær tillögu sem hefur að markmiði að hamla gegn brottkasti í fiskveiðiflota aðildarríkjanna.**

**Nýju aðgerðirnar eru liður í verndun þorskstofnsins í Norðursjó og annarra fiskistofna sem eru hætt komnir vegna ofveiði.**

**„Það er ekkert vit í brottkasti, hvort sem er í umhverfislegu, efnahagslegu eða siðferðilegu tilliti. Því fyrr sem við fáum bundinn enda á þennan forkastanlega ósið, þeim mun betra,“ sagði Borg.**

**- aa**

Skattamál enn til rannsóknar:

# Boðaður í yfirheyrslu í apríl

**BAUGSMÁL** Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, hefur verið beðinn um að finna tíma til að mæta í yfirheyrslur hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vegna rannsóknar á meintum skattalagabrotum nokkurra einstaklinga tengdum Baugi Group.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, greindi frá þessu við upphaf málflutnings hans í héraðsdómi í gær. Hann sagðist þar hafa fengið bréf þar sem óskað var eftir því að hann fyndi tíma til að koma í yfirheyrslur með skjólstæðingi sínum seinnipartinn í apríl.

**- bj**

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Aðalmeðferð Baugsmálsins mun ljúka í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Verjendurnir Gestur Jónsson og Jakob R. Möller munu eiga sviðið megnið af deginum, en Brynjar Níelsson, verjandi Jóns Geralds Sullenbergers, fær um klukkustund til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Að því loknu fá sækjandi og lögmenn að svara andsvörum, og að lokum verður málið lagt í dóm.

# Ekki hægt að sakfella vegna meintra lána

**Verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar sagði ekki hægt að sakfella vegna meintra ólöglegra lánveitinga þar sem ekki sé heimild í lögum til að dæma einstaklinga fyrir slík brot. Annar verjandi sakaði saksóknara um að beita Morfís-brögðum.**

**BAUGSMÁL** Reglur sem talið er að hafi verið brotnar með því sem kallað er í ákæru ólöglegar lánveitingar Baugs til tengdra aðila eru svo óskýrar að þar eru ekki heimildir til að refsa einstaklingum, rétt eins og í olíusamráðsmálinu fyrir skemmstu.

Þetta sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, í munnlegum málflutningi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hann sagði lagagrein hlutafélagalaga sem ákært er vegna þannig upp byggða að það sé ekki einstaklingur sem sé gerandi, sem veiti lán, heldur hlutafélagið.

Refsingin sem tiltekin er eru sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Gestur sagði alveg ljóst að óheimilt sé að draga stjórnendur til ábyrgðar nema það sé skýrt heimilað í lögum, og það sé einfaldlega ekki í þessu tilviki, enda hafi aldrei fallið dómur þar sem ákært var á grundvelli þessarar lagagreinar hér á landi.

Benti hann ennfremur á að í þessari sömu lagagrein sé ákvæði sem verði ekki túlkað öðruvísi en að séu ólögmæt lán endurgreidd með dráttarvöxtum sé brotið ekki lengur til staðar og ekki hægt að ákæra. Þetta sé ólíkt lagaákvæðum um fjárdrátt og virðisaukaskatt, þar sem ekki skipti máli þó endurgreitt sé eftirá.

Gestur fjallaði í ræðu sinni um meint ólögmæt lán, og sagði í raun furðulegt að saksóknari hafi ekki fallið frá þeim ákæruliðum sem snúa að þeim eftir dóm Hæstaréttar í fyrra Baugsmálinu sem kveðinn var upp í janúar síðastliðnum, en þar skilgreindi dómurinn hvað átt væri við með orðinu lán. Ljóst sé af þeim dómi að ekki sé um ólöglegar lánveitingar að ræða.

BAUGS MÁLIÐ

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, hóf sinn málflutning í gær. Hann gagnrýndi Sigurð Tómas Magnússon, settan ríkissaksóknara, fyrir að hafa ekki gætt jafnt að því sem bendi til sýknu og því sem bendi til sektar, eins og honum hafi borið að gera. Jakob sagði Sigurð Tómas hafa beitt Morfís-brögðum í málflutningi sínum fyrr í vikunni, en Morfís er ræðukeppni framhaldsskólanema. Hann hafi gert lítið úr sakborningum og slíkt sé ekki saksóknara sæmandi.

Jakob gagnrýndi einnig rannsókn lögreglu og endurskoðenda í þeirra þjónustu. Ákært sé fyrir bókhaldsfærslur sem sagðar eru hafa haft áhrif á ársreikning Baugs, en meta verði reikninginn sem eina heild. Lögregla hafi ekki framkvæmt heildstætt mat á ársreikningnum og þeim tölum sem þar standa að baki, sem sé óskiljanlegt.

**brjann@frettabladid.is**



**VARNARLIÐIÐ** Gestur Jónsson átti gólfið mestan part gærdagsins, en Jakob Möller (til vinstri) fékk einnig að stíga í pontu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ORÐRÉTT



*„Ég vil ekki neina frávísun, ég vil sýknu og að menn komist út úr þessu máli.“*

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sagði að þó ákveðinn þáttur málsins hefði ekki verið rannsakaður og það gæti eitt og sér leitt til frávísunar á þeim þætti myndu verjendur ekki krefjast frávísunar.



*„Við Gestur Jónsson, þó við séum öflugir, erum ekki Perry Mason.“*

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, sagði verjendur ætla að sýna fram á skynsamlegan vafa í sumum tilvikum í stað þess að finna hinn seka eins og Perry Mason gerði iðulega í samnefndum sjónvarpsmyndum.



*„Ég er búinn að missa alla kúnnana mína, það þykir gott að fá eitt bréf þessa dagana.“*

Gestur sagði frá bréfi sem ríkislögreglustjóri sendi honum til að boða Jón Ásgeir í yfirheyrslur, en Baugsmálið hefur tekið tíma hans allan undanfarið og aðrir lögmenn sinnt öðrum viðskiptavinum.



*„Til upplýsingar fyrir dóminn, sem er ekki á framhaldsskólaaldri, er þetta ræðukeppni framhaldsskólanna.“*

Jakob skýrði hvað hann ætti við þegar hann sagði saksóknarann hafa beitt Morfís-brögðum í málflutningi sínum, en sagðist reyndar aldrei hafa séð slíka keppni sjálfur.


V O X

RESTAURANT/BISTRO

NÝR OG SPENNANDI BISTRO-SEÐILL

fyrir sanna sælkera

VOX Bistro er með nýjan matseðil þar sem boðið er upp á mikið úrval af ferskum og spennandi réttum. Lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft, þægilega þjónustu og gott verð.

VOX Restaurant er fullkominn veitingastaður fyrir þá sem unna góðum mat, fínu víni og fáguðu umhverfi. Í boði er a la carte matseðill þar sem sérhver réttur er einstök upplifun.

Njóttu þess að gæða þér á gómsætum mat á VOX Bistro eða VOX Restaurant, Nordica hotel.

www.vox.is S. 444 5050

VOX Bistro
Opið alla vikuna
11.30 - 22.30

VOX Restaurant
Opið þri.-lau.
18.30 - 22.30

Nordica hotel
Suðurlandsbraut 2
vox@vox.is

ENNEMM / SÍA / NM26724






# HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!

## Framtíðarbók Kaupþings er góð fermingargjöf

Framtíðarbók er verðtryggður sparireikningur sem ber hæstu vexti á verðtryggðum reikningum bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

Fermingarbörn sem leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðarbók fá 5.000 kr. peningagjöf inn á bókina frá Kaupþingi og flottan bol.

www.kaupthing.is

**444 7000**
HRINGDU & PANTAÐU

KAUPÞING
*Hugsum lengra*




Handtökur í Brussel:

# Spillingarrannsókn hjá ESB

**BRUSSEL, AP** Yfirvöld í Belgíu hafa handtekið ítalskan kaupsýslumann og tvo lágt setta embættismenn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í tengslum við rannsókn á víðtæku spillingarmáli sem snýst um brask með fasteignir sem nýttar eru af skrifstofum framkvæmdastjórnarinnar víða um lönd. Frá þessu greindi talsmaður belgískra dómsmálayfirvalda í gær.

„Þetta snýst um að komast hjá opinberum fasteignaútboðum, fyrir sendiskrifstofur framkvæmdastjórnarinnar í löndum utan Evrópusambandsríkjanna sjálfra," sagði talsmaðurinn, Jos Colpin. **- aa**



**BRASK** Ásakanirnar snúast um ólöglegt brask með fasteignir sendiskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**Á SUÐURLANDSVEGI** Mörg umferðarslys hafa orðið á Suðurlandsvegi undanfarin ár. Það er brýnt að breikka veginn og aðskilja akstursleiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjóvá og Ístak láta hanna nýjan 2+2 Suðurlandsveg:

# Vegur Vegagerðarinnar öruggari

**SAMGÖNGUR** „Við tökum almennt vel í að menn sýni áhuga á uppbyggingu vega svo því fer fjarri að okkur þyki vegið að Vegagerðinni með þessum hugmyndum." segir Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar, en Ístak og Sjóvá hafa látið hanna nýjan 2+2 Suðurlandsveg.

Vegur Ístaks og Sjóvár myndi kosta tæplega átta milljarða króna en Vegagerðin áætlaði nýlega að kostnaður við gerð 2+2 vegar næmi 13,5 milljörðum króna.

„Vegurinn þeirra er ekki sambærilegur þeim 2+2 vegi sem við höfum verið að kynna. Hér er um ódýrari útgáfu að ræða og umferðaröryggi yrði talsvert minna," segir Hreinn. Hann á þar sérstaklega við gatnamótin. Á vegi Ístaks og Sjóvár verða bæði hringtorg og mislæg gatnamót meðan öll gatnamót á 2+2 vegi Vegagerðarinnar yrðu mislæg.

Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, tekur undir með Hreini. „Ég tel skynsamlegra að fara eftir stöðlum Vegagerðarinnar. Í þeirra hugmyndum er gert ráð fyrir lengra bili milli akstursleiða og það er þetta bil sem skiptir mestu varðandi umferðaröryggi," segir Karl. **- þo**




Stækkun í Straumsvík:

# Línur lagðar í jörð

**UMHVERFISMÁL** Línumannvirki við Vallarhverfi í Hafnarfirði verða fjarlægð ásamt stórum hluta spennustöðvarinnar við Hamranes samkvæmt nýju samkomulagi milli Landsnets og Alcan. Þá verða aðrar loftlínur sem nú standa ofan við byggðina settar í jörð nái samkomulagið fram að ganga.

Sjónmengun af völdum raflína er meðal þess sem Hafnfirðingar óttast verði álverið stækkað. Í tilkynningu frá Alcan í Straumsvík segir að með þessu sé komið til móts við óskir bæjaryfirvalda og íbúa á svæðinu.

Hafnarfjarðarbær kemur ekki til með að bera kostnað af þessum breytingum en þær eru háðar því að stækkun álversins verði að veruleika. **- þo**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Landsnet og Alcan hafa samið um að raflínur verði lagðar í jörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

straumsvik.is

Kynntu þér röksemdir fyrir stærra og betra álveri og sjáðu myndband um stækkun álversins í Straumsvík.

ALCAN BETRA ÁLVER


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Sprengitilboð á lambalæri!
38% afsláttur
NÓATÚNS ÞURRKRYDDAÐ LAMBALÆRI
998 kr. kg
20% afsláttur
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR ÞURRKRYDDAÐAR
1.278 kr. kg
25% afsláttur
GOURMET GRÍSAKÓTILETTUR
1.199 kr. kg
20% afsláttur
MCCAIN SUPERFRIES SLÉTTAR
399 kr. kg
MYLLU SPELTBRAUÐ
149 kr. stk.
LÍF SAFI 1 lítri
89 kr. stk.
TEXMATI BROWN RICE
NÓATÚN
2 fyrir 1
30% afsláttur
NÓATÚNS SKINKA
259 kr. pk.
Verði ykkur að góðu!


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
MARSIPANKAKA
MÖNDLUKAKA
Vinarkaka
129 KR.
360g
Innflutt nautahakk
30% afsláttur
við kassann
Ferskt innflutt nautahakk
KÍLÓVERÐ NÚ:
909 KR.
Merkt verð 1298KR.
Hér koma
EKKERT BRUDL
Sjáðu verðið!
Heilar baunir eða malaðar
Nýtt!
Java Mocca
Espresso Roma
Columbia Santos
Kaffið góða frá TE & KAFFI
fæst nú í öllum Bónusverslununum
TE & KAFFI
ÍSLANDS NAUT
Hamborgarabrauð
4 nautahamborgarar
4 hamborgarabrauð
298 KR.
PÁSKA JÓGÚRT
páska Engjaþykkni
með hrísegjum
Komið í Bónus!
Nýtt!
Léttur ab drykkur
epli og gulrætur
Án viðbætts sykurs
Kornbrauð
BÓNUS
1 kíló!
89 KR.
BÓNUSBRAUÐ
1 KÍLÓ
26 sneiðar

# Bónustilboðin!

**Íslands lambasteik**
30% afsláttur við kassann
Beinlaus lambasteik
KÍLÓVERÐ NÚ: 1115 KR.
Merkt verð 1593KR.

HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ: 1171 KR.
Merkt verð 1673KR.

EKKERT BRUÐL

**Ali hamborgarhryggir**
30% afsláttur við kassann

HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ: 1516 KR.
Merkt verð 2166KR.

**Einiberja/villijurta lambalæri**
40% afsláttur við kassann
EINIBERJA/VILLI LAMBALÆRI
kílóverð nú: 1069 KR.
Merkt verð 1781KR.

**Úrbeinað kofareykt Bónus hangikjöt**
40% afsláttur við kassann
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ: 1125 KR.
Merkt verð 1876KR.

Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ: 1519 KR.
Merkt verð 2533KR.

Sjáðu verðið!

**Páskatilboð**
159 KR.
Bónusfeti 250g

**DVD mynd**
1998 KR.

Bónus býður betur!

www.bonus.is

„... hreint út sagt frábær.“

**Ummæli fólks sem lent hefur í tjóni segja mest um þjónustu tryggingafélaga.**

„Ég þurfti að leita til TM vegna tjóns sem varð á búslóð minni í flutningi (örbylgjuofn eyðilagðist í flutningnum) og ég verð að segja eins og er að þjónustan sem ég fékk hjá TM var hreint út sagt frábær.“

Með bestu kveðju, Erla Dóris Halldórsdóttir

**Ánægjuvog tryggingafélaga 2006**




Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir TM þeir ánægðustu af viðskiptavinum tryggingafélaga.

TM Ánægja



ÍSLENSKA SIA.IS TM 36294 03/07

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

Léleg kjörsókn í þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá í Egyptalandi:

# Meirihluti studdi breytingar

**EGYPTALAND, AP** Egyptar samþykktu umdeildar stjórnarskrárbreytingar í þjóðaratkvæðagreiðslu í fyrradag með miklum meirihluta að sögn stjórnvalda, þó að kjörsókn hafi aðeins verið 27 prósent. 36 milljón manns voru á kjörskrá. Tæp 76 prósent þeirra sem greiddu atkvæði voru fylgjandi breytingunum.

Stjórnskipuð mannréttindanefnd sakar stjórnvöld um kosningasvindl. Segir nefndin að eftirlitsmönnum hafi víða verið meinað að fylgjast með og að átt hafi verið við kjörgögn. Einnig að opinberir starfsmenn hafi verið þvingaðir til að kjósa. Stjórnarandstöðuflokkar höfðu hvatt fólk til að sniðganga kosningarnar.



**ATKVÆÐI GREITT** Margir Egyptar taka opinberum tölum um kjörsókn með fyrirvara. NORDICPHOTOS/AFP

Mjög margir tortryggja opinberar tölur yfir kjörsókn. Í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2005 sögðu stjórnvöld kjörsókn hafa verið 54 prósent en í skýrslu dómara landsins kom fram að kjörsókn hefði líklega ekki verið meiri en þrjú prósent.

Hosni Mubarak, forseti Egyptalands, fagnaði niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar og sagði hana sigur fyrir fólkið. Breytingarnar sem kosið var um snúa að starfsemi stjórnmálaflokka, framkvæmd kosninga og auknum heimildum lögregluyfirvalda við rannsóknir á hryðjuverkum. Meðal annars verður stjórnmálaflokkum sem byggja á trúarbrögðum bannað að bjóða fram. **- sdg**



**LÝSING Á ÁRÁSARMANNI**

Árásarmaðurinn sem lögreglan leitar að er sagður vera um 175 til 180 sentímetrar á hæð, sterklegur og axlabreiður með ljóst hár. „Kubbslegur“ eins og lögreglan komst að orði. Líklegt er talið maðurinn sé á milli þrítugs og fertugs. Hann var klæddur í dökkan mittissíðan leðurjakka þegar árásin átti sér stað, samkvæmt lýsingum vitna.

**ÁRÁSARSTAÐURINN** Ráðist var á finnsku konuna eftir að hún hafði verið að skemmta sér með háskólastúdentum í miðbænum. Árásin var sérlega ógeðfelld en íbúi kom konunni til bjargar. Árásarmanninum tókst að flýja af vettvangi, niður á Tryggvagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Árásarmaðurinn gengur enn laus

**Lögregla höfuðborgarsvæðisins leitar enn að karlmanni sem réðst á finnska konu og reyndi að nauðga henni í húsasundi á Vesturgötu. Líklegt er að talið að maðurinn sé milli þrítugs og fertugs. Lögreglan leitar frekari vísbendinga.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan leitar manns sem réðst á finnska konu og reyndi að nauðga henni í húsasundi á Vesturgötu aðfaranótt föstudagsins 9. febrúar. Íbúi í nágrenni við vettvang árásarinnar kom konunni til bjargar og var lögregla þegar kölluð til.

Konan var með greinilega áverka eftir árásina, var marin, blóðug og skelfd.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur kynferðisbrotadeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins rannsakað málið frá því það kom inn á hennar borð. Upptökur úr eftirlitsmyndavélum í miðbænum hafa verið skoðaðar en hafa ekki borið árangur.

Konan, sem er nemandi í Háskóla Íslands, var á leið heim af stúdentafagnaði í miðbænum þegar ráðist var á hana. Konan þekkti ekki til mannsins og var árásin fyrirvara- og tilefnislaus með öllu en maðurinn veitti konunni eftirför þegar hún var á leið heim.

Þegar íbúi í nágrenninu varð var við árásina stóð árásarmaðurinn yfir konunni, hélt henni kverkataki og barði hana. Íbúinn kallaði á árásarmanninn af svölum íbúðar sinnar og hljóp síðan út til að koma konunni til bjargar. **magnush@frettabladid.is**




**MIÐBÆR REYKJAVÍKUR** Árásarmaðurinn komst undan á hlaupum og hefur ekki fundist. Íbúinn sem varð vitni að árásinni elti hann stuttan spöl. Árásarmaðurinn hvarf sjónum á Tryggvagötu. Ef einhver telur sig hafa séð mann, sem lýsingin hér ofar passar við, í nágrenni við staðinn þar sem árásin varð þá er viðkomandi beðinn um að hafa samband við lögreglu höfuðborgarsvæðisins í síma 444 1000.

Landeigendur Óttarsstaða höfða mál gegn Alcan, Hafnarfjarðarbæ og ríkinu:

# Geta ekki nýtt landið

**SKIPULAGSMÁL** Landeigendur Óttarsstaða, skammt vestan Straumsvíkur, hafa höfðað mál gegn Alcan, Hafnarfjarðarbæ og íslenska ríkinu. Landeigendur hugðust skipuleggja íbúabyggð á jörð sinni en landið er innan mengunarsvæðis álversins og því ónothæft til búsetu. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður landeigenda, segir að gerð hafi verið mistök á sínum tíma þegar álverið var reist. „Ríkið semur við ÍSAL um að það megi menga annarra manna lönd án þess í raun að fá leyfi landeigenda eða taka jarðirnar eignarnámi,“ segir Ragnar. Landið sem um ræðir gæfi rúm fyrir um 16.000 manna byggð. Á bilinu 400 til 500 hektarar eru innan svokallaðs svæðis takmarkaðrar ábyrgðar og þar má ekki byggja. Landeigendur krefjast þess að dómurinn viðurkenni að stefndu sé skylt að borga skaðabætur eða kaupa landið á markaðsverði eins og um íbúasvæði væri að ræða.

Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, býst við því að Hafnarfjarðarbær fari fram á frávísun í málinu. „Við teljum að bærinn eigi ekki aðild að þessu máli. Hafnarfjarðarbær var ekki aðili að þessum samningi um svæði takmarkaðrar ábyrgðar á sínum tíma,“ segir Gunnar. Að sögn Gunnars er það vilji Hafnarfjarðarbæjar að svæði takmarkaðrar ábyrgðar verði minnkað til muna. Þar með myndi stór hluti af landi Óttarsstaða vera utan mengunarsvæðis. **- þo**



# Austurland tækifæranna



## Tækifæri til að nýta og njóta

Á Mið-Austurlandi er að myndast öflugur byggðaklasi í skjóli einstakrar náttúru, friðsæll og fjölskylduvænn staður. Hátt í þúsund ný framtíðarstörf bjóðast fólki með margs konar menntun og reynslu. Með eflingu atvinnulífs og fjölgun íbúa skapast fjölbreytt viðskiptatækifæri fyrir hugmyndaríka frumkvöðla.

Sveitarfélög á Mið-Austurlandi hafa kostað kapps um að styrkja innviði samfélagsins og hundruð nýrra íbúðarhúsa eru að rísa. Á svæðinu er yfirbyggður knattspyrnuvöllur, glæsilegar útisundlaugar og frábært skíðasvæði. Þjónusta á Mið-Austurlandi færist stöðugt nær því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu og neytendur hafa úr mörgu að velja. Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar, á landi, í lofti og á sjó.

Tækifæri til hvers konar útivistar eru fjölmörg. Fallegar gönguleiðir eru við hvert fótmál, stærsti skógur landsins og góðir hálendisvegir. Hægt er að stunda hvers kyns veiðar, hestaíþróttir njóta vaxandi vinsælda og golfurum fjölgar stöðugt. Einnig bjóðast frábær tækifæri til afþreyingar, listirnar dafna og íþróttastarfsemi er öflug.

## Síðustu 100 störfin í boði

### Framleiðslustarfsmenn

Okkur vantar fleiri eldhressa starfsmenn í álframleiðslu og málmvinnslu. Til framleiðslustarfsmanna eru ekki gerðar ákveðnar kröfur um menntun eða kunnáttu. Allir fá viðamikla þjálfun og fræðslu í fyrirtækinu. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

### Rafiðnaðarmenn og véliðnaðarmenn

Við leitum að faglærðum rafiðnaðarmönnum og véliðnaðarmönnum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Fjarðaáls. Hjá fyrirtækinu verða um 120 tæknimenntaðir starfsmenn. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

**Öll störf henta bæði konum og körlum.**
**Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl.**
**Viðkomandi munu hefja störf á næstu sex mánuðum.**

AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA

## Gríptu þitt tækifæri

Hjá Fjarðaáli er nú búið að ráða hátt í 300 starfsmenn og við leitum enn að fólki sem vill starfa með okkur, að konum jafnt sem körlum. Konur er nú um þriðjungur starfsmanna hjá Fjarðaáli og hlutfall kvenna af starfsmannafjölda í álveri er hvergi í heiminum jafnhátt.

capacent
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störf hjá Alcoa Fjarðaáli á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.

**www.alcoa.is**

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ALC 36926 03/07

## „ORÐRÉTT“

### Eins gott

**„Ég vil að sjálfsögðu veg óperunnar sem mestan og bestan...“**

STEFÁN BALDURSSON, NÝRÁÐINN ÓPERUSTJÓRI, UM METNAÐ SINN FYRIR HÖND ÓPERUNNAR.

**Morgunblaðið 28. mars.**

### Gullgæs á silfurfati

**„Ég fékk þetta á silfurfati eins og aðrir og mér lá ekkert á.“**

HELGI VILHJÁLMSSON Í GÓU ÁVAXTAÐI PUND SITT VEL ÞEGAR STOFNFJÁRHLUTUR SPARISJÓÐS HAFNARFJARÐAR FJÓRFALDAÐIST VIÐ SAMEININGU HANS OG SPARISJÓÐS VÉLSTJÓRA.

**Fréttablaðið 28. mars.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HULDA G. GEIRSDÓTTIR HESTAFRÖMUÐUR

## Undirbýr hörkukeppni

„Það er helst að fréttá að núna um helgina ætlum við, Gustarar, að halda eitt stærsta mót ársins í félaginu okkar, sem er kvennatöltið,“ segir Hulda G. Geirsdóttir, hestafrömuður með meiru. „Kvennatöltið er orðið sjö ára. Það byrjaði sem hugmynd að leið til að efla þátttöku kvenna í hestaíþróttum. Vægast sagt hefur þetta sprungið út og er eitt vinsælasta töltmót landsins.“

Á mótinu er boðið upp á fjóra styrkleikaflokka, þannig að allir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

„Í fyrra voru vel yfir hundrað skráningar og ég á von á að þetta verði ekki síðra í ár,“ segir Hulda, sem er upphafsmaður mótsins og formaður undirbúningsnefndar.



„Auk þessa hefur starfið í Gusti verið ótrúlega líflegt, þrátt fyrir miklar hræringar í félaginu. Það stefnir í að við förum að flytja á nýtt svæði. Það er bæði tilhlökkun og kvíði sem tengist því. Það verður mikið rót á félaginu á meðan þetta stendur yfir, en við munum fara á enn betra og flottara svæði í framtíðinni. Þrátt fyrir þetta er félagsandinn samur við sig. Dagskráin hefur verið þéttskipuð frá áramótum og svo verður fram í júní.

Á miðvikudaginn 4. apríl verðum við til að mynda með árlega ræktunarsýningu og svo rekur hver atburðurinn annan.“

## HEIÐLÓA: VORBOÐINN LJÚFI

■ Lóan er komin svo vorið hlýtur að vera á næsta leiti. Lóan hefur vetursetu í Vestur-Evrópu en fer yfirleitt að láta sjá sig á Íslandi í lok mars. Um 300.000 lóupör verpa hér árlega og er lóan algeng á láglendi um allt land. Hvergi í heiminum er lóan algengari en á Íslandi og hér er hún alfriðuð. Lóan er í uppáhaldi hjá mörgum og oft sá fugl sem íslensk börn læra hvað fyrst að þekkja. Lóa er líka algengt kvennmannsnafn, 86 konur bera nafnið sem fyrsta eiginnafn og 172 sem seinna eiginnafn. Þá er Lóa einnig algengt gælunafn.



## SJÓNARHÓLL

**TANNSKEMMDIR BARNA**

### Börn eiga ekki að þjást

„Það verður að grípa til aðgerða í þessum málum. Það gengur ekki að íslensk börn séu með mun fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra annarsstaðar á Norðurlöndum,“ segir Ellý Ármannsdóttir, sjónvarpsþula og tveggja barna móðir, um laka tannheilsu íslenskra barna. Hún segir eðlilegt að fyrsta skrefið verði að sameina meðalverð tannlækna og viðmiðunarskrá Tryggingarstofnunar. „Við megum ekki verða það upptekin af sparnaði í kerfinu að það bitni á börnum. Þau eru á ábyrgð okkar allra. Vissulega bera foreldrar mesta ábyrgð á líðan þeirra en ýmislegt getur valdið því að tennur barna séu látnar sitja á hakanum þegar kemur að útgjöldum. Það hefur sýnt sig að börn fólks með slæman fjárhag eru með fleiri skemmdar tennur en önnur. Viljum við að þau þjáist vegna þess hvar í þjóðfélagsstiganum þau eru? Ég held ekki. Ég held að við viljum samfélag sem hlúir að heilsu barna hvaðan sem þau koma.“



**ELLÝ ÁRMANNSDÓTTIR**
Sjónvarpsþula




**GUNNAR INGVARSSON** Segir svarað allan sólarhringinn. Þó komi fyrir að ekki sé hægt að svara, til dæmis ef þeir þurfi að bregða sér í sturtu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vaktir og sofnir nördar á vakt

**Þeir sem standa ráðþrota frammi fyrir tæknivandræðum um óttubil þurfa ekki lengur að örvænta. Tölvunördar BT standa nú vaktina nótt sem nýtan dag og reyna að ráða úr hvers manns tæknilegu örðugleikum á öllum tímum sólarhringsins, alla daga vikunnar.**

„Við ákváðum að bjóða upp á þessa þjónustu þegar Playstation 3 kom á markað og ætlum að prófa þetta aðeins áfram og jafnvel stíga skrefinu lengra ef vel gengur,“ segir Gunnar Ingvarsson, innkaupastjóri afþreyinga hjá tölvuverslunum BT og einn þriggja „BT-nörda“ sem eru á vakt allan sólarhringinn og greiða úr vandamálum tölvunotenda, hvort sem um er að ræða týndar snúrur eða hvernig á að komast í gegnum erfið borð í tölvuleikjum. „Það kemur þó fyrir að við getum ekki svarað, til dæmis ef maður þarf að bregða sér í sturtu,“ segir hann og hlær.“

Gunnar segir að þjónustan hafi gefist vel og símtölin skipti hundruðum nú þegar. Þótt hringt sé á öllum tímum sólarhringsins segist hann þó fá bærilegan svefnfrið. „Það er lítið hringt eftir klukkan tvö á nóttunni og þetta hefur truflað mig lítið.“ Vandamálin sem koma upp eru jafn misjöfn og þau eru mörg, en Gunnar segir þó að vel hafi gengið að ráða úr flestum þeirra. „Sum getum við ekki leyst, annaðhvort eru þau utan okkar sviðs eða þekkt vandamál sem ekki verða leyst í bili. Margir eru í vandræðum með að fá HDMI-tengið hjá sér til að virka, það er fyrir Playstationtölvur í sjónvörp með góða upplausn, en það er lítið hægt að gera í þeim tilfellum nema bíða eftir uppfærslu á stýrikerfið.“

Einnig koma inn á borð nördanna léttvægari vandamál sem auðvelt er að greiða úr. „Fólk er misjafnlega tæknivætt eins og gefur að skilja,“ segir Gunnar. „Sumir skilja ekki hvers vegna kviknar ekki á vélinni og hafa þá gleymt að setja straum á hana. Aðrir finna ekki snúrurnar fyrir stýripinnana en átta sig ekki á að þeir eru þráðlausir. Það er sem betur fer lítið mál að bjarga því.“

Eðli málsins samkvæmt þurfa BT-nördarnir nánast að vera gangandi leiðarvísar um allt sem viðkemur tölvum og tækni. „Ég er óttalegt nörd í þessum efnum; er með PC-tölvu, Playstation og X-Box heima hjá mér. Svo sé ég um innkaup á tölvuleikjum og kvikmyndum, þannig að ég veit mikið sitt úr hvorri áttinni og stend alveg undir nafngiftinni BT-nörd.“

> Sumir skilja ekki hvers vegna kviknar ekki á vélinni og hafa þá gleymt að setja straum á hana. Aðrir finna ekki snúrurnar fyrir stýripinnana en átta sig ekki á að þeir eru þráðlausir.
>
> **GUNNAR INGVARSSON**
> INNKAUPASTJÓRI AFÞREYINGA HJÁ BT

**bergsteinn@frettabladid.is**

120 1886 2006

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fræðslukvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um helstu þætti sem lúta að skattamálum, fjármálum heimilisins, fjárfestingum, ávöxtun eigna og lífeyrissparnaði. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 1. mars | Holtagarðar | Skattar og framtalsgerð |
| | 8. mars | Vesturbæjarútibú við Hagatorg | Skattar og framtalsgerð |
| | 15. mars | Aðalbanki - Austurstræti | Fjármál heimilisins |
| | 22. mars | Hamraborg | Fjármál heimilisins |
| Í kvöld | 29. mars | Mjódd | Fjárfestingar og ávöxtun eigna |

Í kvöld, Mjódd: Farið verður yfir fjárfestingarkosti sem í boði eru, til dæmis skráð hlutafélög í kauphöll og verðbréfasjóði. Einnig verða gefin hagnýt ráð um uppbyggingu eignasafna. Jafnframt verður greint frá því hvar hægt er að nálgast upplýsingar um fjármálamarkaðinn og hvernig þær eru nýttar. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja nýta tækifæri á fjármálamarkaði til að ávaxta eignir sínar.

Boðið verður upp á kaffiveitingar.

2007 MARS APRÍL MAÍ

Skráning á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is
Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SIA.IS/ LBI 36936 03/07

KRÓNAN fyrst og fremst. ... í verðsamkeppni



## Svona erum við

> Ólífuð meðalævi 50 ára Íslendinga árið 2006




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FRAMKVÆMD KOSNINGA UM STÆKKUN ÁLVERSINS Í STRAUMSVÍK

# *Fara fram næstkomandi laugardag*

**Hvað er verið að kjósa um?**
Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 31. janúar síðastliðinn var samþykkt að boða til almennrar atkvæðagreiðslu meðal kjósenda í Hafnarfirði um fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu, sem gerir ráð fyrir stækkun álvers Alcan í Straumsvík í 460 þúsund tonna ársframleiðslu.

Í kjörstjórn sitja Jóna Ósk Guðjónsdóttir formaður kjörstjórnar, Þórður Sveinsson og Þórdís Bjarnadóttir.

**Hvenær fara kosningarnar fram?**
Atkvæðagreiðslan fer fram 31. mars, eða næstkomandi laugardag. Niðurstaðan verður bindandi og mun ráða því hvort fyrirliggjandi deiliskipulagstillaga verður sett í auglýsingu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Í kosningunum verður í fyrsta sinn í Hafnarfirði notast við rafræna kjörskrá, sem þýðir að kjósendur eru ekki lengur bundnir af kjördeildum heldur geta nú farið á hvaða kjörstað sem er til að kjósa.

**Hverjir hafa kosningarétt?**
Allir þeir Hafnfirðingar sem hafa kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum teljast kosningabærir og um atkvæðagreiðsluna gilda í meginatriðum sömu reglur og um sveitarstjórnarkosningar. Á kjörskrá eru alls 16.648 manns.



**Hvar er hægt að kjósa?**
Kjörstaðir verða í Áslandskóla, Íþróttahúsinu við Strandgötu og Víðistaðaskóla. Kjörfundur mun hefjast klukkan tíu að morgni og standa til klukkan sjö að kvöldi. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefur farið fram í Strandgötu 6, annari hæð, og stendur til og með 30. mars. Talning atkvæða mun síðan fara fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu og er reiknað með fyrstu tölum upp úr klukkan sjö á laugardagskvöldið.

## SPURT & SVARAÐ

OFBELDI Í GARÐ LEIGUBÍLSTJÓRA

### *Alvarlegra en áður*



ÁSGEIR ÞORSTEINSSON

Um helgina var ráðist á leigubílstjóra í miðborginni og hann fingurbrotinn. Ásgeir Þorsteinsson er formaður Frama, félags leigubifreiðastjóra.

**Verðið þið vör við aukið ofbeldi í ykkar starfi?** Kannski ekki aukið en það er alltaf að verða verra og það koma alvarlegri dæmi upp.

**Eru leigubílstjórar farnir að forðast miðbæinn af ótta við ofbeldisverk?** Það er til í dæminu að leigubílstjórar séu farnir að forðast miðbæinn vegna þess að það er mikið um að bílar séu skemmdir þar. Hins vegar geta leigubílstjórar lent í ofbeldi hvar sem er og það á ekkert sérstaklega við um miðbæinn.

**Hvað veldur þessu?** Það er nú erfitt að svara því. Ég held að ofbeldi í samfélaginu sé bara almennt að aukast og leigubílstjórar lendi ekkert oftar í því en aðrir.

**Þarf að tryggja öryggi leigubílstjóra betur?** Við erum alltaf að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi og finna leiðir til að tryggja öryggi bílstjóranna. Það er ekki nógu tryggt eins og það er núna.

# Falskar tennur í fermingargjöf á ný

**Formaður Tannlæknafélags Íslands segir tannlækningar nú ódýrari en þær voru fyrr á árum. Samt sem áður sýna rannsóknir að íslensk börn hafa mun fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndum, þá sérstaklega þau sem eiga fátæka foreldra. Doktor við Háskóla Íslands segir að ef þessi þróun heldur áfram verði ekki langt í að falskar tennur verði fermingargjöf á ný.**

„Tannlækningar eru ódýrari nú en þær voru. Aftur á móti greiða fjölskyldur og einstaklingar nú miklu hærri hluta af þeim en var,“ segir Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands.

Viðamiklar rannsóknir á tannheilsu barna sýna að íslensk börn eru að meðaltali með tvöfalt fleiri tannskemmdir en jafnaldrar þeirra í Svíþjóð. Staðan hér er verri en á öllum Norðurlöndunum. Ljóst er að tannskemmdir eru að verða enn tíðari og því áhyggjuefni að kannanir sýna að dregið hefur úr því að gert sé við tennur barna.

**Falskar tennur verði aftur fermingargjöf**
Doktor Inga B. Árnadóttir, forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands, segist undrast áhugaleysi stjórnmálamanna á þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir. „Þetta er mjög alvarlegt mál og ég skil ekki að stjórnmálaflokkar hafi ekki gert þetta að kosningamáli. Við erum með sláandi niðurstöður um tannheilsu barna en viðbrögð stjórnvalda við þeim hafa hingað til aðeins verið að lækka verð á gosdrykkjum. Það er eins og skvetta olíu á eld,“ segir hún.

Inga telur að nauðsynlegt sé að auknu fé verði veitt til málaflokksins og að tannheilsa verði stjórnuð heilsugæsla. Hún segir að ef ekkert verði að gert innan skamms sé hún hrædd um að íslenska þjóðin snúi þrjátíu ár til baka. „Þá þótti ekki undarlegt að börn fengju falskar tennur í fermingargjöf.“

**Þjóðfélagshneyksli**
Sigurður Rúnar Sæmundsson tannlæknir segist ekki taka djúpt í árinni þegar hann lýsir ástandinu sem skelfilegu. „Rannsóknir sýna að 40 prósent sex ára barna hafa fengið tannskemmd. Það þýðir að sum þessara litlu barna hafa fengið margar skemmdir og þjáðst vegna þeirra. Ég vil líta á þetta sem þjóðfélagshneyksli,“ segir hann og bætir við að ólíðandi sé að lítil börn þurfi að gráta sig í svefn vegna tannpínu nú á tímum.

Sigurður segir ástæðuna fyrir þessari þróun felast í því hve margir ráða ekki lengur við að greiða tannlæknaþjónustu barna sinna. Þátttaka ríkisins sé orðin það takmörkuð. Sama upphæð til málaflokksins hafi nánast haldist föst í fimmtán ár. Á þessum tíma hafi endurgreiðsluréttur vegna forvarnaraðgerða á borð við flúormeðferð, röntgenmyndir, fræðslu og reglulegt eftirlit einnig verið mjög takmarkaður. Hann segir athyglisvert að útgjöld Tryggingarstofnunar, sem verulega hafi dregist saman, séu mest skert þegar kemur að forvarnaraðgerðum. Ástæðuna segir hann vera að um forvarnir gildi kvóti á endurgreiðslum. Því fái foreldrar aðeins endurgreidda flúormeðferð einu sinni á ári en ekki sé kvóti á viðgerðum. Það sé öfugt við stefnu annarra Norðurlanda.

„Þetta á ekki að vera sandkassaleikur milli Tryggingastofnunar og tannlækna. Við eigum að gera það sem kemur best út fyrir börnin, óháð því úr hvaða þjóðfélagshópi þau eru,“ segir Sigðurður.

**Mikill verðmunur milli tannlækna**
Engir samningar hafa verið í gildi milli Tryggingarstofnunar og Tannlæknafélags Íslands frá árinu 1999.

Tryggingastofnun metur því endurgreiðslur vegna tannviðgerða ákveðinna hópa, svo sem eldri borgara og barna við sína eigin viðmiðunargjaldskrá. Lögum samkvæmt endurgreiðir stofnunin 75 prósent í viðgerðum sem tilgreindar eru á lista hennar. Sigurjón Benediktsson segir viðmiðunarverð þó helming þess kostnaðar sem fólk þarf í raun að greiða. Auk þess eru verðskrár tannlækna mjög mismunandi enda verðsamráð ólöglegt.

Samkvæmt tölum Tryggingastofnunar er dýrasti tannlæknir landsins 130 prósentum yfir viðmiðunarverðskrá en á ódýrasti 6 prósentum undir henni. Í tilkynningu Tryggingastofnunnar er harmað að jákvæð áhrif frjálsrar samkeppni komi ekki fram. Því hefur Tannlæknafélag Íslands svarað þannig til á heimasíðu sinni. „þar á bæ [Tryggingastofnun] svífist menn einskis til að spara í heilbrigðiskerfinu“. Enn fremur segir að ekki sé traustvekjandi að stofnunin eyði fé og tíma í að fara yfir reikninga tannlækna og eru sjúklingar sjálfir hvattir til að kynna sér verð og þjónustu án þess að miða við „hlutdrægt verðlagseftirlit Tryggingastofnunar“, eins Sigurjón orðar það.

**Í skoðun**
Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að verið sé að athuga hvort nauðsynlegt sé að uppfæra viðmiðunargjaldskrána í fjárlagagerð.

Sterk tengsl eru milli tekna foreldra og fjölda tannskemmda barna og segir Siv að reynt verði að koma til móts við þau með því að bjóða upp á ókeypis tannlæknaskoðanir nokkurra grunnskólaárganga. „Ég tel mjög mikilvægt að við náum slíkum samningum við tannlækna um þessar athuganir. Það hafa þó verið skiptar skoðanir um þessa hugmynd meðal tannlækna,“ segir Siv.



**TANNSKEMMDIR ÍSLENSKRA BARNA** Íslensk börn eru með um helmingi fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra í Svíþjóð. Barnatannlæknir segir ólíðandi að börn gráti sig í svefn út af tannpínu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



INGA B. ÁRNADÓTTIR



SIGURÐUR RÚNAR SÆMUNDSSON



SIGURJÓN BENEDIKTSSON



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Einungis 20 prósent 15 ára unglinga eru með allar fullorðinstennur heilar, ef miðað er við tannskemmdir á lokastigi. 94 prósent unglinga eru með tannskemmdir á byrjunarstigi samvæmt rannsóknum MUNNÍS.



FRÉTTASKÝRING
KAREN D. KJARTANSDÓTTIR
karen@frettabladid.is



VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

**Nám í Danmörku!**

**Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.**

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 29. mars kl. 20.00 í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann.
Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet
ODENSE TEKNISKE SKOLE

# HÆTTI EKKI FYRR EN ÉG FÆ SEÐIL OG KAUPI SVONA BÍL

## Seðillinn styttir þér leið í bílafjármögnun

Avant Seðillinn er nýjung sem gerir fjármögnun bifreiðakaupa einfaldari og fljótlegri en nokkru sinni fyrr. Þú fyllir út umsókn á avant.is og færð svo sendan Seðil í pósti eftir nokkra daga.

Seðillinn er staðfesting á að þú fáir hagstætt bílalán hjá Avant. Þú ferð einfaldlega með hann á næstu bílasölu og kaupir svona bíl. Þægilegra getur það varla verið!




Avant er nýtt fyrirtæki á sviði bílafjármögnunar sem byggir á traustum grunni Sjóvá fjármögnunar.

AVANT
Styttu þér leið

# Verðið

Vorið
**nálgast**
og fermingar
eru í fullum gír

**Nýtt og glæsilegt**
Húsasmiðjublað
**er komið út**

**Stútfullt**
af glæsilegum tilboðum






**Sléttujárn, Remington**
Bæði sléttir og krullar
1804505

**6.990**



**4.990**

**Sléttujárn, Remington**
Hitnar fljótt, keramik og teflonhúðað.
1840813



**4.590**

**Tjald, Santa Barbara**
3 manna, innra lag: polymid öndunarefni, ytra lag: 190T Polyester
130x210 sm með fortjaldi
5869205



**5.490**

**Hárblásari**
2000 W. 3 hita og 2 hraðastillingar.
1840797



**3.590**

**Svefnpoki, Quebec**
1,3 kg, -12°C
3000048

Sama lága verðið
um land allt

# lækkar í Húsasmiðjunni







# 30% afsláttur

## af **allri** páskavöru - mikið úrval



**8.995**
~~12.995~~

**Gönguskór, Nikko**
Stærðir: 36-46
5862900-10



**4.995**
~~6.495~~

**Öryggisskór, S3**
þægilegir, með gel í sóla
5861291-97

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## Útgjöldin

> Verð á rútufargjaldi frá Reykjavík til Selfoss, ein ferð í maí.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

## *Eyðilagði bílinn á leiðinni á bílasölu*

„Verstu kaupin eru klárlega fyrsti bíllinn sem ég keypti,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík.

Erla segist hafa haft augastað á Volkswagen Polo og var á leiðinni á bílasölu á bíl sem henni hafði áður áskotnast. „Og það er kannski ekkert skrítið að ég hafi gert slæm kaup því bíllinn sem ég var á þegar ég keypti Pólóinn eyðilagðist á leiðinni á bílasöluna.“ Bíllinn bilaði á besta stað að sögn Erlu, á hringtorgi, og þurfti hún að ýta honum dágóðan spöl að næsta bílastæði. „Þannig að ég var mjög fljótfær, langaði í Póló og keypti hann á staðnum.“



Erla segist hafa keyrt hæstánægð heim eftir kaupin en sú ánægja var skammvinn þar sem mestan part þess tíma sem bíllinn var í eigu Erlu var hann inni á verkstæði. „Þessi kaup enduðu með því að ég skilaði honum inn í umboðið eftir um það bil sjö mánuði.“

Þegar Erla er spurð um bestu kaupin er hún aðeins lengur að hugsa sig um. „Ætli bestu kaupin séu ekki sjónvarpið sem ég keypti af bróður mínum fyrir tæpum tólf árum síðan fyrir fimm þúsund krónur. Hvort sem það er vegna lítillar notkunar eða ekki þá virkar það endalaust.“

Erla segir ekki koma til greina að skipta því út fyrir flatskjá. „Fjórtán tommur duga mér mjög vel enda horfi ég bara á það allra nauðsynlegasta á borð við fréttir og Boston Legal.“ Spurð hvort brunahætta aukist ekki með árafjölda sjónvarpsins segist Erla hafa slökkvitæki tiltækt við hliðina á því ef ske kynni að það brynni yfir.

## GOTT HÚSRÁÐ
### GRIPPLATA Í STAÐ SUGU

■ *Haraldur Sturluson, trommari Úlpu, kann að spara rafmagn.*



„Mér er það mjög hugleikið þessa dagana að finna upp aðferðir til að spara rafmagn til að mæta aukinni orkuþörf valdhafa. Því hef ég til að mynda skipt út ryksugunni fyrir heimatilbúna blævængi sem gera svipað gagn. Blævængirnir eru þá festir með húsgagnaþvingum á sköflung beggja leggja og virka þannig að öllu ryki er smalað í suðvesturhorn hússins. Síðan er lögð heimatilbúin gripplata ofan á lónna sem dregur allan óþverrann til sín. Gripplatan samanstendur af gamalli Stevie Wonder sjö tommu og svokölluðu „gafferteipi“.“

■ **Matvælaverð:**

## Birgjar lækki verð



Birgjar hækkuðu verð hjá sér í byrjun árs meðal annars vegna veikrar stöðu íslensku krónunnar. Nú hvetja Neytendasamtökin birgja til þess að lækka verðið á ný enda hefur krónan styrkst frá áramótum. Að því er fram kemur á heimasíðu Neytendasamtakanna hafa aðeins þrír birgjar lækkað verðið. Á heimasíðunni eru birgjar hvattir til þess að vera sjálfum sér samkvæmir. Bent er á að ef verð hækki þegar krónan veikist eigi það að lækka þegar krónan styrkist.

■ **Fiskneysla ungmenna:**

## Fáar fiskbúðir á landsbyggðinni

Ný rannsókn sýnir að fiskneysla ungra Íslendinga hefur dregist verulega saman. Margt hefur áhrif á minnkandi fiskneyslu og að sjálfsögðu skiptir máli að auðvelt sé að nálgast fiskinn. Rannsóknin sýnir að fólk á landsbyggðinni hefur ekki jafn greiðan aðgang að fiskbúðum og fólk á höfuðborgarsvæðinu og víða er ekki ein einasta fiskbúð, jafnvel í stórum byggðarlögum. Samt sem áður er fiskneysla ungmenna meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Á landsbyggðinni er líka algengt að fólk kaupi fiskinn beint af sjómönnum í stað þess að leita til sérstakra fiskverslana.



Af fiskbúðum á höfuðborgarsvæðinu eru 48 prósent í miðbæ Reykjavíkur, Vesturbænum og á Seltjarnarnesinu. Fáar fiskbúðir eru í úthverfum þar sem fjölskyldufólkið býr og í Mosfellsbæ og Garðabæ er engin fiskverslun.

■ **Auglýsingar Múrbúðarinnar:**

## Herferð kostar níu milljónir

Múskó-auglýsingaherferð Múrbúðarinnar, þar sem vakin er athygli á „misnotkun viðskiptalífsins á tiltrú neytenda á tilboðum“, eins og segir í kynningu, kostar fyrirtækið um níu milljónir króna.

Karl Óttar Karlsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar, segir að starfsmenn séu orðnir langþreyttir á sífelldri áherslu á afslátt frekar en lágt verð. „Hvað fáum við í afslátt? glymur í eyrum okkar allan daginn. Þetta er alvörumál, því það er búið að eyðileggja verðvitund almennings og í staðinn er komin einhver afsláttarvitund,“ segir Karl.




# Seðilgjald rukkað þótt enginn sé seðillinn

**Þrátt fyrir að gjaldfærslur séu rafrænar lifa seðil- og útskriftargjöld enn góðu lífi, meðal annars hjá Hive. Formaður Neytendasamtakanna segir þetta forkastanleg vinnubrögð og að samtökin muni skoða þetta nánar.**



**Í HEIMABANKA** Þrátt fyrir að reikningar séu flestir komnir á rafrænt form í heimabanka er fjöldi fólks enn rukkaður um seðil- og útskriftargjöld.

Neytendur losna ekki endilega við að greiða útskriftar- og seðilgjöld þó að gjaldfærslan sé rafræn og ekkert þurfi að skrifa út. Fjöldi fyrirtækja rukkar viðskiptavini sína enn um gjöld vegna útprentunar og innheimtu.

Viðskiptavinur Hive hafði samband við Fréttablaðið og kvartaði yfir því að þurfa að greiða 199 króna útskriftargjald af netþjónustureikningi þrátt fyrir að upphæðin væri skuldfærð rafrænt á greiðslukort. Honum þótti furðulegt að þurfa að greiða þetta gjald þegar viðskiptin eru algjörlega pappírslaus.

Arnþór Halldórsson, framkvæmdastjóri Hive, segir að með gjaldinu sé verið að innheimta fyrir beinan kostnað sem hlýst af reikningnum hjá bankakerfinu. Þó að áskriftargjaldið sé skuldfært á greiðslukort þá innheimti bankakerfið samt sem áður gjöld fyrir það.

„Þetta er alveg eins og með alla greiðsluseðla. Öll fyrirtæki sem senda út reikninga gera þetta,“ segir hann. „Þetta er sú leið sem við förum til þess að koma til móts við þær verðhækkanir sem hafa orðið. Frekar en að hækka taxtann gerum við verðskrána okkar gegnsæja.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir með ólíkindum að rukkað sé fyrir útskrifargjald í svona tilviki. „Hér er gengið skrefinu lengra í ósvífni.“ Hann segir að Neytendasamtökin, sem hafa gagnrýnt seðilgjöld, muni skoða reikninga Hive nánar. „Ég lít svo á að þetta sé eðlilegur rekstrarkostnaður og út í hött að setja út í verðlag hjá viðskiptavininum. Með því að innheimta svona lagað er alltaf hægt að auka innheimtur af neytendum.“

Hjá Símanum og Vodafone fengust þær upplýsingar að ef viðskiptavinir óska eftir netviðskiptum, þar sem skuldfært er á greiðslukort, sé ekki rukkað útskriftargjald. salvar@frettabladid.is

**MATUR & NÆRING** ÓLAFUR REYKDAL MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Kornvörur eru auðugar af trefjum og bætiefnum



Kornvörur eru mikilvægar í fæði Íslendinga. Þær eru uppspretta stórs hluta trefjaefna í fæðinu og veita mikilvæg bætiefni eins og fólasín, þíamín (B1-vítamín) og selen. Kornvörur eru fjölbreyttur flokkur enda er um að ræða matvæli eins og brauð, kex, kökur, pitsur, morgunkorn og grauta. Hveiti er sú korntegund sem er langmest notuð í kornvörur. Aðrar mikilvægar korntegundir eru rúgur, bygg, hafrar og hrísgrjón. Einnig kannast margir við speldi (spelt) en það er forn korntegund náskyld hveiti.

Korntegundirnar eiga það sameiginlegt að 60-70 prósent innihaldsins eru kolvetni, fyrst og fremst sterkja. Aftur á móti er sáralítið af sykurtegundum og lítið af fitu. Í brauði er því almennt lítið af sykri og fitu, þótt ekki verði það sama sagt um kökur og kex. Mikilvægt er að beina athyglinni að trefjaefnum í korninu en þau eru fyrst og fremst í ystu lögunum, hýðinu. Trefjaefnin hafa því verið fjarlægð úr hvítu hveiti að talsverðu leyti. Venjulega verður meira eftir af trefjaefnum í mjöli úr rúgi, byggi og höfrum.

Trefjaefni eru flokkuð í vatnsleysanleg og óleysanleg trefjaefni en áhrif þessara flokka eru mjög mismunandi í líkamanum. Óleysanleg trefjaefni meltast sáralítið en eru mikilvæg fyrir heilbrigði ristilsins. Vatnsleysanleg trefjaefni (m.a. beta-glúkanar) geta aftur á móti haft áhrif á efnaskipti kolvetna og fitu; einkum dempandi áhrif á blóðsykur (lágur glykemískur stuðull) og lækkun á styrk kólesteróls í blóði.



Bygg er trefjaríkara en hveiti og auk þess er meira af vatnsleysanlegum trefjaefnum í bygginu. Það má því hugsa sér að auka hollustu brauða með því að blanda byggmjöli saman við hveitið. Hveiti hentar best til að ná lyftingu í brauðum þar sem það er auðugt af glúteni, sem myndar nokkurs konar grind í brauðum. Engu að síður er vel hægt að nota hveiti og byggmjöl til helminga í gerbrauð.

Bygg er eina korntegundin sem er ræktuð á Íslandi í umtalsverðu magni og hafa orðið miklar framfarir á þessu sviði á síðustu árum. Byggið er nú nær eingöngu notað sem skepnufóður en áhugi á hagnýtingu þess til manneldis hefur farið vaxandi. Íslenska byggið hefur reynst vel í brauðgerð og einnig er farið að nota það við framleiðslu á íslenskum bjór.

Bakarí á Íslandi bjóða upp á fjölbreytt úrval af kornvörum og einnig eru ýmsar kornvörur fluttar inn. Neytendur hafa því úr mörgu að velja. Hafa ætti hollustuna í öndvegi og velja einkum kornvörur sem eru ríkar af trefjaefnum en innihalda ekki mikið af sykri og fitu. mni.is




# Leitin að kvittuninni er hafin!

Ef þú **finnur kvittun frá BYKO** um að hafa borgað 7.399 kr. fyrir málninguna á myndinni, þá gætir þú verið á leið í helgarferð fyrir tvo til London.

Undanfarna mánuði hefur BYKO reynt að telja neytendum trú um að 4.990 kr. sé lækkað verð á þessari málningu. Því til sönnunar er birt hærra verð og strikað yfir það. En auðvitað er 4.990 kr. ekkert tilboðsverð nema að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þá þarf málningin hins vegar að hafa verið seld áður á yfirstrikaða verðinu. **Annars er verið að blekkja neytendur.***

Það kemur í ljós **kl. 14.00 í dag**, fimmtudag 29. mars, hversu gott tilboðið er á málningunni frá BYKO. Þá lítum við í Múrbúðinni á hvort einhverjar kvittanir hafi borist sem sýna söluverð upp á 7.399 kr. Ef fleiri en ein kvittun berst, þá drögum við úr þeim og eigandi viðkomandi kvittunar fer á okkar vegum í **helgarferð fyrir tvo til London**.



**Helgarferð til London í býttum fyrir kvittun**

Komdu í Múrbúðina með kvittun frá BYKO, sem er dagsett fyrir 23. mars síðastliðinn, sem sýnir að þú hafir keypt málningu eins og sýnd er á myndinni fyrir 7.399 kr. Kvittunin þarf að vera stíluð á nafn. Ef fleiri en ein kvittun berast, verður dregið úr þeim um helgarferðina.

***Úr lögum nr 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum:**

6. gr. Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar...

14. gr. Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

**Múskó-væðing viðskiptalífsins gengur gegn hagsmunum neytenda**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

## Verum vel á verði!

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.449 **-0,36**

**Fjöldi viðskipta:** 467
**Velta:** 3.774 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petrol.** | +2,41% | **Landsbankinn** | -1,26% |
| **365** | +2,30% | **Tryggingamiðst.** | -1,03% |
| **Actavis** | +2,17% | **FL Group** | -1,00% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,56 +2,30% ... Actavis 75,50 +2,17% ... Alfesca 4,75 -0,84% ... Atlantic Petroleum 638,00 +2,41% ... Atorka 6,94 -0,57% ... Bakkavör 65,40 -0,31% ... Eimskipafélagið 33,80 +0,00% ... FL Group 29,80 -1,00% ... Glitnir 26,60 -0,38% ... Kaupþing 1.024 -0,58% ... Landsbankinn 31,40 -1,26% ... Marel 75,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,80 +0,64% ... Straumur-Burðarás 19,90 -0,50% ... Össur 122,00 -0,81%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Flutningur í Rotterdamhöfn**

Samskip hafa flutt alla starfsemi félagsins í Rotterdam í Hollandi í nýja skrifstofubyggingu við gömlu höfnina. Þar verða höfuðstöðvar fyrir starfsemi félagsins erlendis en yfirstjórn og Íslandsstarfsemin verða eftir sem áður í Reykjavík. Félagið hefur vaxið hratt undanfarin misseri, bæði vegna kaupa á erlendum fyrirtækjum og innri vaxtar. Hingað til hefur starfsemin í Rotterdam verið á þremur mismunandi stöðum. Nýju höfuðstöðvarnar eru hluti af svonefndu DockWorks verkefni við Waalhaven í gömlu höfninni í Rotterdam. Þar hefur gamalt iðnaðarsvæði nú gengið í endurnýjun lífdaga sem svæði fyrir höfuðstöðvar alþjóðlegra flutningafyrirtækja.



**Dauðaleit að kvittun**

Múrbúðin hefur hafið það sem hún kallar „dauðaleit" að kvittun frá BYKO. Sá sem finnur viðkomandi kvittun fær helgarferð fyrir tvo til London í verðlaun. Múrbúðin leitar að kvittun sem sýni að viðkomandi hafi borgað 7.399 kr. fyrir ákveðna tegund af málningu sem BYKO hefur auglýst. „BYKO hefur látið í það skína í auglýsingum sínum að viðskiptavinir fái umrædda málningu með góðum afslætti. Sýnt er yfirstrikað verð upp á 7.399 kr. og tilboðsverð upp á 4.990 kr. Múrbúðin hefur ástæðu til að ætla að BYKO hafi aldrei selt svo mikið sem eina fötu af þessari málningu á 7.399 kr.", segir Múrbúðin og kveður leitina lið í baráttu gegn fyrirtækjum sem rugla neytendur í ríminu með vafasömum tilboðum.

## MARKAÐSPUNKTAR

Landsbankinn mælir með kaupum í bréfum Teymis og hefur hækkað verðmat sitt á félaginu um 14 prósent. Verðmatsgengið er nú 5,77 og 12 mánaða vænt verð 6,77. Þetta er gert í kjölfar niðurgreiðslu skulda, hlutafjáraukningar og sölu á Securitas.

Eimskip hefur vikulegar áætlunarsiglingar á austurströnd Kanada og Bandaríkjanna um miðjan apríl. Siglt verður milli Halifax, Boston, Newark og Portland. Er þetta liður í stefnu félagsins að auka til muna þjónustuframboð sitt í Norður-Ameríku.

Atlantic Petroleum tilkynnti í gær um þá fyrirætlan sína að nýta sér rannsóknaleyfi til olíuleitar í norðanverðu Keltahafi, en svo nefnist sjórinn sunnan Írlands. Gengi bréfa félagsins hækkaði nokkuð í Kauphöllinni við tíðindin.

# Verðmat Storebrand hækkað

## Svissneski fjárfestingarbankinn UBS mælir með kaupum í félaginu.

Svissneski fjárfestingarbankinn UBS mælir með kaupum á hlutabréfum í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand þar sem Kaupþing er stærsti hluthafinn.

Verðmatsgengið hækkar úr 100 krónum á hlut í 112 krónur á hvern hlut. Markaðsgengið stóð í 96 krónum á hlut um hádegisbilið í gær.

Hlutabréf í Storebrand hafa hækkað um fimmtung í mars eftir að Kaupþing og norska tryggingafélagið Gjensidige fengu heimild til að eignast allt að fimmtungshlut í fyrirtækinu. Fastlega er búist við yfirtöku á Storebrand en Kaupþing hefur verið að auka hlut sinn upp fyrir tíu prósent. **- eþa**



**Í OSLÓ** Storebrand við Aker-bryggju í höfuðborg Noregs. Í nýrri greiningu er verðmatsgengi bréfa félagsins hækkað í 112 krónur á hvern hlut.






**STJÓRAR ACTAVIS** Nýtt verðmat Greiningar Glitnis á Actavis er það hæsta sem gefið hefur verið út hingað til. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Actavis hátt metið

## Greining Glitnis hefur hækkað verðmat á Actavis úr 68,1 krónu á hlut í 87 og mælir með kaupum.

Á undanförnum tveimur dögum hefur gengi bréfa í Actavis hækkað um rúmlega fjögur prósent. Hækkunina má rekja til nýs verðmats Greiningar Glitnis á félaginu. Var það hækkað úr 68,1 í 87,7 krónur á hlut. Greiningardeildin telur félagið góðan fjárfestingarkost og mælir með kaupum í því.

Frá því að Actavis blandaði sér í slaginn um samheitalyfjahluta lyfjafyrirtækisins Merck hafa margar greiningar komið út á félaginu, bæði innlendar og erlendar. Verðmatið frá Glitni er töluvert hærra en nýjasta verðmat hinna íslensku bankanna. Hljóðaði það upp á 74,3 krónur á hlut frá Kaupþingi og 81,90 frá Landsbankanum.

Í fyrradag tilkynnti Actavis um kaup á íslenska lyfjaþróunarfyrirtækinu Lyfjaþróun sem er sérhæft í þróun nefúðalyfja. Kaupin falla vel að stefnu Actavis, sem leggur aukna áherslu á lyf sem erfið eru í þróun. Félagið var stofnað árið 2001 og hjá því starfa þrettán manns. Kaupverð var ekki gefið upp. **- hhs**

# Breytinga ekki vænst

Ekki er búist við að Seðlabankinn breyti stýrivöxtum sínum úr 14,25 prósentum í dag, en bankinn kynnir í morgunsárið ákvörðun sína í þeim efnum.

Greiningardeildir bankanna telja engu að síður að þróun hagkerfisins hafi ekki verið bankanum að fullu hugnanleg, enda sé undirliggjandi verðbólga mikil og húsnæðismarkaður hafi ekki látið undan eins og búist var við. Greiningardeild Glitnis banka hefur spáð því að lækkunarferli stýrivaxta hefjist hjá Seðlabankanum í maí, en Landsbankinn og Kaupþing telja að það verði ekki fyrr en í júlí.

Auk stýrivaxtaákvörðunar kemur út í dag hjá Seðlabankanum ritið Peningamál, en þar er fjallað um þróun og horfur í efnahagslífinu. **- óká**

# OMX opnar í Rússlandi

Norræna kauphallarsamstæðan OMX, sem meðal annars á Kauphöll Íslands, hefur skrifað undir samkomulag við kauphöllina í St. Pétursborg í Rússlandi og fjárfesta um stofnun nýs hlutabréfamarkaðar þar í borg fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Fjárfestahópurinn, sem einbeitir sér að innanlandsmarkaði, mun eiga hlut í hinum nýja hlutabréfamarkaði sem fengið hefur heitið Alþjóðlega kauphöllin í Sankti Pétursborg (IXSP).

Horft er til þess að nýi markaðurinn auki vaxtarmöguleika lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Rússlandi og opni þeim aðgengi að erlendu fjármagni án þess að þurfa að skrá sig á erlendan markað. **- jab**



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Norræna kauphallarsamstæðan OMX ætlar að opna hlutabréfamarkað í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# FL færist um flokk

**Fjármálafyrirtæki vega 77% af Aðallista Kauphallar.**

FL Group hefur færst úr iðnaðarvísitölu Kauphallarinnar (ICEX20) yfir í vísitölu fjármálafyrirtækja (ICEX40). Félagið er orðið hreint fjárfestingafélag eftir að það seldi Icelandair og Sterling á fjórða ársfjórðungi í fyrra.

Í Vegvísi Landsbankans er bent á að vægi fjármálafyrirtækja í Aðallista Kauphallarinnar aukist þar með úr 69 prósentum í 77 prósent. Fyrir færslu FL Group var iðnaðarvísitalan tólf prósent af heildarvægi Aðallistans en nemur aðeins fjórum prósentum eftir breytinguna. - eþa



**HANNES SMÁRASON** Vægi fjármálafyrirtækja í Aðallistanum eykst við flutning FL úr iðnaðarvísitölu í vísitölu fjármálafyrirtækja.

# Landsbankinn mælir með Kaupþingi

Greiningardeild Landsbankans mælir með kaupum í Kaupþingi. Samkvæmt nýjasta verðmati metur hún hlutinn í Kaupþingi á 1.058 krónur og sér markgengi eftir tólf mánuði í 1.170 krónum á hlut. Þar kemur meðal annars fram að árið hafi farið vel af stað hjá Kaupþingi en rekstur nýrra eininga í dótturfélögum gangi betur en reiknað var með. Búist er við miklum tekjuvexti hjá FIH á árunum 2008 og 2009. Þá er geta Kaupþings til ytri vaxtar mikil og bendir Lansbankinn á að fjárhagslegur styrkleiki tvíeykisins Kaupþings og Existu, stærsta hluthafans, gefi bankanum færi á að láta mikið til sín taka við þær hræringar sem munu verða á norrænum fjármálamarkaði. - eþa



**KAUPÞING** Höfuðstöðvar Kaupþings banka eru við Borgartún í Reykjavík.

# Eiksalan gefur fjóra milljarða

Kaupþing banki hagnast um sem nemur um fjórum milljörðum króna við sölu á eignarhlut sínum í Eik fasteignafélagi hf.

Bankinn hefur gengið til samninga við Eikarhald ehf. um sölu á öllu hlutafé í Eik, en gengið verður frá viðskiptunum næsta miðvikudag, samkvæmt tilkynningu til Kauphallar. Eikarhald er í eigu Baugs Group sem á tæp 23 prósent, FL Group sem á 49 prósent, Fjárfestingafélagsins Primus sem á rúm 10 prósent og Saxbyggs sem á rúm 18 prósent.

Velta Eikar fasteignafélags var tæplega 1,2 milljarðar króna í fyrra og hagnaður fyrir skatta nam 582 milljónum króna. - óká



**VERKAMAÐUR AÐ STÖRFUM** Vísitala framleiðslukostnaðar í Bandaríkjunum hefur hækkað meira en búist var við.

# Aukinn þrýstingur í BNA

Vísitala framleiðslukostnaðar hækkaði um 1,3 prósentustig á milli ára í síðasta mánuði, samkvæmt útreikningum Vinnumálastofnunar Bandaríkjanna. Til samanburðar dróst framleiðslukostnaður saman um 0,6 prósent á milli ára í janúar. Hækkunin er meiri en búist var við.

Helsta ástæða hækkunarinnar eru vöruverðshækkanir á matvælum, orkuverði og leikföngum. Greinendur segir þessar upplýsingar sýna að sé til staðar verðbólguþrýstingur í bandarísku efnahagslífi og þörf á frekari stýrivaxtahækkunum til að knýja verðbólguna niður. - jab



**WOOLWORTHS** Hagnaður bresku verslanakeðjunnar Woolworths dróst saman um 73 prósent á síðasta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Versta ár Woolworths

Hagnaður bresku verslanakeðjunnar Woolworths nam einungis 16 milljónum punda, jafnvirði tæplega 2,1 milljarðs íslenskra króna, á síðasta ári. Breskir fjölmiðlar segja þetta ekki góðar fréttir fyrir hluthafa fyrirtækisins enda dróst hagnaðurinn saman um 73 prósent á milli ára. Afkoma Woolworths hefur aldrei verið verri og er undir væntingum greinenda.

Dagblaðið The Scotsman hefur eftir Trevor Bish Jones, forstjóra Woolworths, að staðan sé fjarri því að vera ákjósanleg. Í uppgjöri verslanakeðjunnar kemur hins vegar fram að hagræðingaaðgerðir keðjunnar og fjárfestingar muni skila sér í betri afkomu á árinu. - jab




Nordica hotel
Suðurlandsbraut 2
S. 444 5050
www.vox.is

VOX Restaurant
Opið þri.-lau.
18.30 - 22.30

VOX Bistro
Opið alla vikuna
11.30 - 22.30

VOX
RESTAURANT/BISTRO



**1.290**

1.940

Vnr. 68316410

**Stórgreinaklippur**

LUX stórgreinaklippur.



**2.490**

3.461

Vnr. 68315205

**Hekkklippur**

LUX hekkklippur.



**3.990**

5.892

Vnr. 79291069

**Hjólbörur**

GINGE hjólbörur, 90 ltr.



**27.900**

Vnr. 50632103

**Gasgrill**

ELEGANT UNION gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar. og efri grind. 12.9kW, Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.



**14.900**

Vnr. 50630100 OUTBACK

**Gasgrill**

OUTBACK OMEGA 200 gasgrill. Stærð 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þrýstijafnara, slöngu og grillsteinum.



**44.900**

Vnr. 50630104 OUTBACK

**Gasgrill**

OUTBACK HUNTER PLUS gasgrill, 60x50 cm grillflötur, 3 brennarar, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárni, emelerað stál og ál. Neistkveikjari, hitamælir, efri grind þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samansett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.

## LANDSLAGS-ARKITEKT

***Skráning og nánari upplýsingar hjá skiptiborði BYKO í síma 515 4000 milli kl. 9-17 virka daga.***

Pantaðu núna!

**515 4000**

Vnr. 50614015

**Geislahitari**

Geislahitari 1,3W, IP54 vatnsþolinn, hitar allt að 8 m².



**18.900**

***Frábær og hagkvæm lausn á pallinn. Hitinn fýkur ekki burt.***

AGA

**Gashylki**

Nú er hægt að fá gashylki og áfyllingu í öllum verslunum BYKO á góðu verði.

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Nú getur þú valið á milli tveggja hylkjastærða.





# 9.990
~~15.690~~

BOSCH

Vnr. 74890039

**Keðjusög**

BOSCH AKE 30 keðjusög.



# 4.990
~~6.690~~

BOSCH

Vnr. 74890004

**Hekkklippur**

BOSCH AHS 30 hekkklippur, sverðlengd 42 cm, 390W.



FRÁBÆRT VERÐ!

# LÆGRA VERÐ

*í verslunum BYKO*



# 39.900

Vnr. 50632111

**Gasgrill**

ELEGANT UNION ryðfrítt gasgrill með 3 brennurum, pottjárn í steikargrind, grillflötur 66x50 cm. Neistakveikjari, grillsteinar, hitamælir, steyptir brennarar. og efri grind, 12.9kW. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.



# 49.900

Vnr. 50632308

**Gasgrill**

OUTBACK

OUTBACK ELITE SPIRIT gasgrill, 60x50 cm grillflötur með þremur brennurum, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárn, emelerað stál og ál, neistakveikjari, hitamælir, efri grind þrýstijafnari og grillsteinar. Kemur samansett fyrir utan fætur og hliðarborð. Fitubakki, mjög auðvelt að hreinsa. Þrýstijafnari og slanga fylgir.




Vnr. 50632116/8

**Yfirbreiðsla**

Yfirbreiðsla fyrir tveggja eða þriggja brennara gasgrill.

Verð frá

**2.490** kr.

## GRILL-FYLGIHLUTIR Í ÚRVALI

GRILLPRO

*Grillgrindur, grillsteinar, yfirbreiðslur. Allt til að hreinsa og endurnýja grillið.*

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Spennan eykst vegna handtöku bresku sjóliðanna í Íran.

## Hættuleg deila

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Íranar hafa komið af stað alvarlegri milliríkjadeilu með því að handtaka í lok síðustu viku fimmtán brezka sjóliða, sem voru við eftirlitsstörf í umboði Íraksstjórnar og Sameinuðu þjóðanna innst í Persaflóa. Bretar fullyrða og segjast hafa fyrir því sannanir að sjóliðarnir voru í íraskri lögsögu þegar sérsveit íranska Byltingarvarðarins tók þá höndum með vopnavaldi á hafi úti. Íranar halda því fram að sjóliðarnir hafi verið í íranskri lögsögu og þar með gert fjandsamlega „innrás“ á íranskt yfirráðasvæði.

Þrátt fyrir að brezkir ráðamenn hertu tóninn í garð Írana með hverjum deginum sem liðið hefur frá handtökunni, hafa Íranar sinnt því í engu og aðeins tilkynnt að verið væri að yfirheyra sjóliðana og að þeir hlytu mannúðlega meðferð.

Atvikið minnir um margt á svipað mál sem kom upp árið 2004. Þá handtóku Íranar átta brezka sjóliða á sömu slóðum, í Shatt-el-Arab-ósnum, en um hann liggja landamæri Íraks og Írans. Í það sinn sluppu hinir handteknu eftir nokkra óþægilega sólarhringa í íranskri prísund.

En hvað veldur því að svona ónauðsynlegar deilur rísa upp úr þurru, í þeirri miklu spennu sem ríkir á milli aðila um þessar

*Við þessar aðstæður þarf ekki mikið til að kveikja í púðurtunnunni.*

mundir? Handtakan var gerð daginn áður en öryggisráð Sameinuðu þjóðanna greiddi atkvæði um hertar refsiaðgerðir gegn Íran vegna hinnar umdeildu kjarnorkuáætlunar Íransstjórnar. Jafnframt hafa talsmenn Breta og Bandaríkjamanna í Írak haldið því fram, að Íranar stæðu á bak við ýmsar ofbeldisaðgerðir í Írak. Skyldu írönsku byltingarverðirnir hafa hugsað sér að hægt væri að nota brezku sjóliðana sem skiptimynt fyrir þá fimm liðsmenn íranska Byltingarvarðarins sem eru í haldi bandamanna í Írak, sakaðir um samsæri og vopnasmygl? Eða kannski var hugmyndin sú að nota málið til að þétta samstöðu Írana gegn ytri fjendum ríkisins, og bagga niður í innlendum gagnrýnisröddum sem sakað hafa Mahmoud Ahmadinejad forseta um að skaða hagsmuni Írans með ögrunum sínum út á við? Það bendir ýmislegt til að byltingarverðirnir vilji nýta þetta nýjasta atvik, sem þeir voru sjálfir upphafsmenn að, til að ýfa upp ný átök við hin hötuðu Vesturlönd.

Á sama tíma og þessu fer fram standa Bandaríkjamenn að stærstu flotaæfingu á Persaflóa sem þeir hafa nokkru sinni efnt til á því viðkvæma hafsvæði, en Íranar hafa ítrekað mótmælt veru bandarísks flota þar úti fyrir ströndum Írans. Það dylst heldur engum að hinn mikli flotastyrkur, sem Bandaríkjamenn hafa komið sér upp á Persaflóa sé beint gegn Íran, sem áminning um hernaðarlega yfirburði bandamanna.

Við þessar aðstæður þarf ekki mikið til að kveikja í púðurtunnunni. Það er því vonandi að fortölur og friðsamlegar samningaviðræður dugi til að leysa deiluna um sjóliðana. Vindi deilan enn meira upp á sig veit enginn hvert hún kann að leiða.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Meint annarleg tengsl

Meðal þess sem rekast má á í netheimum er ötult aðhald með fjölmiðlum landsins sem er hið besta mál. Eitt af því sem stundum er gagnrýnt eru meint annarleg tengsl viðmælenda fjölmiðla. Dæmi úr liðinni viku eru ummæli Eiríks Bergmanns Einarssonar, dósents í stjórnmálafræði, í blaðinu Blaðinu um stefnu Sjálfstæðisflokksins. Segir Eiríkur að andstaða flokksins við aðild að Evrópusambandinu gangi gegn hefð flokksins. Þótti einhverjum óeðlilegt að Eiríkur, sem er varaþingmaður Samfylkingarinnar, tjái sig í fjölmiðlum um stefnu Sjálfstæðisflokksins með slíkum hætti.



### Eiríkur mærir Geir

Þeir sem hafa áhyggjur yfir því að varaþingmaður Samfylkingarinnar hafi horn í síðu Sjálfstæðisflokksins hafa þó væntanlega andað léttar í gær við lestur á bloggi Eiríks þar sem hann fer fögrum orðum um formann flokksins.

„Sannleikurinn er nefnilega sá að mér líkar afskaplega vel við Geir og ber fyrir honum djúpstæða virðingu, bæði sem manni og stjórnmálamanni. Við erum ekki alltaf sammála en staðreyndin er eigi að síður sú að fáir menn eru jafn vel að því komnir að sitja í stóli forsætisráðherra. Ég hef líka lítillega fengið að kynnast Geir persónulega. Þau kynni hafa sannfært mig um að þar fer gegnheill maður og góður leiðtogi fyrir sitt lið.“

### Brandarar í aðdraganda kosninga




Kosningabaráttan tekur á sig ýmsar myndir í aðdraganda kosninga. Ein af þeim skemmtilegri eru brandarar sem verða til í herbúðum flokka. Þó að ekki sé vitað um uppruna þessa brandara fær hann að flakka hér:

„Veistu hver er munurinn á Campari og Samfylkingunni? Bæði rauð og bitur, en Campari nær samt 21%.“ sdg@frettabladid.is

# Skýrar víglínur um Evrópu



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Evrópumál

Í tengslum við Iðnþing 2007 fengu Samtök iðnaðarins Capacent Gallup einu sinni enn til að kanna hugi Íslendinga til inngöngu í Evrópusambandið (ESB). Niðurstaðan reyndist svipuð og jafnan áður síðan mælingar hófust 1990. Meiri hluti þjóðarinnar er enn sem fyrr hlynntur því, að Íslendingar hefji aðildarviðræður við Sambandið, eða 58 prósent. Mun fleiri Íslendingar eru hlynntir aðild að ESB en eru henni andvígir, eða 43 prósent gegn 34.

Með þessari kynningu á afstöðu þjóðarinnar til Evrópumálsins og með því að tefla eins og einatt áður fram viðeigandi og skynsamlegum rökum í málinu innsigla Samtök iðnaðarins sérstöðu sína meðal samtaka atvinnulífsins og launþega. Samtök iðnaðarins hafa hag félagsmanna sinna sýnilega að leiðarljósi líkt og systursamtök þeirra í nálægum löndum. Samtök atvinnulífsins og Alþýðusambandið standast ekki enn þetta einfalda próf og eru því að þessu leyti eftirbátar systursamtaka sinna í grannlöndunum. Atvinnulífssamtök og alþýðusambönd allra annarra Evrópulanda hafa tekið skýra afstöðu með og barizt fyrir aðild landa sinna að ESB, án undantekningar.

Viðhorfskönnunin á vegum Samtaka iðnaðarins er markverð meðal annars fyrir birtuna, sem hún bregður á stjórnmálaflokkana og væntanlega kjósendur þeirra. Skoðum tölurnar, og byrjum á Vinstrihreyfingunni - grænu framboði, því að þær tölur kunna að koma helzt á óvart. Í Evrópumálinu slá hjörtu kjósenda Vinstri grænna í takt við hjörtu þjóðarinnar í heild, því að 58 prósent þjóðarinnar eru hlynnt því að taka upp viðræður við ESB um aðild eins og áður sagði gegn 27 prósentum, sem eru andvíg viðræðum. Meðal Vinstri grænna eru hlutföllin svipuð og meðal allra Íslendinga, eða 61 prósent hlynnt viðræðum á móti 29. Andstæðingar ESB eru því minnihlutahópur í flokki Vinstri grænna. Svipuð mynd blasir við, þegar spurt er um aðild að ESB frekar en aðildarviðræður. Hér er spurt, hvort menn séu tilbúnir að taka afstöðu til aðildar án þess að bíða eftir

*Það er eðlilegt, að okrarar óttist ESB: þeir vilja helzt fá að okra áfram í friði fyrir samevrópsku eftirliti. Eiga aðrir atvinnurekendur og frjálslyndir kjósendur samleið með Sjálfstæðisflokknum við þessar kringumstæður?*

úrslitum aðildarviðræðna, svo að nokkru færri taka þá afdráttarlausa afstöðu. Meðal væntanlegra kjósenda Vinstri grænna eru 40 prósent hlynnt aðild að ESB á móti 36 prósentum, sem eru andvíg aðild. Með þjóðinni í heild eru tölurnar 43 prósent með aðild gegn 34 eins og áður kom fram. Vinstrihreyfingin - grænt framboð virðist með þessu vera að segja sig úr lögum við skylda flokka yzt á vinstri væng stjórnmálanna í nálægum löndum, enda mælist fylgi Vinstri grænna nú í skoðanakönnunum á bilinu 20 til 25 prósent.

Meiri hluti kjósenda Frjálslynda flokksins er einnig sama sinnis og þjóðin í Evrópumálinu. Meðal frjálslyndra kjósenda eru 43 prósent hlynnt aðildarviðræðum við ESB á móti 29 prósentum, sem eru andvíg viðræðum. Afstaða frjálslyndra til aðildar að loknum viðræðum er ámóta skýr: 43 prósent þeirra eru hlynnt aðild að ESB á móti 32 prósentum, sem eru andvíg aðild. Þetta eru svipaðar tölur og fyrir þjóðina í heild. Það virðist því ljóst, að andstaða Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna við aðild að ESB stríðir gegn vilja meiri hluta væntanlegra kjósenda beggja flokka. Um Samfylkinguna þarf ekki að hafa mörg orð, afstaða hennar hefur nokkuð lengi legið fyrir og yfirgnæfandi hluti væntanlegra kjósenda hennar er hlynntur aðildarviðræðum (86 prósent gegn 6) og aðild (67 prósent gegn 12). Um Framsóknarflokkinn þarf ekki heldur að orðlengja. Meiri hluti væntanlegra kjósenda hans er andvígur bæði aðildarviðræðum (49 prósent gegn 43) og aðild (51 prósent gegn 24). Það er umhugsunarefni handa þeim, sem héldu, að Framsóknarflokkurinn væri að breytast úr bændaflokki í frjálslyndan Evrópuflokk.

Hvað um Sjálfstæðisflokkinn? – eina breiðvirka borgaraflokk álfunnar, sem berst gegn aðild að ESB. Að vísu eru 46 prósent væntanlegra kjósenda Sjálfstæðisflokksins hlynnt aðildarviðræðum við ESB gegn 40 prósentum, sem eru andvíg viðræðum. En meiri hluti sjálfstæðismanna er þó andvígur aðild, eða 49 prósent gegn 32 prósentum, sem eru hlynnt aðild. Sjálfstæðisflokkurinn er utanveltu. Andstaðan gegn ESB-aðild er mun meiri í Sjálfstæðisflokknum en meðal Vinstri grænna. Það er eðlilegt, að okrarar óttist ESB: þeir vilja helzt fá að okra áfram í friði fyrir samevrópsku eftirliti. Eiga aðrir atvinnurekendur og frjálslyndir kjósendur samleið með Sjálfstæðisflokknum við þessar kringumstæður?

# Þeir fiska sem róa

UMRÆÐAN

Fiskveiðistjórnun



FRIÐRIK ARNGRÍMSSON

Ellert B. Schram, varaþingmaður Samfylkingarinnar, skrifaði á dögunum grein í Fréttablaðið þar sem hann lýsir meðal annars upplifun sinni af fundi í Háskólanum í Reykjavík sem haldinn var til að fjalla um frumvarp formanna stjórnarflokkanna um breytingar á stjórnarskránni. Í greininni segir Ellert á sinn hátt frá því þegar ég innti Kristrúnu Heimisdóttur frambjóðanda Samfylkingarinnar eftir því hvort hún teldi að ríkið gæti gert aflaheimildir sem útvegsmenn hafa keypt upptækar, án þess að greiða bætur fyrir.

Rétt er í þessu samhengi að minna á að það er eitt af grundvallaratriðum stjórnskipunar réttarríkisins Íslands að eignarrétturinn er friðhelgur. Það er einnig meginforsendan fyrir því að á Íslandi er rekinn arðbær sjávarútvegur að þeir sem eiga veiðiheimildirnar fara með þær sem sína eign. Ríkið hefur allar heimildir til að setja reglur um veiðarnar, þ.m.t. hversu mikið má veiða af hverri tegund, hvar stunda má veiðar, á hvaða tíma, með hvaða veiðarfærum o.s.frv. Hagsmunir þjóðarinnar og útvegsmanna fara algjörlega saman við nýtingu fiskistofnanna enda eiga engir meira undir en útvegsmenn að veiðarnar séu stundaðar á sjálfbæran hátt með langtímahagsmuni í huga.

Ellert þarf ekki að leggjast í þunglyndi yfir því að þeir sem hafa keypt veiðiheimildirnar hafi fengið eitthvað „gefið“ frá honum eða öðrum Íslendingum. Þá mætti Ellert gleðjast yfir því að útvegsmenn hafa byggt upp veiðireynslu fyrir Ísland með því að sækja í stofna utan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ellert var og er í lófa lagið að kaupa veiðiheimildir eins og aðrir útvegsmenn ef hann hefur áhuga á að slást í hóp þeirra. Hann fengi þá fljótt þá ábyrgðartilfinningu sem fylgir því að þurfa að standa við skuldbindingar sínar og eins myndi hvati hans til að fara vel með þessa eign sína strax leysast úr læðingi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri LÍU.*



### TÍSKUGOÐ

Þokkagyðjan Dita Von Teese vekur hvarvetna athygli fyrir útlit í anda leikkvenna frá gullaldarárum Hollywood.

TÍSKA 6



### BARNAFÖT

Verslunin Lykkjufallið, sem til þessa hefur sérhæft sig í fötum fyrir verðandi og nýbakaðar mæður, býður nú líka upp á barnaföt.

TÍSKA 5



## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]

**Stuttir** jakkar eins og Jackie Onassis klæddist gjarnan á sjötta áratugnum eru nú aftur komnir í tísku. Sömuleiðis rykfrakkar og rauðir skór.



**Eldhústæki** úr sýningareldhúsum Einars Farestveit & Co. hf. eru nú seld með afslætti í Borgartúni 28. Nánari upplýsingar veittar í síma 520 7900.

**Meðgönguleikfimi** hefst 10. apríl í Hreyfingu. Leikfimin fer fram undir stjórn stjórn hjúkrunarfræðinga sem eru sérhæfðir í þjálfun kvenna á meðgöngu. Nánar á www.hreyfing.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 29. mars, 88. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.58 | 13.33 | 20.09 |
| Akureyri | 6.58 | 13.33 | 20.09 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigurgeir segir að ef að hann verði einhvern tímann leiður á veggnum máli hann bara yfir hann aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Ekkert mál að mála vegg

***Sigurgeir Finnsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur, er með svolítið sérstakan vegg í stofunni heima hjá sér sem hann og Þóra Þorsteinsdóttir, sambýliskona hans, máluðu sjálf.***

„Okkur var búið að langa til þess að brjóta stofuna einhvern veginn upp og vorum að velta því fyrir okkur að veggfóðra en svo var það eiginlega Þóra sem fékk þá hugmynd að við myndum bara mála eitthvert mynstur á vegginn í staðinn,“ segir Sigurgeir.

Hugmyndina að mynstrinu á veggnum fundu þau í mynsturbók sem var á heimilinu. „Þóra var með svona uppskriftabók með alls konar mynstrum í því hún var búin að vera að teikna á einhverjar jólakúlur. Hún byrjaði svo eiginlega bara á miðjum veggnum og vissi ekkert hvað myndi verða. Hún var aðallega í þessu en ég hjálpaði til við að klára og þetta tók kannski svona tvær vikur í allt,“ segir Sigurgeir.

Veggurinn í stofunni er ekki fyrsti veggurinn sem Sigurgeir málar svona sjálfur. „Þegar ég var unglingur málaði ég einu sinni herbergið mitt í öllum mögulegum litum, bæði veggi og loft og seinna málaði ég einn vegginn í því með því að sletta nokkrum litum á hann með pensli. Ég er hrifnastur af litríkum veggjum og finnst bara hrikalegt að hafa allt hvítt, það er svo leiðinlegt og stofnanalegt.“

Sigurgeir segir að þau séu mjög ánægð með útkomuna á veggnum. „Við erum eiginlega ekki með neitt við þennan vegg nema einn stóll svo hann fær alveg að njóta sín. Hann sést meira að segja inn um gluggann og fólk sem gengur framhjá hefur verið að dást að honum. Ef fólk vantar eitthvað að gera yfir sjónvarpinu þá er bara mjög góð afþreying að mála vegg og ég mæli alveg með því. Ef við verðum leið á veggnum er líka ekkert mál að mála bara yfir hann aftur.“

*emilia@frettabladid.is*

HURÐADAGAR





**Leikfimisbolirnir** eru á leið inn aftur, hvort sem maður vill eður ei. Silfur, gull og diskó einkennir bolina, sem má nota við buxur eða pils. Eða bara eina sér við leggings ef sá gállinn er á manni.
















allt auglýsingasími 550 5880



Rósa Björg Ásgeirsdóttir og Svala Ingólfsdóttir eru hrifnar af kjólunum sem þær klæðast í sýningunni. MYND/HEIÐA.IS

# Ekta leikmunir gera sýninguna skemmtilega

***Freyvangsleikhúsið í Eyjafjarðarsveit er 45 ára um þessar mundir. Saga Jónsdóttir segir skemmtilegt að vinna með áhugamönnum.***

„Leikritið gerist árið 1958 og svo skemmtilega vill til að kjólarnir sem ungu stelpurnar klæðast eru einmitt frá þessum tíma,“ segir Saga Jónsdóttir leikstjóri, sem leikstýrir leikritinu „Prímadonnurnar“ eftir Ken Ludwig, sem sýnt er í Freyvangsleikhúsinu í Eyjafjarðarsveit. Rauði kjóllinn er eign systur minnar, Heklu Geirdal, en hún er ótrúleg með að geyma kjóla, þennan t.d. í fimmtíu ár,“ segir Saga og bætir við að það sé afar hentugt að fá að gramsa í kjólasafni systurinnar þegar búninga vanti fyrir uppsetningar. „Græni kjóllinn kemur upphaflega frá Þóru Borg leikkonu og hefur farið nokkrar krókaleiðir en er nú kominn upp á svið í Freyvangi.“

Leikkonurnar, Rósa Björg Ásgeirsdóttir og Svala Ingólfsdóttir, eru afar hrifnar af kjólunum sem þær fá að klæðast í sýningunni. „Mér sýnist að þessi tíska sé að koma aftur,“ segir Saga og bætir við að það sé gaman að hafa leikbúninga og hluti ekta, frá því tímabili sem leikritið gerist, en það er Þórarinn Blöndal gerir leikmyndina, sem er afar falleg.

Uppselt hefur verið á nær allar sýningar leikhússins en sýnt er um helgar. „Freyvangsleikhús heldur upp á 45 ára afmæli sitt um þessar mundir en leikhúsið hefur verið virkt nánast allan þann tíma. Fólkið í sveitinni er afar áhugasamt um leikhúslífið og helmingi fleiri vildu fá að taka þátt en hlutverk voru fyrir,“ segir Saga og bætir við að það sé afar skemmtilegt að vinna með áhugamönnum. „Þau eru svo fagmannleg þarna í Freyvangsleikhúsinu og ég dáist að því hvað þau taka þetta alvarlega og vilja gera þetta vel. Það á reyndar við um þau áhugaleikfélög sem ég hef unnið með undanfarið. Mikill áhugi og metnaður.“

*indiana@frettabladid.is*



Saga segir fólkið í sveitinni afar áhugasamt um leikhúslífið en Freyvangsleikhúsið heldur upp á 45 ára afmæli sitt um þessar mundir. MYND/HEIÐA.IS






## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Fjöldaframleiðsla með stjörnuglamúr

Nærri hvert tískuhús hefur á sínum snærum í það minnsta eina stjörnu. Þessi manneskja er andlit tískuhússins út á við í auglýsingum, sendiherra lífsstíls og fágunar. Áður voru þetta nærri eingöngu kvikmyndastjörnur á síðum glanstímarita en sá tími er liðinn. Nú leita sífellt fleiri fjöldaframleiðslufyrirtæki til popp- eða kvikmyndastjarna eða jafnvel íþróttamanna til að sitja fyrir og leika í auglýsingum. Hér í landi er það nú kallað people-à-porter (fólk til að vera í) sem kemur frá prêt-à-porter-fatnaði (tilbúið til að vera í). Ástæðan er sú að fyrirtækin vilja gefa vörum sínum aukið gildi, meiri glamúr, sem aftur hækkar verðið.

Wentworth Miller (Prison Break) er andlit Gap í herratískunni og ekki er langt síðan Sarah Jessica Parker (Sex and the City), sem nú er sjálf að setja á markað sína eigin tískulínu, kynnti kvenlínu Gap. Eva Longoria (Desperate Housewives) auglýsir Morgan og reyndar líka L´Oreal. Ef vel er að gáð sést hversu miklu ljóshærðari Eva var í byrjun 3. þáttaraðarinnar en áður, einmitt eftir að hún fór að auglýsa L´Oreal hárlit!

Á fimmtudag kom í búðir ný tískulína H&M, hönnuð af Madonnu. Undanfarin þrjú haust hefur H&M fengið heimsfræga hönnuði til liðs við sig. Fyrst Karl Lagerfeld, svo Stellu McCartney og nú síðast Viktor og Rolf. Í hvert skipti voru vörurnar rifnar út úr búðunum og því áttu margir von á því að vorlína Madonnu fengi sömu viðtökur, sérstaklega í ljósi auglýsingaherferðarinnar sem var í gangi áður en flíkurnar komu í búðir, en auglýsingamyndin var líkt og SM-ádeila á Djöfullinn klæðist Prada. En allt kom fyrir ekki. Tískulína Madonnu fór hægt af stað, án allrar hysteríu. Sumir hafa skýrt það þannig að fötin séu einfaldlega allt of klassísk og einföld og minni lítið á áberandi stíl Madonnu, sem hefur sýnt ýmsar ansi skrautlegar hliðar á sér í gegnum tíðina. Skemmst að minnast síðustu tónleikaferðar hennar með búningum Jean-Paul Gaultier. Eru reyndar uppstéttarlundúnaleg eins og Madonna sjálf um þessar mundir. Almenningur hefur ekki trú á Madonnu sem hönnuði enda má spyrja hvað




hún sé að vilja upp á dekk, henni dugi ekki að semja tónlist, skrifa bækur og leika í myndum heldur vilji hún vera tískuhönnuður í ofanálag. Kannski að 96 milljóna dollara árslaun eins og hún hafði 2006 nægi henni ekki til framfærslu?

Stjörnurnar hafa sömuleiðis tekið til sín stóran skerf af ilmvatnsmarkaðnum (J-Lo, Céline Dion, Sarah Jessica Parker og fl.), ilmvatnsframleiðendunum til ama. Því til hvers að kaupa Chanel Nr. 5 sem kostar sex sinnum meira en ilmvatn frá uppáhaldsstjörnunni á innan við 2.000 kr.?

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Renn sést hér á tískusýningu Jean-Paul Gaultiers.

# Fyrirsæta í yfirstærð

***Fyrirsæta í myndaþætti Vogue notar stærð 42, sem þykir til tíðinda.***

Sífellt fleiri innan tískuiðnaðarins vinna nú markvisst að því að útiloka fyrirsætur undir kjörþyngd. Ameríska Vogue hefur bæst í hópinn með því að hafa 12 síðna myndaþátt með fyrirsætunni Crystal Renn. Hún notar stærð 42.

Hún er tvítug og hóf ferilinn fjórtán ára. Renn átti um tíma við ýmis heilsufarsleg vandamál að stríða, sem mátti rekja til þess að hún var langt undir kjörþyngd. Hún tók sér hlé frá störfum til að huga að heilsunni og sneri aftur í tískuheiminn eftir að hafa bætt á sig og notar nú stærð 42. Þess má geta að stærð 42 hentar vel venjulegum konum en telst yfirstærð í fyrirsætubransanum. *- rve*


Kjólar við buxur - ný sending



Stærðir 38-46

verð 5.990,-

FLASH

Laugavegi 54, sími 552 5201



allt matur

Alla föstudaga


## Jákvæð áhrif

SOTHYS BÝÐUR UPP Á ÚRVAL GÓÐRA ANDLITSKREMA.

Frá Sothys koma margs konar snyrtivörur en kremin frá þeim hafa notið töluverða vinsælda undanfarin ár. Nýlega sendi þessi þekkti framleiðandi frá sér bæði dag-, nætur- og augnkrem. Dagkremið kallast THI3. Það gefur af sér góðan raka, nærir húðina og er því kjörið undir farða.

Næturkremið, Noctuelle, inniheldur meðal annars ávaxtasýrur og C-vítamín, en hvort tveggja hefur mjög jákvæð og uppbyggileg áhrif á húðina. Ávaxtasýrur henta til dæmis þeim sem hafa línur í húðinni, opnar svitaholur og þurra eða óhreina húð.

Secrets-augnkremið hefur þrefalda virkni en það vinnur meðal annars gegn línum, baugum og þrota undir augunum.

Þetta ágæta augnkrem hefur verið prófað af augnlæknum en það ber að nota bæði kvölds og morgna. *- mhg*





Handsmíðaðir skartgripir til fermingargjafa



ANNA MARÍA DESIGN

GULLSMIÐUR



Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036



Flottar vörur fyrir stelpur á öllum aldri
t.d. töskur, skartgripir, náttföt, inniskór
og sokkar í öllum litum og gerðum.
Úrval af gjafavörum.
Sjón er sögu ríkari.



FUNKY FISH

FUNKY FISH

Glæsibæ sími 517 7709


















Kristjana notaði Petite Bohéme púður frá Lancomé til að lýsa m.a. svæðið fyrir ofan efri vör, nefið, enni og hæsta hluta kinnbeina.



So Bronzed sólarpúður frá Helenu Rubinstein var notað til að búa til skyggingu.



Á þessari skýringarmynd má sjá hvaða svæði á að dekkja og hvaða svæði á að lýsa til þess að andlitsdrættirnir njóti sín sem best.

# Kanntu að farða þig?

***Að lýsa og skyggja réttu staðina dregur fram það fallegasta í andlitinu.***

Nýlega var fjallað stuttlega um það hér í Fréttablaðinu hvernig réttast er að nota farða. Ekki dugar að bera hann á andlitið eins og hvert annað krem, heldur þarf að beita ýmsum brögðum til að áhrifin komi sem best út. Ef rétt er staðið að verkinu má jafnvel ná fram svipuðum áhrifum og þegar búið er að tölvuvinna mynd í Photoshop.

Á myndinni hér til hliðar er sýnt með litum hvaða svæði ber að lýsa og hvaða svæði á að dekkja.

Kristjana Guðný Rúnarsdóttir, förðunarmeistari hjá Termu, farðaði Stellu Sverrisdóttur eftir þessum kúnstarinnar reglum, en fyrirmyndina má finna í bók förðunarsnillingsins Kevyns Aucoin, Making Faces. Sólarpúður og svokallaðir „highlighters" duga vel til þess að draga fram ákveðin svæði, en einnig má notast við hyljara eða annað fljótandi sem er ljóst á lit. Lýsinguna má meðal annars setja fyrir ofan efri vör, niður eftir nefinu, efst á kinnbeinin, á miðju augnloksins og á mitt ennið, í raun á þá staði þar sem óskað er eftir áherslu. Skyggingar eru svo notaðar til að draga fram lögun kinnbeinanna, augnsvæðisins, til að skerpa kjálkalínuna og svo framvegis – og þá er bara að draga fram réttu græjurnar og byrja að æfa sig. *- mhg*



Stella Sverrisdóttir, fyrir förðun og skyggingar.



Hér er búið að skyggja andlitið eftir kúnstarinnar reglum. Takið eftir því hvernig áhersla er lögð á rétta staði.



Nýi Spectacular farðinn frá Helenu Rubinstein hylur vel og gefur um leið raka í húðina. Hann er sérlega endingargóður og helst jafn yfir húðina frá morgni til kvölds.



Eftir að búið var að bera rakakrem á húðina bar Kristjana svokallaðan Star Bronzer á sem undirlag fyrir farðann. Þetta gerir það að verkum að húðin fær fallegan ljóma sem skín í gegn.



Fairy Dust púður frá Helenu Rubinstein má nota á svipaðan hátt og Petite Bohéme púðrið frá Lancomé en það er ekki eins ljóst og hið fyrrnefnda. Það hentar vel á stærri svæði eins og enni og bringu.



Frelsishetjan Che Guevara fer vel á mosagrænum galla.



Audrey Hepburn á ungbarnagalla. Nokkuð nýstárlegt. Verðið er 3.490 kr.



Bómullargalli frá Stardust, merktur kónginum Elvis. Verð 3.490 kr.



Mjúk fígúra. 3.200 kr.

# Hlýleg, mjúk og töff föt fyrir minnsta fólkið

***Verslunin Lykkjufallið, sem til þessa hefur sérhæft sig í fötum fyrir verðandi og nýbakaðar mæður, býður nú líka upp á barnaföt.***

Ungbarnapeysur sem eru eins og smækkuð mynd af lopapeysum fanga strax augað þegar komið er inn í verslunina Lykkjufallið í Garðastræti 2. Peysurnar eru handprjónaðar úr hárfínu ullargarni sem þolir mildan þvottavélaþvott og eru merktar prjónakonunni Guðrúnu Hjaltadóttur. Barnagallar með áprentuðum áletrunum og myndum af stjörnum fortíðarinnar eru líka nokkuð nýstárlegir og óneitanlega töff. Úr vænu bómullarefni og fást í ýmsum litum. Einnig eru nuddsamfellurnar vinsælu fáanlegar með teikningum af þeim línum sem árangursríkt er að strjúka til að auka vellíðan barnanna.

*- gun*



Handprjónuð barnapeysa eftir Guðrúnu Hjaltadóttur úr 100% ull en má samt þvo í þvottavél á mildu prógrammi. Verð 12.450 kr.



Ungbarnapeysa úr blöndu af ull og polyester, hönnun Sigrúnar Baldursdóttur. Verð 4.450 kr.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA









Augljós áhrif frá sjónvarpsþáttunum Deadwood, þótt sumir séu á því að þarna megi einnig greina áhrif frá kvikmyndinni Brokeback Mountain.



Franco blandaði nútímalegum klæðnaði saman við kúrekafatnað.

## Landnemar með bert á milli laga

NÝJASTA FATALÍNA ANTHONYS FRANCO Í SKEMMTILEGUM KÚREKASTÍL.

Tískuvikan í Los Angeles hefur verið undirlögð af kvenfatatísku í gegnum tíðina. Karlfatnaður var þó meira áberandi á sýningarpöllunum nú en oft áður og vakti framlag Anthonys Franco sérstaka athygli.

Franco, sem er sjálflærður fatahönnuður, sendi frá sér fatalínu í kúrekastíl. Sjálfur segist hann meðal annars hafa sótt innblástur til sjónvarpsþáttanna Deadwood, sem sýndir voru í sjónvarpinu um skeið, og segja af samnefndum bæ þar sem byssuglaðir kúrekar á borð við Billy the Kid Wild Bill Hickok og Wyatt Earp óðu uppi.

Á sýningunni mátti sjá fyrirsætum bregða fyrir í landnemabúningum, föðurlandi, kúrekastígvélum og kúrekahöttum, í bland við nútímalegan fatnað eins og mótorhjólajakka og leðurgrifflur. Andlitsförðunin var nokkuð óvenjuleg og minnti helst á meðlimi hljómsveitarinnar Kiss þegar þeir voru upp á sitt besta.

Fleiri hönnuðir sýndu karlfatnað í ögn kúrekalegum stíl, þótt flestir kysu að fara hefðbundnari leiðir en Franco. Þannig voru strigaskór, gallabuxur og stutt-ermabolir nokkuð áberandi, eins og von og vísa er í Los Angeles, þar sem sólin skín hátt á himni allt árið um kring.

*- rve*



Berir brjóstkassar voru nokkuð áberandi á sýningunni.








Dita gerðist nektardansmær um tvítugt og er alltaf troðfullt á sýningum hennar.



Dita segist aðeins einu sinni hafa leitað til stílista. Þegar hann rétti henni gamaldags skó og gallabuxur til að fara í, rak hún hann á staðnum.

TÍSKUGOÐ

# Stríðnispúki með dýran smekk

***Þokkagyðjan Dita Von Teese vekur hvarvetna athygli fyrir útlit í anda leikkvenna frá gullaldarárum Hollywood.***

Dita, eða Heather Renée Sweet eins og hún heitir réttu nafni, fæddist 28. september 1972 í Rochester, Michigan, þar sem hún ólst upp hjá foreldrum sínum. Hún fékk snemma áhuga á gömlum kvikmyndum og sígildum fatastíl fyrir tilstuðlan móðurinnar sem var kvikmyndaaðdándi og hafði gaman af því að klæða dótturina upp eins og gömlu kvikmyndagyðjurnar.

Aðeins fimmtán ára var Heather farin að vinna í undirfataverslun til að geta verið innan um blúndunærföt og sokkabönd og keypti sér þar fyrsta lífstykkið sitt. Allar götur síðan hefur hún notið þess að klæðast dýrindis undirfatnaði og skartklæðum.

Heather lærði ballet frá fimm ára aldri en hætti fimmtán ára þar sem hún taldi sig ekki geta orðið betri. Hún nýtti sér hins vegar danstæknina þegar hún ákvað að gerast nektardansmær um tvítugt og gat sér fljótlega góðs orðs fyrir erótískar sýningar, þar sem aldrei var farið yfir strikið og fjaðraskúfar, skart, hælaskór, uppháir hanskar, lífstykki og ögrandi undirfatnaður komu því meir við sögu.

Um það leyti tók Heather upp sviðsnafnið Dita og bætti eftirnafninu Von Treese við þegar hún sat fyrir hjá Playboy 2002. Vegna mistaka datt r-ið úr eftir nafninu í prentun svo eftir stóð Teese, sem minnir á orðið „tease“ eða stríðni. Ditu fannst það svo sniðugt að hún hefur komið fram undir því nafni síðan.

Dita hefur fært út kvíarnar síðustu ár, meðal annars leikið í kvikmyndum og tónlistarmyndböndum, setið fyrir og sýnt fatnað. Hún er þó þekktust fyrir nektarsýningarnar og hvað svo sem mönnum kann að þykja um lífsviðurværið, ber flestum saman um að þar fari kona með fágaðan fatasmekk sem á sér fáa líka. *- rve*



Dýrir skartgripir og íburðarmikill fatnaður í anda fjórða áratugarins eru á meðal helstu einkenna Ditu.



Dita kemur einnig fram á alls kyns sýningum og er eftirsótt fyrirsæta og sýningarstúlka.



Dita og söngvarinn Marilyn Manson voru par frá árunum 2001-2006, gift síðasta árið þar til Dita sótti um skilnað vegna óásættanlegs ágreinings.




## Húðslípun og kælandi, stinnandi krem

Frá Lancôme komu nýlega á markaðinn tvær nýjungar í áburðum sem ætlaðir eru á líkamann. Annars vegar er um að ræða Slim Sucsess kremið sem hefur kælandi áhrif á húðina og kemur þannig blóðrásinni af stað. Kremið virkar einnig vatnslosandi, dregur úr appelsínuhúð og hefur almennt stinnandi áhrif. Hin varan er Resurface Microdermabration líkamsáburður en hann inniheldur örkristalla sem slípa húðina á líkamanum líkt og þegar farið er í húðslípimeðferð fyrir andlit á snyrtistofu. Dauðar húðfrumur fara af húðinni, misfellur slípast til og öll áferð húðarinnar verður fallegri. *- mhg*




Resurface Microdermabrasion áburðurinn inniheldur meðal annars míkróörkristalla sem slípa húðina á líkamanum líkt og þegar farið er í húðslípimeðferð á snyrtistofu.

Slim Success kreminu er ætlað að draga úr appelsínuhúð og losa um vatnssöfnun í líkamanum.



**Vatn** er nauðsynlegt til að viðhalda heilsu og heilbrigði. Hausverkur, þreyta og slen stafar oft bara af vatnsskorti. Drekkið tvo lítra af vatni á dag, þá haldist þið hress.

# Undirbúningur og viðhorf skiptir öllu máli

***Þegar hætt er að reykja getur verið gott að finna sér eitthvað sem hægt er að gera í staðinn til þess að minnka reyklöngunina þegar hún kemur upp. Ingibjörg Katrín Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur stjórnað námskeiðum á vegum Krabbameinsfélagsins og getur gefið þeim sem vilja hætta að reykja góð ráð.***

„Tóbaksfíkn er svolítið flókin þar sem hún er líkamleg, félagsleg, sálræn og vanabundin. Mikilvægt er að átta sig á sínu eigin reykingamynstri og tengslum við sígarettuna til þess að geta búið sig undir að vera reyklaus,“ segir Ingibjörg.

Þeir sem hætta að reykja finna flestir reglulega fyrir sterkri reykingalöngun til að byrja með en hún stendur sem betur fer ekki lengi yfir í hvert skipti að sögn Ingibjargar. „Reykingalöngunin stendur bara yfir í svona tvær til þrjár mínútur í einu en það þarf einhvern veginn að reyna að komast í gegnum þær án þess að fá sér sígarettu. Til dæmis getur verið gott að fá sér kalt vatn með sítrónu eða fara út að labba, hver verður eiginlega að finna sitt ráð. Öll hreyfing er hins vegar mjög góð þegar hætt er að reykja þar sem því fylgir ákveðin streita. Stundum er líka einhver ákveðinn tími dagsins erfiðari en annar og þá er gott að breyta eitthvað til og hafa nóg að gera á þeim tíma. Ef að reykingalöngunin er til dæmis alltaf sterkust seinni partinn þegar komið er heim úr vinnu getur verið ágætt að fara að stunda líkamsrækt á þeim tíma eða gera eitthvað annað.“

Ingibjörg bendir á að þeir sem hafi áhuga á að hætta reykingum sínum geti orðið sér úti um alls konar efni hjá Lýðheilsustöð, Krabbameinsfélaginu, Ráðgjöf í reykbindindi og í apótekum og bókabúðum. „Ég ráðlegg öllum sem vilja hætta að reykja að undirbúa sig sem best. Þeim mun betri sem undirbúningurinn er, þeim mun meiri árangurs má vænta. Það er líka nauðsynlegt að vera búinn að byggja upp jákvæða ímynd af sjálfum sér sem reyklausum einstaklingi áður en hætt er og horfa jákvætt á reykleysið, ekki líta á það sem fórn heldur frelsi.“ *emilia@frettabladid.is*



Ingibjörg segir að gott sé að fara að stunda einhverja líkamsrækt þegar hætt er að reykja.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hitapúði

HEITAR HENDUR.

OBH Nordica-hitapúðarnir eru fullir af vökva og þar í liggur lítil málmplata. Þegar málmplatan er beygð fram og til baka þá hitnar vökvinn sjálfkrafa og er þá hægt að hita hendurnar með honum. Eftir dálitla stund harðnar púðinn og kólnar smám saman. Hann má þó nota aftur í allt að 500 skipti því ef púðinn er vafinn í tusku eða viskustykki og soðinn í potti í um 10 mínútur þá mýkist hann upp aftur. Það er bara að beygla málmplötuna að nýju og nota hann aftur og aftur. Handahitararnir fást í Ormsson í Smáralind og kosta 1.490 krónur, parið.




Silíkonvörur í eldhúsið.

## Hafragrautur á húðina

HAFRAGRAUTUR ER GÓÐUR HÚÐHREINSIR.



Flestir vita hversu hollur hafragrautur er. Færri vita hins vegar að hann er einn besti húðhreinsir sem völ er á.
Hafragrautur er nefnilega fínlegt svarfefni, sem hefur róandi áhrif á húðina og er sérstaklega góður fyrir þá sem eru með fituga eða blandaða húð. Hún verður fallega slétt strax eftir fyrstu notkun.
Lítið mál er að búa til heimagerðan húðhreynsi úr hafragraut. Það sem þarf eru tvö til þrjú laufblöð af aloe vera jurtinni, 2 matskeiðar af hunangi, tvo dropa af blágresisolíu og jafnmarga dropa af pálmaolíu, einn bolla af möndlum og annan af hafragraut. Blandið öllu vel saman og nuddið húðina. Skolið síðan í burtu með volgu vatni. *- rve*

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga



Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr.
á mán í 3 mán .- Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr.
á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717



## Lýðheilsa

GUÐRÚN FÖNN TÓMASDÓTTIR
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

## Þegar lunga fellur saman

Lungun eru klædd örþunnri himnu sem kallast fleiðra. Hún er í tveimur lögum og liggur annað lagið utan á lungunum en hitt lagið þekur brjóstkassann að innan. Við öndun myndast neikvæður þrýstingur milli laganna tveggja sem á þátt í að halda lungunum þétt upp við innanverðan brjóstkassann. Komist loft milli fleiðrulaga (á milli lunga og brjóstveggs), til dæmis vegna rifu á lunga, fellur lungað inn á við frá brjóstveggnum. Stærð loftbrjóstsins fer eftir því hversu mikið loft nær að komast milli fleiðrulaga en loftið getur í verstu tilfellum þrengt svo að lunganu að það fellur alveg saman og verður algjörlega óstarfhæft.

Loftbrjóst er tiltölulega algengur sjúkdómur. Sjálfkrafa loftbrjóst er algengast en eins og nafnið gefur til kynna myndast það án nokkurs áreitis eða fyrirvara. Talið er að ástæða þess sé rof á örsmáum blöðrum á yfirborði lungans og loftið kemst þannig á milli lunga og brjóstveggs með fyrrgreindum afleiðingum.

Sjálfkrafa loftbrjóst er algengast í ungum og hávöxnum karlmönnum. Rannsóknir benda til þess að reykingar séu stór áhættuþáttur fyrir sjálfkrafa loftbrjósti. Einnig eru lungnasjúkdómar mikilvægur áhættuþáttur en huga þarf sérlega vel að þeim sem fá loftbrjóst og eru með veikburða lungu fyrir.

Sjúkdóminn ber yfirleitt brátt að með skyndilegum og slæmum takverk, andþyngslum og ef til vill hósta. Einkennin geta komið fram við áreynslu en yfirleitt gera þau vart við sig í hvíld og jafnvel í svefni. Oftast er verkurinn mjög sár enda mikið af skyntaugum í fleiðrunni. Þó ber að hafa í huga að lítið loftbrjóst getur verið einkennalaust og erfitt að sjúkdómsgreina.

Til að greina loftbrjóst er tekin röntgenmynd af lungunum. Ef loftbrjóstið er lítið lagast það gjarnan af sjálfu sér á nokkrum dögum. Stærri loftbrjóst þarf að meðhöndla með plaströri sem er lagt í gegnum brjóstvegginn í staðdeyfingu en það hleypir lofti út úr fleiðruholinu. Þannig ná hin tvö lög fleiðrunnar saman og lungað nær aftur að þenjast út að fullu. Þetta getur tekið nokkra daga en þegar slíkt þan sést endurtekið á röntgenmynd er rörið fjarlægt og sjúklingur getur útskrifast.

Í sumum tilfellum þarf að gera aðgerð á lungum í svæfingu til að stoppa loftlekann og er það gert með því að hefta fyrir gatið á lunganu. Þetta er einkum gert ef um endurtekið loftbrjóst er að ræða en getur í vissum tilfellum átt við fyrsta loftbrjóst. Í flestum tilfellum er aðgerðin ekki mjög stór og sjúklingar útskrifaðir af sjúkrahúsi innan nokkurra daga.

*Unnið í samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*

allt tíska
Alla fimmtudaga

**Rafmagnið** er varhugavert. Best er að kippa öllu úr sambandi áður en farið er að sofa. Og sérstaklega áður en farið er í páskafríið.






Hér sjást hönnuðirnir með einn stólinn á milli sín, frá vinstri: Tinna Gunnarsdóttir, Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir og Sigríður Sigurjónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ný kollalína sýnd í New York

***Þrír íslenskir hönnuðir gera það gott með húsgagnahönnun.***

Hönnuðirnir Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Tinna Gunnarsdóttir höfðu notið farsældar í starfi og þekkst í nokkurn tíma þegar þær ákváðu að hefja samstarf. Útkoman er samvinnuverkefnið Tuesday Project, húsgagnalína sem samanstendur af kollum úr íslensku birki.

„Hugmyndin að kollunum er sprottin upp úr þriðjudagsfundunum okkar, við fórum að hittast öll þriðjudagskvöld eftir að samstarfsverkefnið bar fyrst á góma,“ útskýrir Guðrún og bætir við að þaðan sé heitið Tuesday Project komið. „Við vorum sammála um strax frá byrjun að búa til kollalínu, eingöngu gerða úr íslensku hráefni og svo fór að birki varð fyrir valinu. Hver kollur er alveg einstakur og nánast gerður úr sama trénu.“





Að sögn Guðrúnar hafa kollarnir vakið töluverða athygli frá því að þeir litu dagsins ljós fyrir ári. „Viðtökurnar hafa verið góðar og þeir vöktu töluverða eftirtekt á sýningu á Mílanó á síðasta ári.“ Velgengnina má vafalaust að einhverju leyti rekja til góðs samstarfs á milli hönnuðanna þriggja, en Guðrún segir aldrei hafa kastast í kekki á milli þeirra frá því að hugmyndin kom fyrst upp á borð. Enda sé þetta fyrst og fremst gæluverkefni til að hafa gaman af.

Þótt hönnuðirnir séu önnum kafnir hver í sínu lagi hittast þeir enn öll þriðjudagskvöld út af verkefninu og eru núna að hanna nýja kolla. „Þessir verða öðruvísi skreyttir en síðast þótt þeir séu hannaðir út frá sömu hugmynd,“ segir Guðrún. „Hingað til höfum við notað gull, silfur og kopar til skrauts, en ætlum að breyta aðeins til, þótt íslenskur efniviður verði alfarið notaður eftir sem áður.“

Meira vill Guðrún ekki gefa upp um nýju línuna að sinni, annað en að hún verði höfð til sýnis á samsýningu sjötíu íslenskra hönnuða á Kjarvalsstöðum 19. maí og í New York í lok sama mánaðar. Það er því ekki um annað að velja en að mæta á staðinn vilji maður svala forvitninni. Nánari upplýsingar um hönnuðina og Tuesday Project er að finna á www.tuesdayproject.com.

*roald@frettabladid.is*

Kollarnir eru gerðir úr íslensku birki og skreyttir með gulli, silfri og kopar.







## Heimili og skóli hefja útgáfu veftímarits

LANDSSAMTÖK FORELDRA, HEIMILI OG SKÓLI, ERU FARIN AÐ GEFA ÚT MÁNAÐARLEGT VEFRIT UM MÁLEFNI ÞEIRRA.

Vefritið nýja hefur fengið nafnið Samstíga. Með þessari útgáfu vilja samtökin efla tengsl við félagsmenn sína og velunnara. Vefritið mun koma út einu sinni í mánuði og er ætlunin að kynna það helsta sem er á döfinni.

Samtökin hvetja félagsmenn og aðra til að senda ábendingar um áhugaverð mál, nýjungar eða vel unnin störf í tengslum við heimili og skóla. Ritstjóri veftímaritsins Samstíga, er Ólöf Dagný Óskarsdóttir.

Fyrsta tölublaðið má sjá á vef samtakanna þar sem einnig er hægt að skrá sig á útsendingalista. Sjá www.heimiliogskoli.is. *-rh*



Samtökin Heimili og Skóli eru nýbyrjuð að gefa út vefritið Samstíga.

allt tilboð
Alla föstudaga



# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

## Gult er gleðin sjálf

Það er engin tilviljun að guli liturinn er litur páskanna. Gult er tákngervingur skilaboðanna og vitnisburðarins. Líka gullsins, virðingarinnar og hollustunnar við hinn milda húsbónda. Gult er glaðvær litur sem við tengjum við sól, hlýju og vorið. Gult er skærasti litur litrófsins og hefur mestan ljóma allra lita. Sálræn áhrif gula litarins á okkur eru lífgandi, örvandi og hvetjandi jafnframt því sem hann er jafn slakandi og afslappaður eins og sóleyjabreiðurnar í þessum fáu sagnfræðilegu túnum sem enn eru eftir á Íslandi og staðið hafa af sér endalausa endur-ræktunar-rútínu-nútímabænda. Sjónræn áhrif gula litarins eru skær, létt, opin, geislandi, lýsandi, lífleg, framsækin, hrein og sprengjandi. Og þegar hér er talað um gult er átt við sóleyja-gult, ekki hinn dapra gulbrúna lit sem örlaganornir úthlutuðu strætisvögnum höfuðborgarsvæðisins. Gult hefur sérstök tengsl við ljónsmerkið – þess vegna getur það því skipt um ham og merkingu þegar mæðir á í þeirri tengingu og breyst í andhverfu sína og þá orðið tákngervingur svika, öfundar, afbrýði og veikinda. Slíkt hefur þó líklega sjaldan gerst á síðari tímum.



Páskalilja

**Páskablóm í vasa**

Að sjálfsögðu eru gul blóm eiginlega sjálfskipuð í sess páskablómanna. Og þar er svo sannarlega gott úrval. Í blómvendina notum við gula túlipana og gular páskaliljur. En það er sjaldan gott að setja þessar tegundir saman í vasa eða vönd vegna þess að páskaliljan gefur frá sér slímkenndan vessa sem fer út í vatnið og hefur fremur slæm áhrif á túlipanana. Hvort tveggja fer betur í vasa eitt og sér en það má gjarna stinga einni eða tveim gulum „páskagreinum“ af birki eða forsýtíu með. Afskorin laukblóm þurfa ekki blómanæringu í vasavatnið en þau standa betur ef skipt er um vatn daglega. Notið kalt kranavatn og skerið ögn neðan af stilkunum með hvössum hníf annan hvern dag.

Svo fást auðvitað afskornar gular rósir. Ef ekki er búið að undirbúa þær fyrir langt vasalíf með því að skáskera stilkana og bregða þeim andartak ofan í sjóðheitt vatn, þá er það gert um leið og þær eru settar í vasann. Þetta á eiginlega bara við „búntrósir“ sem seldar eru á bensínstöðvum og í matvöruverslunum. Í blómabúðunum er ávallt búið að gera þetta þegar rósirnar eru afhentar. Notið volgt vatn í vasana fyrir rósirnar og blandið blómanæringunni, sem fylgir þeim, í vatnið.



Vorbegónía



Vorkrýsa

**Páskablóm í pottum**

Gulir pottakrýsar og gular vorbegóníur eru vinsæl og falleg pottablóm sem eiga sinn stað vísan hjá mörgum um páskaleytið. Blómin standa lengi og lýsa upp hvar sem er. Haldið jöfnum raka á moldinni. Ef begónían fær daufa áburðargjöf vikulega endist hún langt fram á sumar. Krýsinn þarf aftur á móti engan áburð og er búinn að gera sitt á svo sem sex til sjö vikum. Það er flottast að kaupa tvær til þrjár plöntur af hvorri tegund og láta þær standa saman á stóru fati eða í víðri skál. Þá fylla þær betur og njóta sín til hlítar. Krýsann er líka hægt að fá í grunnum skálum, þá myndar hann lágan og breiðan blómabrúsk. Og önnur planta er nú orðin jafn sjálfsögð og páskaeggin á flestum heimilum, en það er „míni-páskaliljan“ sem venjulega er bara seld undir nafninu – og alltaf í fleirtölu – „tetur“. Teturnar eru harðgerð páskaliljutegund sunnan úr Pýreneafjöllum og getur alveg staðið utandyra hér eftir að þessi tími er kominn og ekki gerir gadd-grimmdarfrost. Það þarf bara að velja þeim áberandi og skjólgóðan stað, þá springa þær hægt og bítandi út og lúta klukkum sínum í margar vikur, oft mánuð eða tvo. Innanhúss eru teturnar falleg skreyting í nokkra daga en fölna fljótt í stofuhitanum. Það er hægt að grafa laukana niður í moldarbeð úti í garðinum og vonast eftir að þær skjóti þær upp kollinum síðar og mörg ár framvegis. Oftast gerist það.

# *Blúndublikur á lofti*

***Skýjabakkinn eftir Ingu Elínu Kristinsdóttur myndlistarmann er skúlptúr og nytjahlutur úr keramik og gleri. Hann er til sýnis í Epal.***

„Mér þykir mjög gaman að búa til verk sem hægt er að nota í tengslum við mat,“ segir Inga Elín. Hún hefur opnað sýningu á diski í Epal sem hentar vel sem kökudiskur eða ostabakki og sómir sér líka vel sem listaverk inni í stofu. Diskurinn hefur hlotið nafnið Skýjabakki.

Í Skýjabakkanum hefur Inga Elín blandað saman keramik og gleri og síðan málað eins konar blúndudúk á glerið. Fóturinn er að jafnaði 14-15 cm hár og bakkinn um 45 cm í þvermál. Þar sem um handgerða listmuni er að ræða eru bakkarnir svolítið frábrugnir hver öðrum.

Skoða má verk eftir Ingu Elínu á heimasíðunni ingaelin.com. *- gun*



Skýjabakkinn er bæði skraut og þarfaþing.


Ný sending af sængurfatnaði
Ný mynstur og nýjar gerðir
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

Zzz Zzz Zzz
AMERÍSKUR LÚXUS MEÐ TILHEYRANDI ÞÆGINDUM
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á SÓFUM, TUNGUSÓFUM, STÓLUM, HORNSÓFUM OG SVEFNSÓFUM

TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Fullkomið öryggiskerfi
fyrir heimili og fyrirtæki

Engin mánaðargjöld - þú átt kerfið!
• Fjölrása stjórnstöð með sírenu
• 6 eða 10 öryggissvæði
• Símaúthringjari með talvél
• Símsvari með raddminni
• Skjáljós eða stafrænn skjár
• Íslenskar leiðbeiningar
Verð frá kr.: stgr. 27.627,-
EF
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Símar: 520 7901 & 520 7900 • www.ef.is

allt matur
Alla föstudaga

# Þúsundþjalasmiður úr Vík í Mýrdal

***Forn skápur öðlast nýtt líf í höndum Sigurjóns Rútssonar.***

Sigurjón Rútsson rafvirki, býr og starfar í Vík í Mýrdal. Honum er ýmislegt til lista lagt.

Í frístundum hefur hann meðal annars fengist við myndlist og við að gera upp gömul húsgögn. Nýverið gerði hann upp forláta skáp sem er rúmlega aldargamall. Skápurinn kemur frá bænum Suður-Hvoli í Mýrdal og búa eigendur hans þar.

„Þegar ég fékk skápinn var hann mjög gisinn og úr sér genginn og voru á honum margar glufur. Ég þurfti að fella í hann, styrkja hann og laga skúffurnar sem höfðu gliðnað. Á skápnum voru skrautlistar sem vantaði í og smíðaði ég nýja lista og setti á hann. Skápurinn var mun ljósari þegar ég fékk hann til meðhöndlunar og hafði einhvern tíma verið skrautmálaður. Til að það kæmi aðeins í gegn þá setti ég ljóst kirsuberjabæs á hann og að endingu setti ég matt vatnslakk yfir.“

Um þessar mundir er Sigurjón einnig að gera upp borð frá bænum Eystra-Skagnesi þar sem hann fæddist en borðið var keypt þangað frá bænum Giljum og er fjörgamalt. Auk þess hefur hann gert upp stóla frá svipuðu tímabili.

„Þegar verið er að gera upp gömul húsgögn þá þarf helst að hafa í huga að tréð getur verið mjög gamalt og stökkt og þarf því að fara varlega með það. Einnig er gott að ákveða í byrjun hvort maður ætli að halda upprunalegu útliti eða breyta einhverju. Annars fer þetta eftir hverju tilviki fyrir sig.“

Sigurjón á ekki langt að sækja smíðahæfileikana þar sem faðir hans heitinn, Rútur Skæringsson, var smiður og smíðaði allt frá húsgögnum upp í heilu húsin auk þess sem hann var mjög fær í þeirri sérstöku list að hlaða grjótveggi. Í þessu tilviki hefur eplið því fallið skammt frá eikinni. *- hs*


Sigurjón og skápurinn góði á smíðaverkstæðinu.

## Skipulag í skúffunum

PLÁSSIÐ Í ELDHÚSSKÚFFUNUM NÝTIST BETUR EF ÞAÐ ER VEL SKIPULAGT.

Skilrúm í skúffum eru nauðsynleg þegar hafa skal reglu á hlutunum. Eldhúsáhöldin eru af ótal stærðum og gerðum og skemmtilegra er að ganga frá þeim í skúffurnar ef hægt er hafa gott skipulag þar. Trésmiðja GKS að Funahöfða 19 framleiðir vandaðar eldhússinnréttingar og flytur inn alls kyns skilrúm úr tré, plasti og málmi sem passa í skúffurnar.


Hér er blandað saman tré og járni. Til hliðar eru hólf fyrir kryddbaukana.


Plastið er alltaf þægilegt í þrifum.


Margir möguleikar eru fyrir hendi þegar hólfin eru búin til.

Hvað er að frétta?




www.visir.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006

Netreikningur SPK

Vextir allt að 14,60%*

Tryggðu sparifé þínu topp ávöxtun

Sæktu um á www.spk.is

spk



* M.v. vaxtatöflu SPK 21. 03. 2007

# Nútímalegar þrátt fyrir háan aldur

***Herbert Krenchel heitir danskur verkfræðingur sem hannaði frægar salatskálar.***

Krenit-skálarnar eru hönnun Herberts Krenchel. Þær eiga sér aðdáendur víða í heimi hönnunar og arkitektúrs, en þær voru búnar til á árunum 1953 til 1965. Þær skjóta reglulega upp kollinum á flóamörkuðum víðs vegar um hinn vestræna heim og lenda þá fljótt í höndum kaupanda.

Herbert var ekki menntaður hönnuður heldur verkfræðingur við tækniháskólann í Danmörku. Hann hannaði Krenit-skálarnar snemma á sjötta áratugnum eftir samtal sem hann átti við kaupmann í Kaupmannahöfn. Herbert var sannfærður um að hægt væri að búa til fallega salatskál úr emaleruðu stáli, kaupmaðurinn var honum ósammála.

Hann var sannfærður um að hönnun hans yrði falleg og hefði notagildi. Hann hafði rétt fyrir sér – skálar hans slógu í gegn. Skálarnar þykja hafa á sér útlit nútímalegrar naumhyggju, sem er nokkuð merkilegt þar sem þær eru um 50 ára gamlar. Rocket gallery í London á stærsta safn Krenit-skála í heiminum. Sjá: www.rocketgallery.com



Krenit-skálarnar hafa útlit nútímalegrar naumhyggju.



Herbert Krenchel fékk hugmynd að skálunum eftir samtal við danskan kaupmann.



Rocket gallery í London á heimsins stærsta safn af Krenit-skálum.



## Rétt meðferð á víni

GOTT VÍN GETUR GERT MATARBOÐ ENN BETRA. LÁTIÐ EFTIRRÉTTINN BLÓMSTRA OG GERIÐ OSTAKVÖLDIÐ ÓGLEYMANLEGT.

Rétt vín er vandi að velja. Svo ekki sé talað um meðferð á víninu áður en það er borið fram.

Geymsla og rétt hitastig hefur áhrif á bragðið svo það er mikilvægt að vita hvernig á að fara með það. Á vefsíðunni www.vin.is er að finna leiðbeiningar um vín. Hvaðan þau koma. Hvaða mat þau eiga best við. Meðferð á víninu áður en það er borið fram og hvaða árgerð er best.

www.vin.is

**{ Viðhald**



## Að mála tréverk

Á HEIMASÍÐU BYKO ER SKÝRT HVERNIG BEST SÉ AÐ MÁLA TRÉVERK SVO AÐ MÁLNINGIN ENDIST.

1. Meðhöndlið timbrið áður en það er sett út, svo málningin endist sem best.

2. Viðurinn þarf að vera þurr og rakainnihald minna en 18-20%.

3. Annaðhvort þarf að slípa eða skafa burt allan gráma þegar viðurinn er endurmálaður.

4. Látið gagnvarið timbur veðrast í einn til þrjá mánuði fyrir málun.

5. Viður þarf að vera mettaður með olíubundnum efnum fyrir yfirmálun með þekjandi efnum.

6. Notið ryðfríar skrúfur og nagla til að forðast ryðpunkta.

Nánar á heimasíðu Byko www.byko.is





Fermingartilboð

PAKKATILBOÐ
Dýnuhlíf, lak og pífa
30% afsláttur



IQ-CARE heilsudýnur
1 gámur á sérverði
frá framleiðanda.
Verð á 120 cm rúmum
kr. 89.900,-
Fyrstur kemur fyrstur fær

Ný sending
af sængurverasettum
140x200 cm
140x220 cm
200x200 cm
200x220 cm

Erum með
IQ-CARE heilsudýnur
Visco X heilsudýnur
Beauty Sleep
Healthy Box
Verð á 120 cm rúmum
frá kr. 34.900,-

Veljum góðar heilsudýnur
fyrir vaxandi fólk!

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa
AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa
REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00
www.svefn.is

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI


**Flottasta dótabúðin**

Sérpantanir frá USA tvisvar í viku!! Orginalvarahlutir, aukahlutir, skrauthlutir og tjúnnhlutir Allt sem hugurinn girnist!

Gerum tilboð í stærri pantanir og tjón!



Eigum helstu slithluti fyrir Ameríska bíla á lager!



**DEKA rafgeymar**
alvöru gæði fyrir kuldan í vetur



Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23
Sími 590 2000
www.benni.is


Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is



M. Benz Sprinter 308 CDI Doka, 7 manna með palli 05/2004, ek. aðeins 22 þ. km, 5 gíra, allur til fyrirmyndar. Eftir lokun 864 8989.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Ingvar Helgason

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
**Starfskraft vantar í bókhald Ingvars Helgasonar ehf. Um er að ræða framtíðarstarf. Reynsla í Navision er kostur.**
**Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Guðni Jónsson í síma 525 8085. Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið jgj@ih.is**

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**Opið Mán 10 - 18. Þri - Fös 09 - 18. Lau 12 - 16.**
**www.ih.is**

**MAGNÚSSON EHF**

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi og USA. www.bilasolur.is/magnusson**



Porsche 911/997 S 355 Hö, árg. 06.2006, ek. 5 þ. km, sjálfskipting, „19 álfelgur o. fl. o. fl. Verð 12.900.000. Ágúst, sími 862 2000.



Ford E250 Econoline Club Wagon 4X4 „35 7 manna, árg. 04.2005, 5.400cc, V8 bensín, 255 Hö, eiginþyngd 3.100 kg, ek. 9.000 þ. km, innréttaður með flatskjá, DVD, ofl. Verð 8.800.000, Ágúst sími 862 2000.



Cadillac Escalade ESV Platinum, árg. 01.2006, ek. 11 þ. km, 7 manna, „20 álfelgur, DVD o. fl. o. fl. Verð 8.880.000. Ágúst, sími 862 2000.

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**
**a.magnusson**

**TOYOTA salurinn**



### Lúxus á hjólum

Lexus RX 300 EXE nýskr. 7/2004 ekinn 41 þ. km, sjálfskiptur, leður, loftbóludekk, filmur, krókur. Verð 4.450.000- ath. skipti. Uppl. í síma 860 8488.

**Toyotasalurinn**
**Sími: 4206600**

100 bílar.is bílasala



BMW X5, árg. 2003, ek. 73 þús. km. Verð 4200 þús. kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17**
**www.100bilar.is**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is



Shineray XY200 ný hjól, 200cc, 5 gíra, rafstart. Verð frá 199 þús. kr. Heimsbílar s. 567 4000.



Shineray XY90 ný hjól, 90cc, 5 gíra, hálfsjálfskipt., rafstart. Verð 135 þús. kr. Heimsbílar s. 567 4000.



Haostone HS50 nýjar vespur, 50cc, sjálfskipt., rafstart. Götuskráð. Verð 179 þús. kr. Heimsbílar s. 567 4000.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

## Bílar til sölu






### Gott verð, gott verð!!!

Arctic Cat Crossfire 7 EFI, árg. 2006. Nýr sleði. Arctic Cat Crossfire sno pro árg. 2006 ekinn 1600. Góðir sleðar á góðu verði. S. 898 2811.



NISSAN KING CAP 2,5 DIESEL ÁRG 2005 EKINN 29Þ KM VSK BÍLLS 898-2811.



Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel árg 2005 ekinn 39Þ km.Toppluga Leður Góður bíll.Verð 2,9 + VSK.S 898-2811.



Yaris 2006 ek. 11 þ. km, ennþá í ábyrgð. Verð 295.000. kr + yfirtaka á 1.290 þ. kr láni, 21.000 á mán, góður sparneytinn bíll. Uppl. í s. 697 8720.




### Hvergi lægra verð!

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Porsche Cayenne frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýjir og nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com



Toyota Avensis terra 2.0 '99 til sölu ek. 143 þ., ssk. Uppl. í síma 847 1847.



Til sölu M Benz 2540L Actros árg 2000, ekinn 360 þ., 8 metra pallur, 27.5 tonna krani, mjög gott eintak, verð 7.400 + Vsk. Uppl. í síma 892 1116.



Til Sölu Lexus RX300, árg 7/2005, ekinn 29 þ. km, leður, rafm. í öllu, dráttarkúla, eins og nýr, verð 5.100, sk. ódýrari, 4650 stgr. Uppl. í s. 892 1116.



Hyundai Tucson árg. 2004, ekinn 22 þ. km, eins og nýr. Frábært verð, 1850 stgr. Uppl. í s. 892 1116.



Til sölu Ford Explorer Xlt, árg. 2005, ekinn 42 þ. km, 7 manna, 18"felgur, + aukagangur á felgum, eins og nýr. Uppl. í síma 892 1116.



Til sölu Chevrolet Venture, árg. 1999, ekinn 130 þ., 8 manna, álfelgur, 3.4 L vél. Frábært verð, 950 stgr. Uppl. í s. 892 1116.



Til sölu MMC Pajero Dakar árg. 5/2005, ekinn 48 þ. km, sóllúga, aukadekk á krómfelgum, leður, einn með öllu, toppeintak, skipti á ódýrari. Uppl. í síma 896 4034.



Til sölu Kawasaki Vulcan Classic 1600, 6/ 2006, ekið aðeins 1600 km, eins og nýtt. Verð 1290 þ. Uppl. í síma 863 0100 & 892 1116.



Til Sölu Coleman Fleetwood Mesa 12 fet, eitt með öllu. Nýskráð 7. júlí 2006. Uppl. í s. 892 5005.



VW Polo '99, ek. 83 þús. Vel útlítandi, álfelgur og góður bíll. Verð 290 þús. S. 898 8835.



### Aðeins 19 þ. pr mánuð .

Vw Polo, árg. 05/05, ek. 42 þ., 5 gíra, 5 dyra, Sk. '08, Cd. Ásett 1190, 100% lán 1149 þ. 897 2425.



### Gullfallegur á láni

Peugeot 307 Sw, árg. '03, ek. 97 þ., 1600, Abs, cd, Sk. '08. Ásett 1190 þ., 100% lán 1135 þ. 820 0151.



### Tilboð 2,290,000 Stgr Fyrir Disel Hilux !!

Toyota Hilux dísel, árg. 10/04, ek. 31 þ., 5 gíra, pallhús, krókur. Ásett 2,490 þ. 869 0206.






Santa Fe '05. Ek. 26 þ. V. 2.480 þ. Tilboð 2.190 þ. Ath. ódýrari. S. 821 8415.



VW Golf '00, ek. 108 þús., bíll í mjög góðu standi. Verð 700 þús. S. 659 9680.

Toyota Hilux árg. '96. 35" dekk. Ek. 194 þús. Uppl. í s. 824 2276.

### Toyota Avensis

'98 árg., ek. 91 þús. Vetrar- og sumardekk. Ný tímareim, vatnsdæla, diskar/klossar að framan. Verð 600 þ. Uppl. í s. 823 6151.

Subaru Impreza GX 4x4, ssk. Árg. '99. Ek. 80 þ. Ný naglad. Ásett 650 þ. Uppl. í s. 869 1221.

Til sölu Pajero langur árg. '92. Verð kr. 550 þ. Uppl. í s. 893 1991.

Til sölu VW Golf árg. '00. Ek. 99 þús. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 662 0155.

## 0-250 þús.




Til sölu Nissan Micra árg. '96, ekinn 92 þús., ný tímareim. Tilboð óskast. Uppl. í s. 695 4065.

## 250-499 þús.



Gjafaverð! Chrysler Cirrus '98 ek. 87 þús. mílur. Einnig Subaru Legacy '97. S. 892 5257 & 588 0115.

Nissan Almera 1600, 3ja dyra, ekinn 265 þús. km. Þarfnast smá aðhlynningar. 280 þús. e-mail hordurhalldorsson@yahoo.com

## ATVINNA

**Mosfellsbær**
**Fræðslu- og menningarsvið**

Leikskólinn Hlíð - Börn og listmenning

# Deildarstjóri óskast

Leikskólakennari/deildarstjóri óskast til starfa við leikskólann sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi í fullt starf.

Til greina kemur að ráða fólk með aðra uppeldismenntun og reynslu.

Áherslur í leikskólastarfi eru: Skapandi starf og listmenning
Kjör leikskólakennara eru samkvæmt kjarasamningi F.L. og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Áhugasamir hafi samband við Ásu Jakobsdóttur, leikskólastjóra í síma: 566 73 75 og 861 29 57.

# STARFSFÓLK ÓSKAST
## 11-11 Laugavegi

Við leitum að duglegu, heiðarlegu og stundvísu starfsfólki sem vill verða hluti af öflugri liðsheild.

Við óskum eftir starfsfólki í fullt starf í dagvinnu. Vinnutími er frá kl. 08:00 til 17:00.

Fastráðnum starfsmönnum 11-11 bjóðast ýmis fríðindi svo sem afsláttur í fjölda verslana og heilsuræktarstyrkur.

Upplýsingar gefur Ragnheiður, í síma 822-7028. Hægt er að fylla út umsókn á vefsíðu okkar www.11-11.is eða sækja um í versluninni að Laugavegi 116.

## TILKYNNINGAR

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Opinn fundur um skipulag á Holtavegi

Hverfisráð Laugardals, í samvinnu við Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar og Íbúasamtök Laugardals, boðar til kynningarfundar **fimmtudaginn 29. mars nk.**

**Fundarefni:** *Áður auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal austur vegna lóðar við Holtaveg sem liggur sunnan við lóð KFUM og K.*

**Fundurinn verður haldinn í Langholtsskóla og hefst kl. 20:00**

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## FASTEIGNIR

## SELFOSS - SKIPTI - 95% LÁN



Frum

Tvö falleg raðhús á einni hæð með stórum innb. bílskúr, samtals 166 ferm. hvort. Góð staðsetning í botnlangagötu með stutt í þjónustu. Til afh. strax fullbúin að utan og rúmlega tilbúin til innréttingar að innan. Mögul. að fá lengra komin. Áhv. hagstæð lán um 16,2 millj. með 4,15% vöxtum. Mögul. á 95% láni. Bein sala eða skipti á minni eign á höfuðborgarsvæðinu. Verð 24,9-25,9

**Höfði fasteignasala**
Runólfur Gunnlaugss.
lögg. fasts.
Sími 533-6050 / 895-3000

**Lögmenn Suðurlandi**
Ólafur Björnsson
lögg. fasts.
Sími 480-2900

**allt** tíska
Alla fimmtudaga

## FASTEIGNIR

# Sölusýning í dag

**Fimmtudag milli kl. 17–19**

Haustakur 2
Hallakur 1

Arnarneshæð
*á móti hækkandi sól*



www.arnarnes.is

Verðdæmi:
3ja herb. 104 m²
24,9 mkr
4ra herb. 139 m²
34,9 mkr

## SÍÐASTA SUÐURHLÍÐIN
á höfuðborgarsvæðinu

### Íbúðirnar

- Glæsilegt útsýni
- Íbúðir fyrir alla aldurshópa
- Stórar svalir á móti sól
- Björt herbergi
- Viðhaldsfrítt hús
- Allt að 90% fjármögnun

### Umhverfið

- Glæsilegt hverfi á besta stað í Garðabæ
- Bjart og opið hverfi
- Skjólsælar suðurhlíðar
- Lágreist byggð
- Græn svæði og göngustígar
- Enginn gegnumakstur í hverfinu
- Stutt í verslun og þjónustu
- Leikskólar, grunnskóli og framhaldsskóli innan hverfis

### Nýjar gerðir íbúða

Við kynnum nýjar íbúðagerðir og ný verð á Arnarneshæðinni. Nánasta umhverfi húsanna er því sem næst fullfrágengið. Hverfið er í suðurhlíð og horfir móti hækkandi sól. Umhverfið er yndislegt, skjólsælt með afbrigðum þar sem byggðin er lágreist og hlýleg. Enginn gegnumakstur er í hverfinu, gönguleiðir eru fjölmargar og stutt í alla þjónustu.

### Sölusýning í dag

Húsakaup sýnir í dag, nýjar og glæsilegar íbúðir í tveggja hæða húsi við Haustakur 2. Allar íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja með sér inngangi frá svölum. Stórar og skjólsælar suðursvalir ásamt nægum bílastæðum. Íbúðirnar eru nútímalegar og henta vel fyrir alla aldurshópa. Innréttingar eru fallegar og vandaðar. Eldhús er með stórum eyjum. Baðherbergi eru með gólfhita og einnig flísalögð í hólf og gólf.

### Páskaegg

Sölumenn frá Húsakaupum taka á móti gestum og gangandi og bjóða upp á páskaegg og sýna íbúðirnar. Athugið að þetta er síðasta suðurhlíðin á höfuðborgarsvæðinu, hvergi annars staðar eru í boði íbúðir svo nálægt sjávarmáli sem á Arnarneshæð.











Sýningaríbúðir eru innréttaðar af:
EGG

HÚSAKAUP

Sími 530 1500 ● Suðurlandsbraut 52 ● við Faxafen ● www.husakaup.is

Við bjóðum ykkur velkomin í hópinn

NÓATÚN

**Spennandi störf í boði!**

**Vaktstjórar**
*Óskum eftir að ráða vaktstjóra í sumarafleysingar.*
*Reynsla af verslunarstörfum og/eða vaktstjórn skilyrði.*
*Aldurstakmark 20 ára.*

**Kjötmaður**
*Kjötmaður óskast á vaktir í Nóatúni 17*
*Kjötstjóri óskast í Nóatún Grafarholti*

*Sækið um á vefnum www.noatun.is eða sendið umsókn á Kaupás hf. Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, b.t. Guðríður.*




Frum




## Hverfisgata 37 - 101 RVK.

Góð 55.8 fm 2ja herb. risíbúð miðsvæðis í RVK. Allt tekið í gegn að innan fyrir 11 árum. Opið elhús, Stofa og borðstofa með góðri lofthæð. Herbergi rúmgott. Baðherbergi með baðkari og aðstöðu fyrir þvottavél. Innbyggð ljós í loftum. Parket og flísar á gólfum. Sérgeymsla í kjallara.
**VERÐ 16.8 millj.**



**Bókaðu skoðun í síma 898-3474 /594-5009**
**Ásdís sölufulltrúi Akkurat**

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

RE/MAX LIND
Sími 897 4583 – www.remax.is – thorir@remax.is

Frum

## Ertu í fasteignahugleiðingum?

Við verðmetum eignina þína þér að kostnaðarlausu og án skuldbindinga!

***Hafðu samband í síma 897 4583***


**ÞÓRARINN JÓNSSON**
Hdl. Löggiltur fasteigna- og skipasali


**ÞÓRIR KR. ÞÓRISSON**
Sölufulltrúi
**S: 897 4583**

Frum

# HÚSEIGN
*Fasteignamiðlun*

*Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109*
*huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • föstud. 10-17*


*Guðmundur St. Lögg.fast og hdl*


*Baldvin Ómar Sölustjóri S. 898-1177*


*Áslaug Sölumaður S. 822-9519*


*Gyða Sölumaður S.695-1095*


*Ástþór Sölumaður S. 898-1005*



## OPIÐ HÚS í DAG
## Álfaheiði 4
## Fimmtudag kl. 18-18:30

Húseign kynnir gæsilegt 179fm einbýlishús á besta stað í Kópavogi. Þrjú góð barnaherbergi og rúmgott hjónaherbergi. Fallegt eldhús.

***Allar nánari upplýsingar veitir***
***Baldvin Ómar í síma 898-1177***
***eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100***



## OPIÐ HÚS í DAG
## ARNARSMÁRI 26, 3HÆÐ.
## Fimmtudag kl. 19- 19:30

Húseign kynnir gæsilega 5 herbergja íbúð á besta stað í Kópavogi. Þrjú góð barnaherbergi góðum skápum og rúmgott hjónaherbergi. Fallegt eldhús . Sameign er mjög snyrtileg með teppum á gólfi.

***Allar nánari upplýsingar veitir***
***Baldvin Ómar í síma 898-1177***
***eða á skrifstofu Húseignar í síma 585-0100***



## Dalvegur 16
## Kópavogur

Húseign kynnir til leigu 243 fm. að Dalvegi 16a um er aðræða iðnaðar/skrifstofuhúsnæði. Salerni á hvorri hæð.

***Allar nánari upplýsingar veitir***
***Þráinn Ingimundarson***
***í síma 896 0587***

## Hæðarendi – Grímsnesi

Til sölu 10 ha spilda í Grímsnesi, skipulögð fyrir 14 lóðir undir frístundabyggð. Lóðirnar seljast stakar eða sem einu lagi.

***Allar nánari upplýsingar veitir Þráinn Ingimundarson í síma 896 0587***





## Eyjaslóð
## Reykjavík

Húseign kynnir til leigu vel staðsett iðnaðar/skrifstofuhúsnæði á 2. hæð við Eyjaslóð í Reykjavík.

***Allar nánari upplýsingar veitir***
***Þráinn Ingimundarson***
***í síma 896 0587***

## VISSIR ÞÚ

... að höfuðleður spætna, skjaldbökutennur og gíraffahalar eiga það sameiginlegt að hafa verið notuð sem gjaldmiðill?

...að indverskur karlfíll sýnir kvenkyninu engan áhuga fyrr en hann verður 21 árs?

...að í 12 metra löngum búrhval eru 7 tonn af lýsi?

...að í Afríku deyja fleiri af völdum krókódíla en ljóna?

...að í Alaska eru fleiri hreindýr en menn?

...að í Bandaríkjunum eru meira en 100 milljónir katta og hunda?

...að íkornar geta klifrað hraðar en þeir hlaupa?

...að íkornar eru ónæmir fyrir hundaæði?

...að kind, önd og hani voru fyrstu farþegarnir í loftbelg?

...að kólibrífuglar eru einu fuglarnir sem geta flogið aftur á bak?

...að kómódódrekar éta villisvín og hjartardýr?

...að kórallar eru náskyldir marglyttum?

...að krossfiskar hafa ljósnæmar frumur á endum arma sinna?

...að krókódílar geta ekki gengið aftur á bak?

...að krókódílsungi er þrisvar sinnum stærri en eggið sem hann kom úr?

... að kvendýr kóngakrabbans geymir yfir 400 þúsund egg í poka undir kviðnum í 11 mánuði?

...að kvenfugl kondórsins verpir einu eggi á tveggja ára fresti?

...að lengsta margfætlutegundin er Scolopendra gigantea sem finnst í regnskógum Mið- og Suður-Ameríku. Hún hefur 23 liði, 46 lappir og getur orðið allt að 27 sentimetrar að lengd?

...að límið aftan á frímerkjum er í sérstöku uppáhaldi hjá kakkalökkum?

...að ljón eru einu félagslyndu kattadýrin?

...að ljón sofa næstum 20 tíma á dag?

...að loðfíllinn hafði 5 metra langar skögultennur?

...að ljónynjur sjá um 90 prósent veiðanna á meðan karldýrið sefur?

... að loðselir verða mjög sjóveikir um borð í skipi?

...að maðurinn og letidýrið eru einu dýrategundirnar sem hafa að jafnaði kynmök augliti til auglits?

...að marðarlæða deyr ef hún hefur ekki fundið maka áður en fengitíma lýkur?

...að margir hamstrar depla aðeins öðru auganu í einu?

...að marglyttur eru að 95 prósentum vatn og hafa engan heila, ekkert hjarta og hvorki bein né augu?

...að mauraætur hafa hvorki tennur né kjálka?

...að meðalævi hermikrákna er 10 ár?

...að meðgöngutími gíraffa eru 14-15 mánuðir?



Bessastaðir baðaðir morgunsól.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Páskatilboð á
sumardekkjum

Sólning býður nú sumardekk undan nýjum bílum á sérstaklega góðum kjörum.*
Tilboðið gildir til og með 4. apríl.

Vertu klár fyrir sumarið á nýjum dekkjum.

Verðdæmi:
Ný sumardekk 14”
á allan bílinn
16.000 kr.
(án umfelgunar).



Eftirfarandi stærðir standa til boða:*

| | |
|---|---|
| 155/65R14 | 4,000,- |
| 185/60R15 | 6,650,- |
| 255/70R15 | 8,500,- |
| 205/55R16 | 7,500,- |
| 205/60R16 | 7,500,- |
| 215/65R16 | 8,500,- |
| 225/60R17 | 8,000,- |
| 265/65R17 | 10,000,- |
| 235/55R18 | 15,000,- |

*Verð miðast við 1 dekk.

*Um er að ræða dekk undan nýjum bílum og eru dekkin keyrð u.þ.b. tíu til fimmtán km.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

BARÐINN Continental Mastercraft NANKANG SÓLNING
Skútuvogi 2, sími 568 3080
Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 | Njarðvík | Selfoss

Hvað er að frétta?
Með púlsinn á markaðnum alla daga_
www.visir.is
vísir Fyrstur með fréttirnar!

# ÞÚ FÆRÐ FERMINGARGJÖFINA Í TÖLVULISTANUM

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.6Ghz AMD Turion 64 X2<br>1MB flýtiminni, 2000MHz FSB+HT |
| Minni | 1GB Dual DDR2 533MHz<br>Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| Harðdiskur | 120GB 5400RPM diskur<br>5400RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár<br>Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X1100<br>Samnýtt minni, PCI-Express 16x |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows Vista Home Premium<br>Öruggara og öflugra |
| Annað | Aðeins 2.82Kg með rafhlöðu<br>Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar |

## FERMINGARGJÖFIN Í ÁR ER ACER ASPIRE 5102WLMI

**DUAL CORE 64 X2**
AMD Turion 64 er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1100**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**KORTALESARI**
Acer 5102 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar




## VERÐ 89.900

## FERMINGARVÉLIN




2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 320GB 7200RPM harðdiskur 18xDVD±RW DL skrifari • 19" LCD Acer AL1916FS skjár 256MB MSI Geforce7 NX7600GS PCI-E 16X skjákort 10/100/1000 netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 129.900**

## LOGITECH Z-10




Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum, USB 2.0

**VERÐ 19.900**

## LOGITECH MÚS



Þráðlaus Logitech VX-Revolution fartölvumús með Hyper-fast virkar jafnt með PC og Mac, 2.4 GHz micro sendir, USB 2.0

**VERÐ 7.990**

## MY BOOK HÝSING




500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 22.900**

## LOGITECH G15



Logitech G15 Gaming Keyboard, frábært leikja lyklaborð, 18 forritanlegir hnappar, baklýstir hnappar, íslenskir miðar, USB tengt

**VERÐ 9.990**

1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill **VERÐ 1.990**

Creative Live! Cam Vista IM vefmyndavél **VERÐ 1.990**

Logitech G5 Laser mús með skrunhjóli **VERÐ 7.990**

15" Targus taska second skin fartölvutaska **VERÐ 3.990**

15" Targus hliðartaska, svört mús fylgir **VERÐ 6.990**

15" Targus bakpoki svartur og blár með mús **VERÐ 8.990**

120GBWestern Digital Passport ferðahýsing **VERÐ 14.900**

Canon CanoScan 4400F flottur borðskanni **VERÐ 17.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

**TÖLVULISTINN**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

# Verjum álverið í Straumsvík

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík


KATRÍN PÉTURSDÓTTIR

Það hefur varla farið fram hjá neinum að atkvæðagreiðsla er fram undan um framtíð eins af stærstu fyrirtækjum landsins. Atkvæðagreiðsla um framtíð þess fyrirtækis er var brautryðjandi í álframleiðslu á Íslandi og hefur átt stóran þátt í uppbyggingu hagsældar á Íslandi, verið í fararbroddi í umhverfismálum og sömuleiðis í réttindamálum starfsmanna.

Þetta fyrirtæki, álverið í Straumsvík, er nú í þeirri stöðu að aðilar sem telja uppsprettu hagsældar felast í kaffibolla á kaffihúsi eða gjörningasýningum setja framtíð þess í óvissu. Ég verð að viðurkenna að ég hefði aldrei trúað því að mál eins og stækkun álversins í Straumsvík gæti ratað í aðra eins endaleysu og nú er orðið. Að mínu mati er það bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að taka ákvörðun um mál sem þetta en því miður virðast þeir hafa heykst á því.

Fyrir stjórnendur fyrirtækja er áhyggjuefni að mál hafi þróast með þessum hætti. Er hugsanlegt að atkvæðagreiðslan í Hafnarfirði verði fordæmisgefandi með þeim hætti að ég og aðrir stjórnendur gætum fundið okkur í sömu stöðu og Rannveig Rist gerir nú með sitt góða fyrirtæki? Gæti ég staðið frammi fyrir atkvæðagreiðslu um framtíð Lýsis innan ekki langs tíma? Þetta er auðvitað fráleit staða. Hafnarfjarðarbær seldi Alcan lóð undir stækkunina og mátti vera fullljóst hver framtíðarplönin voru hvað álverið í Straumsvík varðar.

Álverið í Straumsvík hefur verið í fararbroddi fyrirtækja hvað varðar mengunarvarnir og umhverfismál. Upphafið að endi þessa heimsleiðtoga á ákveðnum sviðum mengunarvarna verður sett af stað reynist Hafnfirðingar andvígir stækkunaráformunum. Þeir Hafnfirðingar sem ætla sér að kjósa gegn stækkuninni vona ég að geri það á öðrum forsendum en á grundvelli mengunarmála. Það væri hræsni ein. Vilji þeir er berja sér á brjóst sem umhverfisverndarsinnar færa umhverfisvernd á heimsvísu nokkur ár aftur í tímann er þeim í lófa lagið að gera svo nú með því að vera andvígir stækkun álversins.

Þensla í þjóðfélaginu hefur verið nefnd sem röksemd fyrir því að hafna stækkun. Það er ótækt að stöðva framþróun í heilli atvinnugrein, atvinnugrein sem er ein af meginútflutningsgreinum landsins, til að ná stöðugleika í þjóðfélaginu. Það er stjórnvalda að tryggja stöðugleika; sem stjórntæki hafa stjórnvöld ríkisfjármálin og peningamálastefnuna. Það að kippa fótunum undan einu af öflugustu fyrirtækjum landsins er ekki ásættanleg hagstjórnaraðgerð.

Byggð hefur vissulega færst nær athafnasvæði álversins á síðustu árum. Sú ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að skipuleggja byggð á þessu svæði hefur væntanlega verið tekin að vel ígrunduðu máli enda engar hættur á ferðinni sem snúa að mengun á svæðinu. Ég gef mér að allir þeir er festu kaup á húsum og íbúðum í Vallahverfinu hafi vitað af álverinu þegar kaupin áttu sér stað og því ætla ég að gefa mér að enginn íbúi á Völlunum muni kjósa gegn álverinu á þeim forsendum að það sé of nærri byggð. Það væri fráleitt. Íbúar á Völlunum hljóta að hafa verið búnir að gera það upp við sig að þeir væru tilbúnir að búa í námunda við álverið, annars hefðu þeir ekki fest sér eign á svæðinu.

Þá að rúsínunni í pylsuendanum. Fjárhagsleg áhrif á bæjarfélagið, fyrirtæki sem vinna fyrir Alcan og á starfsmenn og heimili þeirra, svo við gleymum ekki samfélagslegum stuðningi Alcan við hin ýmsu málefni bæði í Hafnarfirði og utan Hafnarfjarðar. Fyrir rúmlega 800 milljón króna tekjur bæjar- og hafnarsjóðs af stækkaðri verksmiðju er hægt að gera ýmislegt. Uppbyggingarmöguleikar bæjarins hvað innviði varðar verða mjög miklir. Uppbygging íþróttahúsa, sundlauga, leikskóla o.s.frv. mun ekki vefjast fyrir bænum. Lækkun leikskólagjalda, að hækka laun bæjarstarfsmanna. Allt eru þetta atriði sem hægt verður að horfa til beri mönnum gæfa til að vera fylgjandi stækkun álversins.

Reynist Hafnfirðingar andvígir stækkun mun setja ugg að stjórnendum fyrirtækja í Hafnarfirði og annars staðar. Það er einu sinni þannig að atvinna þarf að vera til staðar og við getum ekki hrakið öflug fyrirtæki í burtu þó að vel ári þá stundina.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Lýsis hf.*




Stjórnmáladagur
Ungra jafnaðarmanna í Reykjavík
„Jöfn og frjáls“
Miðvikudaginn
4. apríl kl. 17-20
Gamla Landsímahúsinu
við Austurvöll
Skráning: ujr@samfylking.is

Dagskrá

JÓN ÁSGEIR SIGURÐSSON,
verkefnastjóri
„Stjórnmálaviðhorfið“


REYNIR HARÐARSON,
hönnunarstjóri og stofnandi CCP hf,
frambjóðandi Samfylkingarinnar
“Forsendur nýsköpunar á Íslandi”


KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR,
lögfræðingur og frambjóðandi Samfylkingarinnar
„Kapítalismi og jafnaðarstefna“


GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON,
blaðamaður og frambjóðandi Samfylkingarinnar
KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR,
þingkona og frambjóðandi Samfylkingarinnar
„Framkoma og ræðumennska í stjórnmálum“

xS Kíktu á samfó.is

Samfylkingin


# Súlurit ráðuneytanna segir ekkert um staðreyndir

**UMRÆÐAN**
Kjör aldraðra


ÓLAFUR ÓLAFSSON

Í svokallaðri NOSOSCO-skýrslu (2006) eru tölur fyrir Ísland og hin Norðurlöndin þar sem fram kemur hlutfall ráðstöfunartekna eldri borgara (65/67 ára og eldri) af tekjum þeirra sem eru undir ellilífeyrisaldri árið 2003. Þar virðast einhleypir eldri borgarar á Íslandi t.d. hafa hærri tekjur en einhleypir á vinnualdri. Sú niðurstaða væri án efa einstæð í heiminum ef hún reyndist rétt, því tekjur þeirra sem eru á ellilífeyrisaldri eru alla jafna lægri en tekjur þeirra sem eru á vinnualdri. Þannig virðast eldri borgarar á Íslandi hafa það mikið betra en eldri borgarar á hinum Norðurlöndunum.

Yfirleitt er ekki minnst á að yfir 90% ellilífeyrisþega á Norðurlöndum hefja töku lífeyris 65 ára eða yngri en á Íslandi er þetta seinna, eða um 67 til 70 ára, en fjölmargir vinna mun lengur. Þannig er verið að bera saman ellilífeyri á Norðurlöndunum við að miklu leyti lífeyri og atvinnutekjur á Íslandi.

Þessar tölur eru því alrangar enda tölurnar fyrir Ísland allt öðruvísi reiknaðar en fyrir hin Norðurlöndin. Það er vitað mál að atvinnuþátttaka er mun meiri á Íslandi en í öðrum löndum þrátt fyrir miklar skerðingar og skatta. Þannig er atvinnuþátttaka 65 ára og eldri samkvæmt tölum EUROSTAT frá árinu 2002 langhæst á Íslandi. Þetta má sjá í eftirfarandi töflu:

**ATVINNUÞÁTTTAKA 65 ÁRA–74 ÁRA**

| Tölur EUROSTAT fyrir árið 2002 | |
|---|---|
| Danmörk | 4,9% |
| Finnland | 2,2% |
| Ísland | 34,9% |
| Noregur | 11,7% |
| Svíþjóð | 5,0% |
| Evrópusambandið | 3,5% |

Þarna sést að atvinnuþátttakan þeirra eldri er um tíföld sú þátttaka sem mældist hjá þjóðum Evrópusambandsins að meðaltali árið 2002 og margföld á við það sem gerist hjá hinum Norðurlöndunum. Auðvitað hefur þetta áhrif á ráðstöfunartekjurnar.

Það sem er verra er að skilgreiningin á fjölskyldu hér er allt önnur en á hinum Norðurlöndunum. Því eru þessar tölur alrangar sem tölur til samanburðar þar sem íslensku tölurnar hafa með til samanburðar unglinga frá 16 ára aldri sem eru í skóla og búa margir á heimilum foreldra. Þetta er ekki reiknað svona á hinum Norðurlöndunum. Slíkir einstaklingar hafa mjög lágar tekjur og lækka meðaltalið sem notað er til viðmiðunar á Íslandi. Í texta er þess réttilega getið að íslensku tölurnar eru ekki sambærilegar. Rangt er þó að birta þær.

Svona tölum er svo flíkað fyrir kosningar til marks um hversu vel er gert við eldri borgara. Þær eru unnar í íslenskum ráðuneytum fyrir íslenska ráðherra. Þetta er til skammar fyrir okkar þjóð.

*Ólafur er formaður Landssambands eldri borgara og Einar hagfræðingur Landssambands eldri borgara.*

# Framkvæmdasjóður misnotaður

**UMRÆÐAN**
Framkvæmdasjóður aldraðra


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Það mun hafa verið Albert heitinn Guðmundsson, sem fyrstur hreyfði þeirri hugmynd í borgarstjórn Reykjavíkur að leggja ákveðinn skatt á hvern gjaldanda í landinu til þess að kosta byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða. Við sem þá sátum með Albert í borgarstjórn urðum strax hrifnir af þessari hugmynd hans og það skapaðist þverpólitísk samstaða um hana.

Hugmyndin náði fram að ganga og það var lögfest að leggja á landsmenn gjald, sem mynda skyldi framkvæmdasjóð aldraðra til þess að kosta framkvæmdir við byggingu stofnana fyrir eldri borgara. En misvitrir stjórnmálamenn hafa eyðilagt framkvæmdasjóðinn. Það var opnuð heimild til þess að sjóðurinn kostaði einnig í vissum tilvikum rekstur hjúkrunarheimila og stofnana og eins og ég hefi bent á áður í greinum mínum hafa margir milljarðar verið teknir úr sjóðnum til reksturs. Það var aldrei meiningin, þegar sjóðurinn var stofnaður, að láta neitt renna úr honum til reksturs. Alls munu hafa verið teknir 3-4 milljarðar úr framkvæmdasjóðnum til eyðslu, til reksturs á undanförnum árum. Það er forkastanlegt, þar eð þetta hefur gerst á sama tíma og mikil vöntun hefur verið á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða og biðlistar hafa verið mjög langir. Það eru ráðherrar heilbrigðis- og tryggingamála, sem bera ábyrgð á þessu ráðslagi.

**Framkvæmdasjóður látinn styrkja söng og listir!**

En ráðherrar hafa ekki látið við það sitja að taka fjármagn úr framkvæmdasjóði til reksturs. Nei, þeir hafa einnig látið sjóðinn styrkja ýmis gæluverkefni á sviði menningar- og listastarfsemi og meira að segja hefur núverandi heilbrigðisráðherra látið sjóðinn kosta útgáfu áróðursbæklings, sem augljóslega er gefinn út vegna væntanlegra þingkosninga. Mig rak í rogastans þegar ég heyrði Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur alþingismann segja frá því í Útvarpi Sögu að framkvæmdasjóður aldraðra hefði styrkt ýmis verkefni á sviði söng- og listastarfsemi. Þessar styrkveitingar eru að mínu mati ólöglegar. Sjóðurinn er kominn langt út fyrir sitt markmið með því að veita peningum í slík verkefni. Í rauninni er hér um misnotkun á sjóðnum að ræða.

**Milljörðunum verði skilað til aldraðra**

Eldri borgarar krefjast þess, að ríkið skili aftur þeim milljörðum, sem teknir hafa verið úr framkvæmdasjóði til eyðslu. Aldraðir vilja fá þessa peninga til byggingar hjúkrunarheimila. Eldri borgarar vilja einnig fá til baka þá fjármuni, sem stjórnarflokkarnir hafa haft af öldruðum í skertum lífeyri síðustu 12 árin. Þar er um 40 milljarða að ræða. Stjórnvöld lofuðu því 1995, að aldraðir mundu fá sömu uppbætur á lífeyri sinn eins og láglaunafólk fengi á laun sín. Þetta fyrirheit var svikið. Þau svik hafa kostað aldraða 40 milljarða. Ríkið verður að leiðrétta kjör aldraðra með því að greiða þeim þessa fjárhæð til baka strax.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Kæru Hafnfirðingar – ábyrgð ykkar er mikil

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík



INGIBJÖRG LOFTSDÓTTIR

Það líður að kosningadegi hjá Hafnfirðingum. Í Blaðinu þann 3. mars sl. er vitnað í Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra þar sem hann telur að framtíð áliðnaðar á Íslandi velti mikið á því hvernig kosningarnar um stækkun álversins í Hafnarfirði fara. Hann tekur fram að nú liggi „nánast ekkert stórt fyrir í stóriðjuframkvæmdum nema stækkun álversins í Straumsvík“.

Ábyrgð Hafnfirðinga er mikil. Kosningarnar 31. mars snúast um hvernig land við viljum byggja í framtíðinni. Viljum við búa í hreinu og sem minnst menguðu landi? Viljum við geta um frjálst höfuð strokið og lifað í þeirri vissu að það séu ekki erlend stórfyrirtæki sem hafi hér tögl og hagldir í atvinnumálum? Sú staða gæti komið upp í framtíðinni að sömu aðilar ættu öll álver á Íslandi, sem gætu verið orðin þó nokkur. Þeir aðilar hefðu þá meiri völd en við sjálfsagt kærum okkur að hugsa til. Vísir að slíku er einmitt sú valdbeiting sem forsvarsmenn álversins í Straumsvík eru nú að beita Hafnfirðinga, þ.e. að hóta lokun ef þeir fá ekki sitt fram.Viljum við lifa í ótta um að lífsafkoman verði tekin af okkur vegna þess að öll eggin okkar voru sett í sömu körfuna í stað þess að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi?

Árum saman var þjóðinni talin trú um að líf án varnarliðsins á Suðurnesjum væri óhugsandi. Sá dagur rann þó upp að herinn fór og hvað gerðist? Íbúum á Suðurnesjum fer fjölgandi en ekki fækkandi og fasteignaverð hefur sjaldan verið eins hátt. Spennandi hugmyndir eru uppi um nýtingu svæðisins fyrir alþjóðlegan háskólabæ. Margir draga andann léttar og eru lausir við ýmis óþægindi sem fylgdu veru hersins s.s. hávaðamengun frá æfingaflugi.

Hafnfirðingar, rétt eins og það reyndist líf eftir varnarlið þá er einnig líf eftir álver. Kjósið samkvæmt ykkar eigin samvisku og hafið hag komandi kynslóða í landinu í huga. Ekki láta börnin ykkar vaxa upp í nágrenni við stærsta álver í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Ekki láta komandi kynslóðir búa við ofurvald erlendra stórfyrirtækja sem hafa heljartak á atvinnulífinu. Íslendingar þurfa ekki misskilda „hjálp“ erlendra aðila til að hafa í sig og á. Þjóðin hafði dug og þor til að standa ein þegar hún barðist fyrir frelsi frá Danmörku á sínum tíma, þrátt fyrir að hún væri í raun háð Dönum að flestu leyti. Gerum ekki forfeðrum okkar þá skömm að selja sál okkar fyrir peninga, sérstaklega ekki þegar hægt er að afla þeirra á annan hátt.

Kæru Hafnfirðingar, ábyrgð ykkar er mikil. Látum ekki slagorð ferðabæklinga framtíðarinnar vera: „heimsækið landið þar sem flest og stærst álver eru miðað við höfðatölu í heiminum“ eða „heimsækið landið sem fórnaði flestum náttúruauðæfum til að skaffa orku fyrir álver“.

*Höfundur er sjúkraþjálfari.*

# Ég lýt þér mín þjóð

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík



GUNNAR SVAVARSSON

Hjörleifur Guttormsson setur með hrokafullum hætti ofan í við mig og félaga mína í Samfylkingunni í Hafnarfirði í Fréttablaðinu á föstudag vegna íbúakosningarinnar í Hafnarfirði sem fram fer um næstu helgi. Þar er komið enn eitt dæmið um það að liðsmaður VG gagnrýni af hörku aðra stjórnmálaflokka fyrir tvíátta afstöðu.

Á sama tíma virðist VG sem stjórnmálaafl ófært að gæta lágmarks samkvæmni í sínum eigin málflutningi í þessu máli. Fulltrúi flokksins í bæjarstjórn stóð að ákvörðun um íbúakosningu - Hjörleifur gagnrýnir hana nú. VG í Hafnarfirði er á móti stækkun en ýmsir lykilfulltrúar VG í verkalýðshreyfingunni í Hafnarfirði styðja stækkun. VG talar gegn stækkun á landsvísu en fulltrúi VG í stjórn Orkuveitunnar studdi orkusölu til stækkunar heilshugar með ítarlegri bókun.

Stjórnmál taka breytingum. Deilumál á borð við stækkun í Straumsvík eiga sér fylgjendur og andmælendur í öllum flokkum. Almenningur vill fá að taka ákvarðanir um slík mál og hefur til þess allar forsendur. Blessunarlega fækkar þeim stjórnmálamönnum sem aðhyllast stjórnlyndi, valdsins vegna. Það vekur furðu að Hjörleifur skuli vilja skipa sér í þann hóp, með því að tala gegn beinu lýðræði af slíku þjósti.

Hjörleifi þótti tilhlýðilegt að vitna í Landsýn Steins Steinars, en ég vil svara honum með ljóðlínum lýðskáldsins Friðriks Sturlusonar Sálarmanns, „Hver er orginal?“. Ég er stoltur af því að vera öðruvísi stjórnmálamaður en þeir sem aðhyllast ráðstjórn og stjórnlyndi. Þess má jafnframt geta, að í umræddu ljóði Steins Steinars fangar skáldið einmitt ágætlega þá hugsjón okkar Samfylkingarfólks, að vilja setja stór mál í kosningu á meðal íbúa: „Sjá hér er mitt land, mitt líf og mitt lán, ég lýt þér mín ætt og mín þjóð“. Ég er stoltur af að lúta minni þjóð. Það væri óskandi að Hjörleifur treysti sér til þess líka.

*Höfundur er forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# *Hafnfirðingar eru líka Íslendingar*

**UMRÆÐAN**
Álverið í Straumsvík



KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR

Undanfarið hefur mikið verið ritað og rætt um fjárhagslegan ábata Hafnarfjarðarbæjar og Hafnfirðinga af stækkun álversins í Straumsvík Mín skoðun er sú að það þurfi að skoða þetta mál í miklu stærra samhengi, því það er nú einu sinni þannig að við Hafnfirðingar erum líka Íslendingar. Áframhaldandi álversvæðing og meðfylgjandi virkjunarframkvæmdir munu hafa áhrif á íslenskt efnahagslíf sem og framtíðar ásýnd íslensks atvinnulífs. Hafnfirðingar verða því að svara nokkrum grundvallarspurningum ekki bara sem Hafnfirðingar heldur sem Íslendingar.

**Er skynsamlegt að ríkið (íslenskir skattgreiðendur) niðurgreiði raforku til erlendra álvera?**
Það er alveg ljóst að Landsvirkjun er rekin með óviðunandi arðsemi og einnig að raforkuverð til álfyrirtækja á Íslandi er lágt samanborið við það raforkuverð sem er í boði annars staðar.

Hvernig má það annars vera að það borgi sig fyrir fyrirtæki eins Alcan að vinna ál á Íslandi frekar en í öðrum löndum sem bjóða líka vatnsorku, en bjóða margfalt lægri launakostnað og eru mun nær uppruna hráefnisins (súrálsins). Varla getur það verið vegna þess að það sé ódýrara að byggja vatnsvirkjanir hér en í t.d. Suður-Ameríku. Þannig hlýtur það að vera að afslátturinn af raforkuverði sem fæst á Íslandi dekkar meira en sem nemur margföldum launamun og flutningskostnaði.

Ég tel það afar óskynsamlegt að fórna náttúru Íslands til þess að afhenda erlendum álverum rentuna af fallvötnum okkar undir kostnaðarverði.

**Er skynsamlegt að sætta sig við ruðningsáhrif af óarðbærum virkjanaframkvæmdum og uppbyggingu álvera?**
Það er ekki nóg með að álver á Íslandi njóti niðurgreiðslu frá íslenskum skattgreiðendum heldur valda virkjanaframkvæmdir og uppbygging álvera einnig ómældu tjóni hjá öllum öðrum íslenskum útflutnings- og samkeppnisgreinum í formi ruðningsáhrifa.

Þær risaframkvæmdir sem hafa verið í gangi hér undanfarin ár og stefnt er að að haldi áfram, hafa skapað efnahagsumhverfi sem gerir útflutnings- og samkeppnisgreinum afar erfitt fyrir.

Ég er hér að tala um verðbólgu sem hefur mælst nálægt 10 prósentum, gríðarhátt vaxtastig, og ofursterka krónu. Þetta er umhverfi sem útflutningsfyrirtæki geta ekki unað við til lengdar og því er mikil hætta á að okkar helstu þekkingar- og vaxtafyrirtæki eins og Marel, Össur, CCP, Actavis flýi land, en þetta eru fyrirtæki sem öll geta auðveldlega flutt starfsemi sína til annarra landa. Og ég spyr nú bara, hvað sitjum við uppi með þá? Jú, við verðum líklega stærsta álbræðsluland í heimi, með atvinnulaust hámenntað fólk. Hvers konar framtíðarsýn er það? Ég tel það afar óskynsamlegt að hætta á að missa okkar helstu vaxtarfyrirtæki úr landi, sem gæti hæglega orðið raunin ef við ákveðum að halda áfram að fjárfesta hundruð milljarða króna í óarðbærar virkjanir og selja raforku á útsölu til erlendra álrisa.

**Er skynsamlegt fyrir heimilin í landinu að borga hærri vexti og verðbætur fyrir stærri og fleiri álver?**
Það eru ekki bara fyrirtækin í landinu sem blæða þegar þenslan fer úr böndunum, heldur heimilin líka. Háir vextir og mikil verðbólga er mjög dýr íslenskum heimilum. Tökum dæmi um fjölskyldu með íbúðalán upp á 15 milljónir. Ef þenslan heldur áfram og verðbólga verður áfram 8 prósent mun þetta sama lán standa í 19,6 milljónum eftir fimm ár og greiðslubyrðin mun einnig hækka verulega. Deilt hefur verið um hversu miklar tekjurnar af stækkun álvers verða fyrir hvern og einn Hafnfirðing, en það er sama á hvaða tölu er litið í því samhengi, þá eru þær lágar samanborið við þessar tölur.

**Er skynsamlegt að byggja framtíðaratvinnustefnu Íslands á sömu lausnum í atvinnumálum og fyrir 40 árum?**
Koma Ísal til Hafnarfjarðar fyrir 40 árum var mikill hvalreki bæði fyrir Hafnfirðinga sem og íslenskt efnahagslíf. Á þeim tíma var atvinnuleysi mikið og íslenskt atvinnulíf mjög einhæft. Ísal (Alcan) hefur reynst mörgum Hafnfirðingunum góður vinnuveitandi í gegnum í tíðina og verður vonandi svo áfram. Málið er hins vegar að íslenskt efnahagslíf hefur gjörbreyst á undanförnum áratug, meðulin sem dugðu vel fyrir fjörtíu árum, geta beinlínis verið hættuleg íslensku atvinnulífi í dag.

Ég ætla að leyfa mér að vísa í orð Ágústs Guðmundssonar, forstjóra Bakkavarar, þegar hann sagði á viðskiptaþingi í fyrra „að það væri mýta að íslenskt hagkerfi þurfi á álverum að halda til þess að vaxa. Þeir sem trúa því eru í raun að lýsa yfir vantrausti á íslenskt atvinnulíf og getu þess til að skapa þjóðinni ný verðmæti“.

Ég trúi á hugvit og framsækni íslenskt atvinnulífs og segi NEI við stækkun álvers

*Höfundur er hagfræðingur.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Endalaust skólafrí

**UMRÆÐAN**
Hjálparstarf kirkjunnar



LYDÍA GEIRSDÓTTIR

Það líður að páskum, yndislegur tími sem einkennist af vori í lofti, skólafríi, samveru með fjölskyldu og ekki má gleyma páskaeggjunum.

Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar leiðum við um þessa páska hugann að börnum á Indlandi sem eru í endalausu skólafríi. Þessi börn eru dalítar sem tilheyra hinum stéttlausu, þeim lægst settu í indversku samfélagi.

*Skólaganga forðar börnum frá því að vinna myrkranna á milli sem veldur fötlun, rænir þau æsku sinni og viðheldur örbirgð.*

Það búa um 300 milljónir dalíta á Indlandi og einungis 37 prósent þeirra eru læs, í sumum samfélögum þeirra er læsi ekki meira en 10 prósent. Á hverri klukkustund er reiknað að ráðist sé á tvo dalíta, þremur konum nauðgað, tveir dalítar drepnir og tvö dalíta-hús brennd til ösku. Einungis 1 prósent af þeim glæpum sem framdir eru gegn dalítum rata inn í réttarkerfið. Þau dalíta-börn sem nú fá ekki að ganga í skóla eiga eftir að vaxa upp og verða hluti af þessum tölum ef þau ekki fá aðstoð. Það er staðreynd að sterkasta vörn gegn misrétti er menntun og að skólaganga er besta tryggingin gegn því að börn lendi í þrælavinnu og þeirri misnotkun sem henni fylgir.

Fátækt er ein helsta ástæðan fyrir því að börn ganga ekki í skóla og fátækt foreldra er ástæðan fyrir þrældómi barna. Fátækt er sorglegur vítahringur. Eitthvað kemur upp og fjölskylda þarf að taka lán, lán á jafnvel 100 prósenta vöxtum sem erfitt, ef ekki ómögulegt er að greiða upp. Ósvífnir lánveitendur taka þá börnin og láta þau vinna sem tryggingu fyrir endurgreiðslu lánsins. Lánveitanda er í sjálfsvald sett hvað hann greiðir í laun. Hann gætir þess vanalega að hafa launin nógu lág til þess að aldrei verði hægt að borga upp skuldina. Það er sorglegt en satt að meðalskuldin er oftast ekki hærri en 5.000 krónur.

Á árunum 1996-2005 leystu samstarfsaðilar Hjálparstarfsins, Social Action Movement-mannréttindasamtökin, 1.332 börn úr skuldaánauð og kom þeim í skóla. Öll vinna við að hafa upp á þrælabörnum og foreldrum þeirra, upplýsa þá og börnin um réttindi þeirra og hvetja þau til baráttu, fá foreldra í sjálfshjálparhópa, fá börnin í kvöldskólana sem samtökin reka og kennslan þar, er hluti af verkefninu. Og þetta er eina leiðin sem skilar varanlegum árangri.

Menntun opnar börnunum leið út úr örbirgð, gefur þeim tækifæri til þess að fá vinnu við annað en það sem tilheyrt hefur stöðu þeirra í samfélaginu um aldir og telst annaðhvort hættulegt, sóðalegt eða erfitt og enginn annar vill vinna. Skólaganga forðar börnum frá því að vinna myrkranna á milli sem veldur fötlun, rænir þau æsku sinni og viðheldur örbirgð.

Á undanförnum dögum hafa gíróseðlar verið að berast inn á öll heimili í landinu. Upphæðin á gíróseðlinum dugar til þess að halda barni á Indlandi í skóla og heimavist í einn mánuð. Þú getur líka stutt starfið með að gefa gjöf sem gefur. Gjafabréf Hjálparstarfsins er með bestu gjöfum sem hægt er að gefa. Að fá í gjöf að frelsa barn úr ánauð er til dæmis upplögð gjöf fyrir fermingarbarnið. Þú greiðir hjá okkur og færð fallegt kort til að gefa sem útskýrir hvað felst í gjöfinni. Við biðjum þig um þinn stuðning við að efla lærdóm frekar en þrældóm.

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.*




# Alltaf eitthvað nýtt

**UMRÆÐAN**
Málefni fatlaðra



GUÐNÝ JÓNSDÓTTIR

Það eru um sjö ár síðan ég byrjaði að vinna hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík (SSR). Ég fór í þetta staf fyrir hreina tilviljun, vantaði vinnu með framhaldsskóla og vissi raunverulega ekkert hvað ég var að fara út í. Ég þekkti ekkert til fatlaðra og hafði nánast aldrei séð fatlaðan einstakling. En það leið ekki langur tími þangað til ég féll alveg kylliflöt og hef ekki yfirgefið SSR síðan. Að vinna með fötluðum átti einstaklega vel við mig og átti þetta eftir að hafa mikil áhrif á líf mitt og framtíð.

Ég vann hlutavinnu hjá SSR með framhaldsskóla og það hjálpaði mér svo að velja framhaldsnám. Eftir stúdentinn lá leið mín strax í Kennaraháskóla Íslands þar sem ég lærði þroskaþjálfun. Starfssvið þroskaþjálfans er vítt og breitt, hægt að vinna á ólíkum stöðum, með ólíkar fatlanir og alla aldurshópa. Áhugasvið mitt breyttist innan skólans og breytti ég því um starfsstöð innan SSR, sem var lítið mál því þar er úr nógu að velja. Ég fór frá skammtímavistun fyrir börn og unglinga inn á sambýli fyrir fullorðið fólk.

Að vinna á heimilum annarra er mjög skemmtileg og um leið krefjandi vinna. Enginn dagur er eins og á hverjum degi lærir maður eitthvað nýtt. Það má kalla þetta hálfgerðan línudans því þú ert að aðstoða en þarft samt að passa þig að aðstoða ekki of mikið. Markmiðið er alltaf að einstaklingarnir séu sem sjálfstæðastir og að þeir lifi sem eðlilegustu lífi og taki virkan þátt í samfélaginu. Mér finnst yndislegt að taka þátt í þessu og lít á það sem viss forréttindi. Ástríða mín í starfi nær svo langt að oft dugar ekki að skilja vinnuna eftir í vinnunni heldur nýt ég þess að ræða um málefni fatlaðra í mínu daglega lífi. Með því vonast ég auðvitað eftir að ná að fræða þá sem lítið vita um þennan málaflokk og jafnframt að fræða almenning um hóp sem var kannski frekar falinn hér á árum áður. Maður nær langt með því að útskýra hlutina fyrir fólki sem ekki þekkir til, því yfirleitt er það fáfræði sem leiðir til fordóma.

Þegar ég kláraði mitt þroskaþjálfanám langaði mig að láta draum minn rætast um að skoða heiminn en jafnframt tengja það mínu aðaláhugamáli, að vinna með fötluðum. Leið mín lá til Indlands þar sem ég starfaði með fötluðum börnum í sex mánuði. Þetta var erfitt og krefjandi starf þar sem Indland er svo langt á eftir hinum vestræna heimi hvað varðar hugmyndafræði og aðstæður fatlaðra. Mér fannst ég ná góðum árangri þar og fann hvað vera mín og vinna þar þroskaði mig bæði sem einstakling og fagmanneskju. Þar gat ég notað reynslu mína frá SSR aftur og aftur og miðlað til indverskra kennara og foreldra. Ég kom enn sterkari þroskaþjálfi til baka og auðvitað var það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom til Íslands að sækja um vinnu hjá SSR.

SSR vinnur að málaflokki sem oft reynist erfiður á grundvelli þess að hin félagslegu málefni fá oft minni peninga, og þar af leiðir að ekki er hægt að gera allt það sem virkilega væri hægt að gera með endalausum peningum. SSR hefur að mínu mati tekist að vinna vel úr því sem stofnunin hefur til umráða og er ég stolt af því að vinna fyrir SSR. Möguleikar til frekari fræðslu eru til fyrirmyndar og tel ég það hafa þroskað mig að fara á þau námskeið og ráðstefnur sem mér hafa boðist. Ég hvet alla til að sækja öll þau námskeið sem bæði vekja áhuga og koma til með að bæta starf okkar innan eininga SSR.

Dagana 29. og 30. mars næstkomandi er ráðstefna á vegum félagsmálaráðuneytisins, Mótum framtíð, stefnur og straumar í félagslegri þjónustu. Þetta verður spennandi og fróðleg ráðstefna sem ég hlakka til að mæta á, enda vil ég hafa góða yfirsýn yfir þennan málaflokk sem þroskaþjálfi hjá SSR.

*Höfundur er þroskaþjálfi.*


CLARINS
PARIS
Það er staðreynd
að með Clarins er
lífið fallegra.
Clarins kynning í snyrtivörudeildum
Hagkaupa dagana 29. mars - 4. apríl.
Kynning á glæsilegri förðunarlínu og nýju
sumarlitunum. Sérfræðingar verða á
staðnum og gefa góð ráð varðandi
umhirðu húðar og förðun.
Glæsilegur kaupauki fylgir ef keypt
er fyrir 4.500 kr. eða meira*
30 ml Moisture Quenching Cream
30 ml Beauty Flash
100 ml One Step Water Comfort
10 ml Expertise 3P
*Gildir á meðan birgðir endast.
www.clarins.com
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**MARGRÉT LÓA JÓNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR ER 40 ÁRA Í DAG.**

*„Algleymi ástarinnar er einsog gítartónn sem ferðast milli heima.“*

*Lína þessi er fengin úr ljóðabókinni Tímasetningar sem kom út hjá Sölku árið 2005.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 29. MARS 1973**

## Bandarískt herlið fer frá Víetnam

Á þessum degi árið 1973 fór síðasti bandaríski hermaðurinn frá Suður-Víetnam. Tveir mánuðir voru þá liðnir frá því að friðarsamningur milli Bandaríkjanna, Norður- og Suður-Víetnam og Víetkong hafði verið undirritaður í París. Samningurinn kvað á um að allir stríðsfangar skyldu frelsaðir og var það gert á sama tíma.

Við brottför hermannanna lauk beinum afskiptum Bandaríkjamanna af Víetnamstríðinu sem hafði þá staðið yfir í átta ár. Sjö þúsund starfsmenn varnarmálaráðuneytis urðu þó eftir í Saígon til að aðstoða Suður-Víetnama í áframhaldandi stríði við norðrið.

Þrátt fyrir friðarsamninginn og brottför hermannanna stóð stríðið fram í apríl 1975. Þrítugasta apríl 1975 féll Saígon í hendur Norður-Víetnömum og þurfti þá að flytja síðustu bandarísku starfsmennina á brott með loftbrú. Seinna sama dag gáfust Suður-Víetnamar upp.



**VÍETNAMSTRÍÐIÐ** Síðustu bandarísku hermennirnir fóru frá Suður-Víetnam á þessum degi árið 1973.

**MERKISATBURÐIR**

**1638** Sænskir landnemar stofna byggðina Nýju-Svíþjóð þar sem nú er Delawareríki Bandaríkjanna.

1947 Gos hefst í Heklu og voru þá liðin 102 ár síðan síðast hafði gosið í fjallinu.

**1961** Lög um launajöfnuð kvenna og karla eru staðfest á Alþingi. Stóð til að fullu jafnrétti yrði náð 1. janúar 1967.

**1985** Maður fellur í jökulsprungu í Kverkfjöllum og var ekki bjargað fyrr en eftir 32 klukkustundir.

**1999** Hlutabréfavísitalan Dow Jones er 10006.78 stig við lokun markaðar og í fysta sinn yfir 10.000 stiga markinu.



†

*Bróðir minn, mágur og frændi okkar,*

**Jóhannes Björnsson**
frá Skagaströnd, Stóragerði 26,

lést aðfaranótt 24. mars síðastliðinn.
Útför fer fram föstudaginn 30. mars kl. 13 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

**Úlfar Björnsson, Hanna Georgsdóttir og systkinabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og vinur,*

**Jón Sigurðsson**
frá Núpskötlu, Krummahólum 4, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut að kvöldi 23. mars sl. Útförin fer fram frá Snartarstaðakirkju laugardaginn 31. mars kl 14.00.

**Ármann Freyr Jónsson** **Ragnheiður Jónsdóttir**
**Guðmundur Antonsson**
**Þorsteinn Már Guðmundsson** **Breki Guðmundsson**
**Haraldur Sigurðsson**
**Vigdís Valgerður Sigurðardóttir**
**Kristbjörg Sigurðardóttir**
**Hrafnhildur Einarsdóttir**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Ingunn Þorsteinsdóttir**
Gullsmára 5, Kópavogi,

sem lést fimmtudaginn 22. mars verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 2. apríl kl. 13.00.

**Þorsteinn W. Guðmundsson**
**Freyja María Þorsteinsdóttir**
**Sveinn Þorsteinsson** **Bylgja Þorvarðardóttir**
**Þuríður Elísa Þorsteinsdóttir** **Kolbeinn I. Birgisson**
**Kristrún S. Þorsteinsdóttir** **Sigurjón Þ. Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg J. Ingimundardóttir**
frá Efri- Ey,

andaðist föstudaginn 23. mars á dvalarheimilinu á Kirkjubæjarklaustri. Útförin fer fram frá Langholtskirkju í Meðallandi föstudaginn 30. mars kl. 14.

**Halla Jónsdóttir** **Magnús Emilsson**
**Sunnefa Jónsdóttir** **Ólafur Einarsson**
**Árni H. Jónsson** **Guðlaug B. Olsen**
**Svavar Jónsson** **Fjóla Þorvaldsdóttir**
**Eygló Jónsdóttir** **Jón Ingvar Pálsson**
**Ómar Jónsson** **Fanney Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**NÝR ÓPERUSTJÓRI RÁÐINN:** STEFÁN BALDURSSON LEIKSTJÓRI

# Margar ákvarðanir bíða næstu

Stefán Baldursson leikstjóri var ráðinn óperustjóri hjá Íslensku óperunni á þriðjudag. Hann var valinn úr hópi 24 umsækjenda um starfið en það felur í sér bæði listræna stjórnun og fjármálalega ábyrgð á rekstri Óperunnar. Stefán er enginn nýgræðingur í rekstri á leiklistarstofnunum. Hann var um langt skeið innanbúðar á leiklistardeild Ríkisútvarpsins, gegndi starfi leikhússtjóra Leikfélags Reykjavíkur í Iðnó í hartnær áratug og var þjóðleikhússtjóri í þrjú ráðningartímabil. Auk þess hefur hann gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum í íslensku menningarlífi, en jafnframt átt farsælan feril sem leikstjóri. Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun og hefur fyrirtækið verið rekið í nær aldarfjórðung í Gamla bíói, fimm hundruð sæta kvikmyndahúsi sem reist var í lok þriðja áratugar síðustu aldar við Ingólfsstræti í Reykjavík. Íslenska óperan nýtur styrkja frá íslenska ríkinu á fjárlögum en fær að auki drjúgan stuðning frá ýmsum einkafyrirtækjum til rekstursins.

Stefán tekur ekki til starfa fyrr en 1. maí. Þá á Bjarni eftir mánuð af sínum ferli. Mun verkefnaáætlun fyrir komandi starfsvetur komin langt á leið. Þegar hefur verið tilkynnt að ópera Strauss, Ariadne auf Naxos, verði á fjölunum í haust. Mun annað verkefnið einnig ráðið en í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Stefán að það væri ekki hans að tilkynna hvað það væri.

Í samtölum við fjölmiðla hefur hann lagt ríka áherslu á samband Óperunnar við almenning: „Já, það er mikilvægt að Óperan hafi gott samband við þjóðina. Það skiptir miklu máli. Óperan stendur á tímamótum: Ég þekki ekki tilboð bæjarstjórnar Kópavogs sem kynnt hefur verið í fjölmiðlum nægilega vel til að geta tjáð mig um það. Það verður að skoða ofan í kjölinn og kanna hvort þar er alvara að baki, hvort það sé raunhæf lausn á húsnæðismálum Óperunnar að það rísi óperuhús í Kópavogi. Nú svo er að rísa tónlistar- og ráðstefnuhús í næsta nágrenni við Óperuna. Það eru því margar og mikilsverðar ákvarðanir sem bíða næstu misserin.“

Í samtali við Stefán kemur í ljós að áhugi hans á óperum stendur á fornum grunni. Hann segir að raunar hafi hann heillast að óperum snemma. Fyrstu óperuna hafi hann eignast þegar hann var í landsprófi, og það hafi verið Carmen. Fyrsta sviðsetning óperu sem hann hafi séð hafi verið Don Pascale á sviði Þjóðleikhússins. Hann segist hafa séð 90 prósent af sviðsetningum á óperum hér á landi um fjögurra áratuga skeið og hafi líka verið iðinn að sækja óperur á erlendri grund. Hann hefur lagt áherslu á að óperan er sviðsrænt form: „Hún er spennandi sökum þess að þar ræður tónlistin ferðinni.“



**STEFÁN BALDURSSON NÝR STJÓRNANDI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR** Heillaðist ungur að óperuforminu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



†

*Ástkær móðir okkar,*

**Sigrún Sigurðardóttir**
Ásbjarnarstöðum,

lést mánudaginn 26. mars á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga.

**Börnin.**



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Guðmundur Össur Gunnarsson**
(Mummi),

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 30. mars klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda.**

**Júlíana Sóley Gunnarsdóttir.**



†

*Elskulegi eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Pétur J. Sigurðsson**
Ósi, Arnarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar 18. mars.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Patreksfjarðar fyrir góða umönnun.

**Þuríður Jónsdóttir,**
**börn og barnabörn.**

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242** • **Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5000.

# Tónleikar fyrir munaðarlaus börn

Styrktartónleikar fyrir munaðarlaus börn í Rúmeníu verða haldnir í Aðventkirkjunni í Reykjavík í kvöld. Flytjendur verða Davíð Ólafsson, Hlín Pétursdóttir, Kristina og Sonja Guðnadætur. Allur ágóði rennur til heimilis fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn í barnaþorpi Alþjóðlegu barnahjálparinnar í Odobest í Rúmeníu.

„Það hefur verið draumur lengi að vera með styrktartónleika til að kynna betur starfsemina heima og úti, þannig að fyrir þessa tónleika fengum við þetta frábæra fólk til liðs við okkur," segir Þóra Lilja Sigurðardóttir.

Rúmenía glímir við afar hátt hlutfall yfirgefinna barna. Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna áætlar að tíu þúsund börn séu skilin eftir ár hvert á spítölum í Rúmeníu í að minnsta kosti sjö daga. Opinberar tölur herma að nú séu 32.000 börn í umsjón ríkisins og götubörn séu fimm þúsund. Götubörnin eru allt niður í þriggja ára gömul. Mannréttindasamtök telja að tölur yfir munaðarlaus og yfirgefin börn séu enn hærri og sífellt berast fréttir af brotalömum í rúmenska kerfinu.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og er miðaverð 1.500 krónur.

- fb



**FLORIN OG MARÍA** Florin og María, tvö af börnunum í Odobest í Rúmeníu, að leik.

## AFMÆLI



**Elle Macpherson** fyrirsæta er 44 ára.



**Rui Costa** fótboltamaður er 35 ára.



**Hera Björk Þórhallsdóttir** söngkona er 35 ára.

# missera

Það er trukk í óperum á Íslandi þessar vikurnar: Óperusmiðjan frumsýndi tvo óperuþætti eftir Puccini á föstudag; annan í páskum verður Cavalleria Rusticana frumsýnd í Gamla bíói; í þessari viku hefur karlakórinn Fóstbræður frumflutt nýja gamanóperu eftir Jón Ásgeirsson. La Traviata verður sett upp á sæluviku Skagfirðinga 29. apríl.

Íslenska óperan hefur verið gagnrýnd fyrir að koma ekki íslenskum verkum á svið. „Það er mikilvægt að Óperan rækti og sinni nýsmíð á óperuverkum, hún komi íslenskum óperum á svið eins og efni leyfa og tækifæri eru til," segir Stefán.

Stefán var í þriggja manna matsnefnd sem kom að lokavinnslu á tillögum að tónlistarhúsinu nýja: „Þetta var ferli sem stóð í nær ár og reyndist mjög spennandi þróunarverkefni. Verkinu var skilað í áföngum og jafnan leitað álits hjá fagaðilum við hvern áfanga og því breyttist ýmislegt á þessu skeiði. Tónlistarhúsið er heimili sinfóníunnar en hún mun aðeins leika þar 50 til 60 kvöld á ári. Þar verður margs konar önnur tónlist flutt. Það hefur því verið talað um að þar komi upp í aðalsalnum óperur og söngleikir meðal annars. Það er ekki hannað sem leikhús, hefur ekki turn fyrir flugkerfi, en þar verður hljómsveitargryfja og má koma hringsviði, auk þess sem ljósabúnaður verður fullkominn og mjög hefur verið rýmkað um aðkomuleiðir á sviðið."

Er nema von að Stefán svari að bragði þegar hann er spurður hvað sé títt: „Allt gott."

pbb@frettabladid.is















# STUÐ MILLI STRÍÐA Vonbrigði lífsins

**ROALD EYVINDSSON** UPPGÖTVAÐI AÐ BARCELONA-BÚA BRÁÐVANTAR C.S.I.



Fyrir ári lentum við betri helmingurinn í skelfilegum hremmingum þegar við urðum fyrir barðinu á fingralöngum hótelstarfsmönnum í Barcelona.

Við höfðum skroppið þangað í rómantíska ferð til að halda upp á níu ára samvistir og dvöldum á fábrotnu og ódýru hóteli skammt frá Römblunni, þar sem starfsmönnunum stakk ekki bros á vör öðruvísi en þeir sæju glitta í seðla.

Á stórafmælinu sjálfu skruppum við turtildúfurnar á kaffihús og létum okkur dreyma um glæsta framtíð í glæsivillu á eyju í Karíbahafinu. Sáum okkur í anda sötrandi kaldan bjór í sólinni, umkringda húllum, sveiflandi blævængjum til að svala okkur í steikjandi hitanum.

Við vorum svo glaðir þegar við snerum til baka að draumurinn hefði allt eins getað verið orðinn að veruleika. Uppi á herbergi snerist hann hins vegar fljótt upp í martröð þegar uppgötvaðist að við höfðum verið rændir! Og þjófarnir höfðu ekki tvínónað við hlutina heldur haft á brott með sér tölvur, iPod, vegabréf og peninga, sem við höfðum falið af því að við treystum ekki á öryggishólf hótelsins.

Lögreglan var kölluð til og eftir árangurslausa húsleit beindist grunur brátt að starfsfólkinu: Fýlulega móttökustjóranum, matráðsdömunni með skögultönnina og austurevrópsku herbergisþernunni, sem var vafalaust útsendari rússnesku mafíunnar. Enginn gaf sig þó fram og við áttum því ekki annarra kosta völ en að fara á lögreglustöðina til að gefa skýrslu.

Við höfðum með bol sem þjófarnir höfðu skilið eftir í hita leiksins, handvissir um að lögreglan myndi nota hann til að svipta hulunni af illræmdri glæpaklíku, alveg eins og í sjónvarpinu. Lögregluþjónninn sem tók skýrsluna skellti hins vegar upp úr, gerði sér lítið fyrir og henti bolnum í ruslið. Mér fannst ég hafa verið niðurlægður, nánast svívirtur, þegar ég yfirgaf stöðina. Ekki nóg með að vera orðinn löggiltur öreigi, heldur var C.S.I. eintómt plat.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






- 15.4" WSXGA+ breiðskjár (1680x1050)
- Innbyggð 1.3MP vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T7200 2.00GHz örgjörvi
- nVidia GeForce Go 7700 512MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz háhraða vinnsluminni
- 160GB harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Þráðlaust 802.11a/b/g netkort
- Innbyggður kortalesari SD/MMC/MS/MS PRO
- DVD Dual Layer brennari með Light scribe
- 4 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II
- Parallel, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Styður SIR-115.2Kbps
- Bluetooth
- Windows Vista Ultimate stýrikerfi
- Glæsilegur bakboki fylgir
- Öflug MX518 lasermús fylgir

**TILBOÐ kr. 199.900**

FULLT VERÐ kr. 249.990



**Creative Live Cam Voice**
1,3 Megapixel vefmyndavél með 1280x960 upplausn, 30fps, 4x digital zoom, 5MP kyrrmyndavél, 85° ultra víðlinsu, míkrafóni og USB 2.0.

**TILBOÐ kr. 7.990**

FULLT VERÐ kr. 8.990



**Razer Copperhead**
2000 punktar, 1000Hz, 1MS í svartíma, 32kb minni. Eykur hraða og nákvæmni. 2.5x hraðvirkari en meðal mús.

**Kr. 6.990**



**Asus Silent Square**
Rosalega góð örgjörvakæling sem gengur á flestar gerðir AMD og INTEL örgjörva. Aðeins 18db.

**Kr. 6.990**



**NoiseBlocker kassaviftur**
Breið lína af kassaviftum með og án hraðastilla. Lágmarks hávaði og hámarks kæling – Allt niður í 11db.

**Frá kr. 1.290**



**ASUS 8800GTX**
Hraðvirkasta kortið og mest verðlaunaði framleiðandinn. Með PCI-EX16, 1800MHz, 768MB DDR3, 2x DVI og HDTV out. Styður DirectX 10.

**Kr. 64.990**



**Sound Blaster Xtreme Gamer Fatal1ty**
Alvöru tónar og snerpa. X-Fi - 51 milljón brautatengla og 10.000+ MIPS

**Kr. 15.990**



**Sound Blaster Elite Pro**
Búðu til tónlist frá A –Ö. Með Dolby Digital, THX, DTS ES, útstöð og fjarstýringu. Tónlistarforrit fylgja.

**Kr. 29.990**

VERÐLAUNA SKJÁR

MEÐ INNBYGGÐRI 1.3 MEGAPIXEL VEFMYNDAVÉL



**Asus PG191**
19" LCD með PowerBass hátalarakerfi (uppáhald leikjaspilara), 2MS í svartíma, 1280x1024 upplausn, 800:1 skerpu, VGA & DVI tenglum, USB tengi og SPLENDID Video.

**TILBOÐ kr. 39.990**

FULLT VERÐ kr. 44.990




**ASUS MW221**
22" breiðtjaldsskjár með 2MS í svartíma, 1680x1050 upplausn, 700:1 skerpu, VGA & DVI tenglum og SPLENDID Video tækni.

**TILBOÐ kr. 49.990**

FULLT VERÐ kr. 59.990



**Creative GIGAWORKSS750 THX**
Flottasta hljóðkerfið fyrir tölvur, MP3, geislaspilara ofl. með 7 öflugum 70w RMS hátölurum, 210w RMS bassaboxi, 700w RMS magnara, THX vottun, Audio Control Pods stýrk- og tónstilli og fjarstýringu.

**TILBOÐ kr. 69.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# TAKKAR

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

SPEED LINK · ASUS · PHILIPS · CREATIVE · RAZER · NOISEBLOCKER

! **Kl. 12.00**
*Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur standa yfir tvær sýningar í tilefni af frönsku menningarkynningunni Pourquoi pas? Ljósmyndararnir Jo Duchene og Damien Peyret sýna og standa sýningarnar til 26. maí.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Vorblær yfir efnisskránni

Tenórinn Jónas Guðmundsson og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari halda tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld og flytja sjaldheyrðar ljóðaperlur.

„Á efnisskránni í kvöld er tónlist og lög sem ég hef sankað að mér á námsárum mínum," segir Jónas, „þetta er músík sem mig hefur alltaf langað til að flytja á tónleikum en aldrei látið verða af fyrr en nú." Hann útskýrir að nokkur vorblær sé yfir hluta efnisskrárinnar en þar er að finna nöfn á borð við Beethoven, Liszt, Respighi og Rachmaninoff.

Jónas hefur verið búsettur í Berlín síðan hann útskrifaðist frá Royal Academy of Music árið 2005 og hefur gert þaðan út sem óperusöngvari og starfað töluvert í Þýskalandi, sem og á Bretlandi og Ítalíu. Næstu verkefni Jónasar eru tónleikar með Söngsveitinni Fílharmóníu í byrjun apríl og hlutverk Tebaldo í I Capuletti e i Montecchi eftir Bellini með Grange Park Opera næsta sumar.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20.



**JÓNAS GUÐMUNDSSON SÖNGVARI OG ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI** Þriðju tónleikar söngvarans unga í Salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## > Ekki missa af …

sýningum á einleiknum **„Power of Love – hið fullkomna deit"** í **Austurbæ**. Leikskáldið og flytjandinn **Halldóra Malin Pétursdóttir** er nýkomin heim frá leiklistarhátíðum á meginlandinu og hefur nú fengið tveggja manna stórsveit tónlistarfólks til liðs við sig, **Pál Ivan Pálsson** og **Kristínu Þóru Haraldsdóttur**.

Tvær sýningar eru eftir, kl. 20 í kvöld og annað kvöld, en síðan er í skoðun hvort efnt verður til aukasýninga.



# Dagar og nætur

Næstu þrjú kvöld verður á þriðju hæð Borgarleikhússins flutt verkið Krónikur dags og nætur eftir Xavier Durringer í þýðingu Ástu Ingibjartsdóttur og Margrétar Óskarsdóttur og hefst sýningin kl. 20. Sýningin er samstarfsverkefni menningarhátíðarinnar Franskt vor á Íslandi „Pourquoi pas?" og Háskóla Íslands.

Xavier Durringer er fæddur 1963 í París. Árið 1989 stofnaði hann leikflokkinn „La Lésarde" og hefur starfað með honum bæði sem höfundur og leikstjóri. Durringer hefur einnig leikstýrt kvikmyndum og tónlistarmyndböndum og mörg verka Durringer eru uppfærð á ári hverju og ekki aðeins í Frakklandi heldur einnig í mörgum löndum þar sem verk hans hafa verið þýdd. Sýningin Krónikur dags og nætur er byggð á bók Durringer „Les chroniques des jours entiers et des nuits entières" sem inniheldur fjölmarga stutta prósatexta og samtöl. Verkefni leikstjóra og þýðenda var að finna 26 texta héðan og þaðan úr bókinni og mynda þannig eina heild sem sýnir glöggt viðfangsefni höfundar; firringu, ofbeldi og tilgang eða



**LEIKLIST** Ingibjörg Þórisdóttir leikstjóri.

tilgangsleysi í mannlegum samskiptum sem og um lífið, ástina sem við dreymum um, og dauðann að lokum. Tilgangur verksins er um leið að fá fólk til að spyrja sig spurninga, réttu spurninganna en ekki endilega svara þeim. Flytjendur eru þau Ásta Ingibjartsdóttir, Gunnar Gunnsteinsson, Jóhann Meunier og Margrét Óskarsdóttir. Búningar og leikmynd gerir Þórunn María Jónsdóttir en ljós annast Sólveig Eggertsdóttir. Leikstjóri er Ingibjörg Þórisdóttir.

# Hönd goðsins Týs

Í kvöld er rannsóknarkvöld á vegum Félags íslenskra fræða og hefst kl. 20 í húsi Sögufélagsins, Fischersundi 3, samkvæmt venju. Þá flytur Marteinn H. Sigurðsson erindi sem hann nefnir: Einhendr áss: Um goðið Tý og samnefnda rún. Þar mun Marteinn fjalla um ásinn Tý og helstu heimildir um hann, Snorra-Eddu og Lokasennu.



Hugmyndin um hinn einhenda ás er almennt álitin ævaforn og hið sama á við um nafn Týs. Efasemdir um heiðinn uppruna Týs vakna þó þegar hugað er að samnafninu týr (ft. tívar) í merkingunni goð, áss. Í erindinu verður reynt að varpa ljósi á söguna um handarmissi Týs í tengslum við samnefnda rún.

Marteinn H. Sigurðsson er M.Phil. í miðaldasögu frá háskólanum í St. Andrews í Skotlandi og doktor í norrænum fræðum frá háskólanum í Cambridge á Englandi.

Þeir sem eru félagar í Félagi íslenskra fræða geta mætt snemma en á undan erindi Marteins verður haldinn aðalfundur Félags íslenskra fræða, og hefst hann kl. 19.

# Bóklistaverk og aðrar bækur

**Áfram halda veisluhöld vegna franska vorsins: nú eru menn minntir á framlag Frakka til bókmennta og fræðiritaútgáfu. Það er gert með sýningu í Þjóðarbókhlöðunni við Suðurgötu sem opnuð verður í dag. Af því tilefni kemur út bóklistaverk svokallað með ljóðum á báðum tungunum, íslensku og frönsku, eftir Sigurð Pálsson, myndlýst af Bernard Alligand.**



**SIGURÐUR PÁLSSON LJÓÐSKÁLD** Þýdd ljóð hans um garðinn eru í tvítyngdu bóklistaverki sem komið er út. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Það er hinn trausti samverkamaður Íslendinga í París, Regis Boyer, sem þýðir ljóð Sigurðar. Verkið kallast Garðurinn – Jardin – og er bókin gefin út í sjötíu eintökum sem öll eru árituð af listamönnunum.

Bóklistaverk af þessu tagi eru ekki þekkt hér á landi þótt þau þekkist en þá einkum úr höndum myndlistarmanna. Í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu eru þau vel þekkt og nánast litið á þau sem sérstakt listform. Er sérvalinn til þeirra pappír, brot oft sérstakt, prentsverta sérvalin, flest eru þrykkt með gömlu blýsetningunni eða þrykkt með aðferðum grafíkur og þá með sérhönnuðum leturgerðum.

Sigurður Pálsson sagði í viðtali við Fréttablaðið að vandamál hefðu komið upp í vinnslu verksins sem bentu til að við værum að glata gömlum verðmætum í prentlistinni. Þegar til kom að velja letur í Garðinn, sem prentaður er í frægri prentsmiðju í París sem sérhæfir sig í bókagerð sem þessari, var valin leturtegundin rómverskur Bodoni. Frakkana vantaði þá bæði þ og ð í letrið sitt og var leitað logandi ljósi að blýstöfum af þessari gerð. Þá kom í ljós að hin forna fimm hundruð ára prentaðferð sem Gutenberg fann upp er horfin á Íslandi og tækjabúnaður henni tengdur að mestu farinn forgörðum. Fyrir milligöngu Björns Sigurjónssonar hjá Prenttæknistofnun fundust þ og ð í Bretlandi. Raunar munu prentpressur ekki fleiri eftir í landinu en sem telja má á fingrum annarrar handar og væri vont ef svo færi að þær hyrfu alveg.

Sigurður segir ljóðin í bóklistaverkið vera úr Garðasyrpu sem hann sagði úr bók sinni Ljóð námu menn. Bókverk af þessu tagi hafi menn lengi stundað hjá Matarasso-fjölskyldunni sem gefur verkið út. Hinn aldni útgefandi, Jacques Matarasso, er hér á landi ásamt konu sinni vegna þessa tilefnis, en hann kom að útgáfu súrrealistanna sem ungur maður í bókaverslun föður síns á St.Germain de Pres í París miðri og á langan feril sem útgefandi slíkra verka suður á strönd í Nice. Engin tvö eintök eru eins af bókum sem þessum og þær fara einkum til safnara.

Samfara sýningunni á bók Sigurðar verður fjöldi merkilegra franskra fræðirita í kössunum í Þjóðarbókhlöðunni. Þeirra á meðal Alfræðiorðabók sú sem Diderot ritstýrði á sínum tíma fyrir Lebreton, prentara Lúðvíks XVI, sem gefið var út í Lousanne og Bern 1778-1781 og er frægur prentgripur og einstakur. Þá bók stóð til að Gallimard herforingi sem hingað kom með fríðu föruneyti á nítjándu öld færði íslensku þjóðinni að gjöf, segir Benedikt Gröndal, en varð ekki úr. Menn í embættismannastétt á Íslandi höfðu þá ekki áhuga á svona bókaflokki um allt milli himins og jarðar. Nú má sjá hana undir gleri í Þjóðarbókhlöðunni.

pbb@frettabladid.is






*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

**Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði**

CONCERT

# Páskatónleikar Sinfóníunnar

Á páskatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld flytur sveitin óratoríuna Paulus eftir Felix Mendelssohn ásamt fjórum einsöngvurum og Mótettukórnum. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Magnús Baldvinsson bassasöngvari þreytir frumraun sína með Sinfóníuhljómsveitinni í kvöld en hann syngur titilhlutverkið. Aðrir einsöngvarar eru Jutta Böhnert frá Þýskalandi, Sigríður Aðalsteinsdóttir og Gunnar Guðbjörnsson. Magnús er einmitt einn af stofnendum Mótettukórsins og hefur margoft komið fram sem einsöngvari með honum. „Það er svolítið gaman að segja frá því að við Hörður Áskelsson, sem höfum starfað með Mótettukórnum í 25 ár, erum báðir að debútera með Sinfóníunni á þessum tónleikum,“ segir Magnús hógvær. Hann tekur undir þá kenningu stjórnandans að óratoría þessi sé trúarjátning gyðingsins Mendelssohns sem snerist til kristni þegar hann var kominn á fullorðinsár.

Magnús segir verkið mjög áhrifamikið en efniviður þess er viðburðarík ævi Páls postula.

Tónleikarnir hefjast kl. 19.30.


**FRÁ ÆFINGU SVEITARINNAR** Óratorían Paulus verður flutt hér á landi í annað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## NÝJAR BÆKUR

Vorhefti tímaritsins **Þjóðmála** er komið út. Meðal efnis í heftinu eru greinar eftir Björn Bjarnason um kosningaskjálfta framsóknarmanna og stjórnarsamstarf Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks. Geir Ágústsson skrifar um opinber fjármál og Hannes Hólmsteinn Gissurarson reifar málflutning prófessoranna Stefáns Ólafssonar og Þorvaldar Gylfasonar um íslenska hagsæld. Meðal annarra höfunda efnis í ritinu eru Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Ragnar Halldórsson og Matthías Johannessen sem birtir þar kvæðið „Um innra mann“. Aukinheldur er að finna fjölmarga bókadóma í heftinu. Ritstjóri Þjóðmála er Jakob F. Ásgeirsson en útgefandi er Bókafélagið Ugla.




Út er komin ljóðabókin **Svalt** eftir Sigurbjörn Þorkelsson. Í bókinni eru 164 ljóð í tíu sjálfstæðum köflum en umfjöllunarefni þeirra eru fjölbreytt. Þar má meðal annars finna minningarljóð um foreldra skáldsins sem létust á síðasta ári, ljóð um tilfinningar, trega, vonbrigði og dimma daga, ljósið, vonina og eilífðina. Bókin er fimmtánda verk höfundar og hans fjórða ljóðabók en hann gaf til dæmis út bókina Sítenging SMS – 90 smáskilaboð á síðasta ári. Ljósmynd á kápu gerði Örn Sveinsson en um hönnun og umbrot sá Heimir Óskarsson. Sigurbjörn gefur stærstan hluta upplagsins og leitast við að koma bókunum fyrir við hinar ýmsu þjóðbrautir lífsins.





GERÐUBERG
www.gerduberg.is


RÚRÍ Tími - Afstæði - Gildi
Sýning frá glæstum listferli
Sjá www.ruri.is Útvarpað er frá sjónþingi Rúríar á Rás1 sunnudaginn 1. apríl


Óður til íslenskrar náttúru
Guðlaug I. Sveinsdóttir sýnir málverk og vefnað


Vissir þú af...
góðri aðstöðu fyrir veislur, námskeið, fundi o.fl.
Nánar á www.gerduberg.is

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11 - 17 og um helgar kl. 13 - 16 • sími 575 7700






Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
29. mars fim 5 sýning kl.20
30. mars fös 6 sýning kl. 20
31. mars lau 7 sýning kl. 16
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is










Þjóðin veit hvað hún vill

Fréttablaðið eykur forskotið

Auglýsendur athugið. Nýjasta lestrarkönnun Capacent sýnir að bilið milli Fréttablaðsins og annarra dagblaða eykst svo um munar. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

## > GOTT GLÁP



**The Illusionist**: Edward Norton fer á kostum í hlutverki töframannsins Eisenheim og Paul Giamatti gefur honum ekkert eftir í þessari hádramatísku spennumynd á tímum aðalsmanna og konungsfólks.



**300:** Þótt sitt sýnist hverjum um söguskoðun Hollywood og Franks Miller er 300 ein þeirra mynda sem gera ferðir í kvikmyndahús þess virði.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN RÓSA GUÐNÝ ÞÓRSDÓTTIR LEIKKONA

# *Afskaplega hrifin af Christian Bale*

**Hver er uppáhaldsmyndin þín?** „Ég sá eina mjög góða um daginn sem heitir The Machinist með Christian Bale. Síðan er líka önnur eldri með honum, Empire of the Sun, þar sem hann leikur barn. Hún er mjög góð. Þessar eru efstar í huga hjá mér núna.“
**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** „Vef Karlottu, sem var sæt fjölskyldumynd.“
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** „James Bond, nýju. Ég er svo gamaldags að ég fussaði svolítið yfir henni því mér finnst of mörg slagsmál í henni. Ég vil hafa Bond snyrtilegan og græjurnar koma of seint til skjalanna fyrir minn smekk. En hann var voða sætur sjálfur.“
**Hefur þú grátið í bíó?** „Já, mjög oft. Ég man eftir einu eftirminnilegu mómenti í Secrets and Lies eftir Mike Leigh þar sem maður bæði grét og hló.“
**Uppáhalds íslenska persónan?** „Hann var mjög eftirminnilegur í Englum alheimsins hann Ingvar og líka hún Margrét Helga sem Úa í Kristnihaldi undir jökli.“
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma?** „Audrey Hepburn og Humphrey Bogart. Flottust af þessum eldri er Helen Mirren. Svo er ég afskaplega hrifin af Christian Bale.“
**Mesta hetja hvíta tjaldsins?** „Sean Connery, hann er flottur.“
**Mesti skúrkurinn?** „Jack Nicholson er mesti skúrkurinn þegar hann tekur sig til. Hann er ansi vondur í The Shining þegar hann er hvað geðveikastur.“
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** „Af því að ég er komin á þennan aldur myndi ég vilja leika konu með góða fortíð. Myndin myndi gerast í undirheimunum á meðal utangarðsfólks. Hún yrði svona Mike Leigh-leg eins og hann var hérna áður fyrr í sínum fyrstu myndum. Ragnar Bragason leikstýrir og ég myndi vilja leika á móti Ingvari.“



# Skóli fyrir aumingja

Kvikmyndin School for Scoundrels segir frá Roger, ungum New York-búa, sem hefur lítið sjálfstraust og þjáist af ofsakvíða. Til að komast yfir þessa veikleika sína er Roger skráður í leynilegan skóla þar sem Dr. P ræður ríkjum. Sá beitir heldur óhefðbundnum aðferðum til að lækna sjúklinga sína. School for Scoundrels er endurgerð á samnefndri breskri gamanmynd frá árinu 1960. Þeir Todd Philipps og Scot Armstrong, sem áttu heiðurinn af hinni ofurvinsælu Starsky&Hutch og Old School, skrifa handritið og leikstýra en með helstu hlutverk fara þeir Billy Bob Thornton og Jon Heder.



**ROGER** Er ekki beint í sambandi við „ljónseðlið“ sitt eins og Dr. P kýs að kalla það.

# Snúa bökum saman

Grænu ofurskjaldbökurnar sem sigruðu heiminn fyrir tæpum tveimur áratugum eru mættar aftur en nýjasta myndin verður frumsýnd nú um helgina. Margt hefur breyst síðan skjaldbökurnar birtust síðast á hvíta tjaldinu. Hópurinn hefur tvístrast. Rottan og lærimeistari þeirra þarf hins vegar á hjálp þeirra að halda þegar hann kemst á snoðir um ráðabrugg hins illa Maximillian J. Winters sem hefur notað alla sína þekkingu til þess eins að búa til mikla óvætti. Hetjurnar úr skólpræsum New York-borgar verða því að sameinast á ný og beita öllum sínum ninja-brögðum til að ráða að niðurlögum hins nýja óvinar.

Ólíkt fyrstu myndinni um skjaldbökurnar eru leikarar víðs fjarri. Hér er einungis notast við tölvuteikningar. Meðal þeirra sem ljá persónunum rödd sína má nefna Patrick Stewart, .



**SKJALDBÖKURNAR** Þurfa að snúa bökum saman til að berjast gegn Maximillian.

# Hin sanna list öfuguggans

**Í myndinni „The Pervert Guide to Cinema“ sem félagsskapurinn Reykjavík Documentary Workshop sýnir í kvöld má fá skyndikúrs í því hvernig hvatalíf mannsins brýst út í sköpunarverkum hvíta tjaldsins. Látið ekki titilinn blekkja ykkur.**

Leiðsögumaður í mynd bandaríska leikstjórans Sophie Fiennes er slóvenski heimspekingurinn Slavoj Zizek sem þar skautar um hinar ýmsu senur margra af frægustu kvikmyndum sögunnar og veltir fyrir sér sambandi þráa mannskepnanna og fantasíunnar sem þær skapa. Zizek þessi er goðsögn í menningarfræði nútímans, sumir segja poppstjarna, og kenna hann við Elvis heimspekinnar, en hann er á leið hingað til lands ásamt leikstjóranum sem verður viðstödd sýninguna í kvöld og svarar spurningum að henni lokinni.

Meðal þeirra mynda sem hinn óforskammaði spekingur greinir eru The Excorcist og teiknimyndin um Lísu í Undralandi, The Matrix og Fight Club. Myndir leikstjóra á borð við Hitchcock, Tarkovsky, Lynch og Chaplin verða einnig uppspretta vangaveltna Zizeks um kvikmyndaformið en hann afkóðar hvatalífið í senum þeirra og rekur saman við kenningar sálgreinendanna Freuds og Lacans á einkar aðgengilegan hátt. Hverjum hefði svo sem dottið í hug að tengja hlutverkaskipti Marx-bræðra við kenningar Freuds um Id, Ego og Superego?

Markmið Zizeks er á vissan hátt að sýna áhorfendum hvað kvikmyndir geta sagt okkur um okkur sjálf en að hans mati er kvikmyndalistin hin sanna list öfuguggans: „Hún sýnir þér ekki það sem þú þráir heldur segir þér hvernig á að þrá.“ Hann kemur inn á tengsl fantasíunnar og raunveruleikans, gægjuhneigðir, efnishyggju, huglægni og kynferði en eitt meginstefjanna hjá Zizek er að fantasían sé átakasvæði kynjanna. Þannig reynir Zizek að opna augu áhorfenda fyrir því sem býr að baki sögum og aðstæðum sem birtast okkur í kvikmyndum og hvernig við metum þær. Þess má geta að það er haft eftir leikstjóranum að hún sé ekki lengur viss um hvort konur og karlar horfi og hlusti eins á kvikmyndir eftir reynslu sína af gerð þessarar myndar.

Leikstjórinn Sophie Fiennes er sjálfmenntuð í kvikmyndagerð en hefur til að mynda unnið sem læringur hjá leikstjóranum Peter Greenaway. Í þessari mynd fer hún einkar frumlegar og áhrifamiklar leiðir til að koma fræðilegri kvikmyndagreiningu Zizeks á framfæri á aðgengilegan hátt.



Myndinni er skipt í þrjá kafla en formið er afar opið. Fiennes vefur þennan undarlega sjarmerandi heimspeking saman við senur kvikmyndanna og ljóst er að töluverð vinna hefur farið í að endurgera sviðsmyndir og áferð gamalla mynda því þótt brellur þær séu ekki aðalatriðið eru áhrifin mikil.

Í myndinni minnir Zizek á köflum á kókaðan David Attenborough, smitandi áhugi og ákefð hans og óvenjuleg staðsetning „inni í“ kvikmyndunum sjálfum kallast








**Í KRÖPPUM DANSI** Þeir Angel og Butterman þurfa að grípa til vopna þegar glæpagengi láta á sér kræla í litlum smábæ.

# Löggugrín

Kvikmyndin Hot Fuzz verður frumsýnd í Laugarásbíói og Sambíóunum Álfabakka um helgina en hún er gerð af þeim sömu og stóðu að baki grínhrollvekjunni Shaun of the Dead sem sló í gegn fyrir þremur árum.

Nicholas Angel rannsóknarlögreglumaður er svo góður í sínu starfi að allir aðrir í kringum hann líta út fyrir að vera aumingjar. Og spilling innan lögreglunnar verður til þess að Angel er fluttur úr stórborginni yfir í hið rólega úthverfi í Sandford. Þar kemst hann í kynni við Danny Butterman sem á sér þann draum heitastan að verða eins og Mel Gibson en nágrannaerjur bjóða ekki beint upp á bílaeltingarleiki og skotbardaga. En ekki er allt sem sýnist í þessum smábæ og eins og hendi sé veifað hefur glæpagengi skotið rótum. Sem fyrr eru þeir Simon Pegg og Nick Frost í aðalhlutverkum en þeir eru dyggilega studdir af Bond-leikaranum Timothy Dalton, Nonna og Manna-stjörnunni Scott Wilson og Martin Freeman úr The Office.

# Burton býður upp á meiri dýpt

Blaðamenn Hollywood Reporter halda því fram að útgáfa á 3D- útgáfunni á hinni kunnu költ-mynd Tims Burton, Martröð fyrir jólin, hafi gerbreytt stöðu þessa forna forms í sýningu kvikmynda. Fyrir þann tíma var 3D-tæknin helst notuð til að sýna þær fáu og fáfengilegu kvikmyndir sem Hollywood hafði gert með þessari framköllunar- og sýningartækni sem útheimtir sérstök sýningartæki. Fyrirbærið er kennt við þriðju víddina og gefur dýptartilfinningu í augum áhorfenda.

Í nýrri verkum var það Disney sem reið á vaðið: „Chicken Little“ kom út í nóvember 2005. Monster House fylgdi á eftir í júlí í fyrra og þá voru þeir James Cameron og Robert Zemeckis komnir á bragðið. Svo kom endurútgáfan af mynd Burtons í 168 bíóhúsum og allir græddu 8,7 milljónir dala. Þá var ekki að sökum að spyrja.

Ameríski kvikmyndaiðnaðurinn er í krísu: krakkarnir hafa ekki lengur áhuga á öllu því sem miðaldra kaupsýslumenn framleiða í sínum glerhöllum. Því er gríðarlegum fúlgum nú eytt í að velvæða bíóhúsin fyrir nýja tækni og Samfilm hér á Íslandi hafa hoppað á þann vagn. Nýja tæknin byggist á stafrænu formati og hefur hrint fram endurnýjun í kvikmyndahúsum um Bandaríkin: 2000 salir af fjörutíu og þrjú þúsund eru orðnir stafrænir. Og þá kemur inn samkeppnin. Menn eru ekki búnir að koma upp staðli svo stærstu keðjurnar eru að setja upp mismunandi tæki – sem ekki tala saman. Og fleira kemur til greina í endurvarpi um hin stafrænu kerfi: íþróttaviðburðir og tónleikar verða líka í boði. Tilraunir eru þegar hafnar með dreifingu á NBA-leikjum í beinni í hinni nýju tækni á Los Angeles svæðinu. Þá er þegar ákveðið að á næsta ári verði dreift konsert með U2 á þessu nýja formati og náttúrulífsefni frá National Geographic. - pbb



**TIM BURTON** Brúðumynd hans hefur hleypt af stað nýju æði í vélvæðingu kvikmyndahúsa.



**MARTRÖÐIN FYRIR JÓLIN** Þrívíddar-útgáfa myndarinnar hefur gerbreytt stöðu kvikmyndalistarinnar.



**JEDÚDDAMÍA!** Zizek í herbergi andsetnu stúlkunnar í The Exorcist.

MYND/THE PERVERT GUIDE TO CINEMA

á við föðurlega miðlun meistara náttúrulífsmyndanna en sá fyrrnefndi er mun brjálaðri til augnanna og orðfærið býsna vogað og grafískt. „The Pervert Guide to Cinema“ er þannig óvenjulegt fræðslumyndband í alla staði en afar lærdómsríkt á að horfa.

Sýningin verður í Norræna húsinu í kvöld kl. 19 en aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Næstkomandi laugardag býður RDW síðan upp á ókeypis námskeið þar sem Fiennes ræðir um heimildamyndaformið. kristrun@frettabladid.is

# Ástir og örlög frú Potter

Kvikmyndin Miss Potter verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina en hún segir frá ævi og ástum barnabókarhöfundarins Beatrix Potter. Potter hefur glatt börn úti um allan heim en neyddist til að halda ástarlífi sínu fyrir sjálfa sig. Potter þótti með eindæmum hæfileikarík og skömmu eftir að hún gaf út sína fyrstu bók féll rithöfundurinn fyrir útgefanda sínum, Norman Warner. En velgengni Potter þýddi að hún varð sjálfkrafa meðlimur hjá fína fólkinu í London og foreldrar hennar kröfðust þess að hún myndi segja skilið við unnusta sinn. Potter lét sannfærast og fluttist út á land og var sannfærð um að sá tími myndi færa henni innri ró. Þess í stað upplifði hún einsemd og sorgir en tókst engu að síður að byggja mikinn og stóran búgarð sem átti hug hennar og hjarta eftir að rithöfundarferlinum lauk árið 1913. Miss Potter er leikstýrt af Chris Noonan og með aðalhlutverkin fara þau Renée Zellweger og Ewan McGregor auk Emily Watson.



**ÁST Í MEINUM** Beatrix Potter var meinað að elska útgefandann sinn, Norman Warner, vegna þjóðfélagsstöðu sinnar.





Hús og híbýli – tryggðu þér eintak!

Þrátt fyrir að snjór, kuldi og slabb hafi einkennt marsmánuð erum við á Húsum og híbýlum engu að síður reiðubúin að kveðja veturinn og setja okkur í vorstellingar. Frábær ráð varðandi vorverkin, skemmtileg innlit, hönnuðir og nýjar íbúðir er meðal efnis í blaðinu. Rúmteppið, rúmið og allt það sem þarf í svefnherbergið. Fallegir hlutir á vægu verði, ofsakrúttlegt páskaskraut, íslensku verkin sem fara á Feneyjatvíæringinn og allt hitt í splunkunýju tölublaði Húsa og híbýla.

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555**, á **www.birtingur.is** eða sendu okkur póst á **askrift@birtingur.is**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG



**Athugaðu ...**

*... að enn eru þrjár vikur í sumardaginn fyrsta. Skelltu litríkum blómum í eldhúsgluggann til að brúa bilið þangað til lóan lendir í þínum garði.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN GUÐRÚN KRISTÍN SVEINBJÖRNSDÓTTIR

# Besta máltíðin hlaðborð á Balí



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Súkkulaðis og grænmetis. Ef ég hefði grænmeti og súkkulaði með því væri ég fín, grænmeti fyrst og súkkulaði á eftir með góðri samvisku. Þá veit ég að ég er búin að borða svo hollt.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ég held ég verði að segja fyrsta morgunverðarhlaðborðið á Balí þegar við vorum í fríi þar 2002. Ég missti mig gjörsamlega. Þar var allt sem hugurinn girntist, fullt af indónesískum mat, týpískur breskur morgunmatur, amerískar pönnukökur, ferskt grænmeti og ferskir ávextir. Þvílík veisla.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Súrmatur finnst mér vondur. Það er nú reyndar það eina sem ég veit að ég get alls ekki borðað.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég nota sojasósu í rosalega margt, í staðinn fyrir að salta. Mér finnst hún gefa mjög gott bragð.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Súkkulaði. Ég dett ekki í huggunarát, en súkkulaði lætur mér alltaf líða voða vel.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Kea-skyr, mjólk, ost og trönuberjasafa. Og grænmeti og ávexti líka, auðvitað.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Gulrætur og brokkólí. Og súkkulaði. Svo gæti ég líka haft með mér fræ til að gróðursetja.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það ógeðslegasta held ég séu ostrur, ég get ekki smakkað þær aftur. Líka einhver furðuleg, hvít pylsa sem ég fékk í Þýskalandi, sem var ómögulegt að vita úr hverju var. Ég hélt að hún væri úr fiski, en svo var þetta einhver kjötbúðingsklessa.



## VÍNVIÐURINN
**Einar Logi Vignisson**

# Vindasamir þemadagar

Þemadögum vínbúðanna tileinkuðum Bandaríkjunum og Argentínu lýkur á morgun. Minna hefur farið fyrir þessum dögum en stundum áður og er það skaði því úrvalið er alveg prýðilegt og sérstaklega er gott úrval dýrari vína. Hvort um er að kenna skorti á framsetningu og kynningu eða sinnuleysi vínáhugamanna veit ég ei. En hvet þá sem vilja gera góð kaup í frábærum vínum að tosa upp sokkana. Hafliði Loftsson vínínnflytjandi á mörg frábær vín sem eru á sérlista á þemadögunum. Hann segir þó dagana einhverra hluta vegna ekki hafa tekist sem skyldi.

„Framleiðendur sem við sóttumst eftir sérstaklega vegna þemadaganna eru annars vegar Truchard Vineyards í Carneros, sem er mjög góður og Pinot Noir-inn þeirra talinn einn sá besti í Ameríku. Hinn er Stag's Leap sem er heimsfrægur einkum fyrir sigur í Parísarsmökkun 1976 og endurtekningu núna, annað sæti upphaflegu vínanna og fyrsta sæti Lundúnamegin í þeim ungu,“ segir Hafliði og bætir við að því miður hafi þessi vín ekki selst mikið né heldur Finca Altamira sem hann segir hugsanlega magnaðasta vín Suður-Ameríku. Það er frá vínhúsinu Achaval Ferrer sem vínspekingurinn Hugh Johnson telur til bestu víngerðarhúsa Argentínu. Tvö vín hússins eru í boði, annað á innan við 3.000 kr. sem er einstakt verð fyrir svo gott vín.

Einhver besti framleiðandi Argentínu í góðum borðvínum er Trivento. Fá má hvorki fleiri né færri en tíu vín frá þessu prýðilega vínhúsi á kynningarverði á þemadögunum. Þau kosta frá 790 og upp í 1.090 kr. í flöskum en einnig má fá kassavín. Trivento þýðir „þrír vindar“ og er kennt við þá vinda sem hafa gert vínrækt mögulega: Polar-vindinn, sem eins og nafnið bendir til, blæs kaldur um vínekrurnar á veturna, Zonda sem kemur að vestan frá Andes-fjöllunum með hlýjuna á vorinu og Sudestada að austan kælir svæðið í sumarhitanum og ber raka með sér. Þessir vindar gera vínrækt eins arðbæra og raun ber vitni, og Triv-ento þykir hafa komið með ferska vinda í vínheiminn.

Vínekrurnar eru orðnar 565 hektarar og þrúgurnar eru þær sem hafa reynst best í Argentínu, fyrir utan alþjóðlegu þrúgurnar (cabernet sauvignon, merlot, shiraz, chardonnay) sem þrífast mjög vel á Mendoza-svæðinu. Þar eru í sviðsljósinu malbec, bonarda, torrontes, chenin, viognier, sangiovese og fleiri.



**Á BOTNINN HVOLFT:**
Malbec er einkennisþrúga Argentínu. Kröftug og kallar á nautasteik. Sumum þykir farsælast að leggja fyrst til atlögu við hana í slagtogi við aðrar þrúgur. Fá má ágætis blöndur á þemadögum úr malbec og t.d. cabernet sauvignon eða shiraz.

# Fiskisúpa með fönki

**Börkur Hrafn Birgisson er liðtækur í fleiru en tónlist. Hann heldur heiðri móður sinnar á lofti í eldhúsinu, og fæðir fjöldann með fiskisúpu og fönki.**

„Uppskriftin er einn af heilögum kaleikum móður minnar. Mömmumaturinn er bestur, það er nú bara þannig,“ sagði Börkur léttur í skapi. „Við erum þrír bræðurnir, og mér sýnist að ég sé sá eini sem mun halda merkjum hennar á lofti,“ bætti hann við.

Klausturbleikja er aðalatriðið í uppskriftinni, enda ber hún nafnið Klausturbleikjusúpan hennar mömmu. „Þetta hvítvín að vera Klausturbleikja, annars er þetta bara plat. Það má nota þorsk eða ýsu, en þá er þetta bara þorsksúpan hans Dúdda frænda,“ segir Börkur grafalvarlegur.

Börkur er flestum hnútum kunnugur í eldhúsinu, enda var hann kokkanemi á árum áður. „Ég var að vinna sem kokkanemi í Perlunni í eitt ár, á lúsarlaunum og með kvíðahnút í maga,“ segir hann og hlær við. „Mér leist ekki á að leggja þetta fyrir mig, og ákvað einn góðan veðurdag að ég vildi verða tónlistarmaður. Það var mjög lærdómsríkt ár samt. Maður fékk að gera ansi mikið,“ sagði Börkur.

Umrædda súpu matreiddi hann eitt sinn á menningarnótt og fæddi um fjórutíu manns með henni. „Þetta er ekta svoleiðis matur, maður getur verið með standandi partí. Ég var bara með risapott, fullt af brauði og hvítvín og bjór. Svo var opið hús frá níu um kvöldið og til tvö, þrjú um nóttina. Fólk labbaði í gegn og fékk eina skál,“ útskýrði hann. „En svo er líka algjört möst að vera með góða tónlist. Þessi súpa kallar á fönktónlist,“ sagði Börkur, sem er því ekki heldur alveg ókunnugur, þar sem hann spilar fönk af fullum krafti á Kaffi París á föstudögum. Með súpunni mælir Börkur svo með því að bera fram ferskt brauð. „Það er alveg ómissandi. Brauð og fönk,“ sagði hann.



**KYNDILBERI** Börkur Hrafn Birgisson er sá eini þriggja bræðra sem heldur hróðri móður þeirra í eldamennsku á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**200 g Klaustursbleikjuflök, roðlaus og beinlaus**
**1 1/2 tsk karrí**
**1 1/2 tsk basilíka**
**2 1/2 tsk mynta**
**1-2 stórir laukar saxaðir smátt**
**50 g smjör eða olía**
**2-3 dl hvítvín**
**10 dl vatn**
**3-4 súputeningar**
**6 dl fisksoð**
**75 g rjómaostur**
**3 dl rjómi**

Saxið lauk smátt og steikið í smjöri eða olíu. Bætið kryddi í og látið krauma.

Bætið hvítvíni saman við og sjóðið það niður um helming. Bætið vatni, rjóma, rjómaosti, súputeningum og fisksoði (vatn og 3-4 fiskiteningar) saman við og látið suðu koma upp.

Skerið bleikjuna í lítil stykki, gott er að plokka beinin úr með augnabrúnaplokkara.

Setjið bleikjubitana út í rétt áður en súpan er borin fram.

sunna@frettabladid.is




# Páskaegg fyrir sælkerana

Brátt ganga páskarnir, og meðfylgjandi súkkulaðiæði, í garð. Þeir sem vilja prófa eitthvað annað en gömlu, góðu páskaeggin, ættu að leggja leið sína í Vínberið við Laugaveg.

„Ég er til dæmis með handgerð páskaegg frá Belgíu. Eggin frá Bruyerre eru handmáluð, og svo er ég með páskaegg frá Gudrun sem eru konfektfyllt,“ útskýrði Bryndís Gísladóttir hjá Vínberinu. Fólk getur jafnframt fengið sér persónulegt páskaegg. „Við erum með páskaeggjaskeljar frá Neuhaus. Það eru sem sagt tómar skeljar í dökku, ljósu og hvítu súkkulaði. Fólk getur valið úr konfektborðinu eða hvað það vill í búðinni til þess að setja inn í eggin. Við setjum þau svo saman fyrir fólk,“ sagði Bryndís. Þó að súkkulaðið sé belgískt er íslenska hefðin enn í hávegum höfð, því Bryndís stingur málshætti inn í eggin. „Sumir hafa meira að segja keypt þetta til að pakka fermingargjöfum inn í,“ benti hún á.

Þar fyrir utan býður Vínberið upp á konfektfyllt egg frá Hafliða Ragnarssyni, fagurlega skreytt súkkulaðiegg, og ýmiss konar páskafígúrur úr súkkulaði. „Fólk sækir í þetta. Þetta er náttúrulega hágæða súkkulaði,“ sagði Bryndís.

- sun



**PÁSKAR Í VÆNDUM** Bryndís Gísladóttir í Vínberinu býður upp á ýmiss konar sköpunarverk úr súkkulaði fyrir páskana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


X-TRA mikið
fyrir X-TRA lítið
x-tra
BLANDAÐ GRÆNMETI
187 kr/pk
1 kg
BROKKOLÍ
243 kr/pk
1 kg
FRANSKAR
187 kr/pk
1 kg
EPLASAFI
111 kr/stk.
1,5 lítri
APPELSÍNUSAFI
111 kr/stk.
1,5 lítri
SNAKK
168 kr/pk
400 g
HVÍTLAUKSBRAUÐ
121 kr/pk
PASTASKRÚFUR
37 kr/pk
500 g
FUSILLI PASTA
500 g
SPAGHETTI
55 kr/pk
1 kg
PASTASÓSA
121 kr/ds
700 g
AUGLÝSINGASTOFA VÍKURFRÉTTA
Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi • Höfn í Hornafirði
netto

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Flókið ástarlíf Britney Spears

Fátt þykir breskum og bandarískum blöðum skemmtilegra en að velta fyrir sér ástarlífi Britney Spears. Breska blaðið Daily Star birti í gær frétt þess efnis að Spears og Federline væru á leiðinni í frí saman sem kynti undir þeim sögusögnum að hjónakornin væru að íhuga að taka saman aftur. Spears er sögð hafa skipulagt ferðina eftir að vinir hennar ráðlögðu söngkonunni að fara í burtu í smá tíma ásamt sonum sínum tveim og Kevin. „Britney vildi að fjölskyldan sameinaðist á ný og ættu góðar stundir saman eftir allt sem á undan er gengið,“ sagði náin vinur söngkonunnar. Ekki er langt síðan að fjölmiðlar þar vestra greindu frá því að Spears og Federline hefðu komist að samkomulagi um forræðið yfir strákunum sínum en ef marka má frétt Daily Star virðist smá neisti hafa kviknað að nýju.

Britney er óðum að ná sér eftir að hafa glímt við áfengis- og fíkniefnaneyslu. Hún sótti messu í Bel air um helgina en eitthvað voru aðrir safnaðarmeðlimir uggandi yfir því að hún skyldi vera mynduð og brá einn á það ráð að beina byssu að tveimur ljósmyndurum. Eftir að messuhaldi lauk fór hún og snæddi hádegisverð í Beverly Hills. Af Kevin er það hins vegar að frétta að hann sást á skemmtistað í Santa Monica og hélt síðan upp á 29 ára afmæli sitt í Las Vegas. Án Britney.



**SAMAN Á NÝ?** Britney Spears og Kevin Federline eru sögð vera á leiðinni í frí saman.

# Versace með anórexíu

Donatella Versace hefur staðfest að dóttir hennar, Allegra Versace, þjáist af anorexíu. Allegra er tvítugur fatahönnunarnemi og mun erfa Versace-ættarveldið sem metið er á nokkra milljarða. Hún gengst nú undir meðferð á spítala. „Hún hefur þjáðst í mörg ár,“ segir í yfirlýsingu frá Donatellu og fyrrum eiginmanni hennar, Paul Beck. „Við foreldrarnir reynum okkar besta til að vernda dóttur okkar.“



**ÞJÁÐ** Allegra Versace þjáist af anorexíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**EILÍFÐARRÖÐ** Það var þröng á þingi fyrir utan Nasa á laugardagskvöldið, þar sem margir freistuðu þess að fá keypta síðustu miðana á útgáfutónleikana.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.

# GUSGUS SLÓ Í GEGN Á NASA

**Það var margt um manninn á útgáfutónleikum GusGus á Nasa síðastliðið laugardagskvöld. Sveitin ýtti þar nýjustu plötu sinni, Forever, úr vör við góðar undirtektir tónleikagesta. Eins og myndirnar sýna var stemningin með ólíkindum og greinilegt að aðdáendur þríeykisins hafa beðið plötunnar með eftirvæntingu.**



**GLÓÐHEIT STEMNING** Það var rífandi stemning á Nasa og sumir mættu með glóstafi til að bæta enn á hana.



**SILFRUÐ URÐUR** Andlitsförðun söngkonunnar Urðar var með óhefðbundnara móti, enda er hún þekkt fyrir skemmtilegan stíl.

**HYLLTUR BONGÓ** President Bongó hélt áhorfendum í heljargreipum, eins og félagar hans í GusGus.





**AÐSTOÐARMAÐUR** Óttarr Proppé lét sig ekki vanta á tónleikana, en hann var einn tónlistarmannanna sem lögðu GusGus lið við gerð Forever.

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is



VINSTRI GRÆN Á FERÐ UM LANDIÐ
Auður Lilja Erlingsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Paul Nikolov spjalla við kjósendur í ASÍ - húsinu Grensásvegi 16, kl. 20:30.



**THE DEPARTED** Ray Winstone lék harðsvíraðan glæpamann í The Departed.

# Winstone leikur í Indy

Breski leikarinn Ray Winstone hefur tekið að sér hlutverk í fjórðu myndinni um fornleifafræðinginn ævintýragjarna Indiana Jones. Winstone sást síðast á hvíta tjaldinu í hinni vinsælu The Departed í leikstjórn Martin Scorsese, auk þess sem hann lék nýverið í Breaking and Entering í leikstjórn Anthony Minghella.

Winstone mun leika aðstoðarmann Harrisons Ford í Indy 4. Áður hafði Cate Blanchett tekið að sér hlutverk í myndinni, sem verður leikstýrt af Steven Spielberg. Áætlað er að tökur hefjist í júní og er myndin væntanleg í bíó 22. maí á næsta ári.



**DAN BROWN** Rithöfundurinn Dan Brown hefur selt The Da Vinci Code í rúmlega fjörutíu milljónum eintaka.

# Dan Brown sýknaður

Áfrýjunardómstóll í London hefur úrskurðað að rithöfundurinn Dan Brown hafi ekki notað hugmyndir úr bókinni The Holy Blood and the Holy Grail í metsölubók sinni The Da Vinci Code.

Michael Baigent og Richard Leigh, höfundar The Holy Blood and the Holy Grail, höfðuðu mál gegn Brown og sökuðu hann um ritstuld. Þurfa þeir nú að greiða hundruð milljóna króna í lögfræðikostnað.

Hæstiréttur í London úrskurðaði í apríl í fyrra að Brown hefði ekki notast við hugmyndir úr sömu bók. Ákváðu Baigent og Leigh þá að áfrýja málinu.

The Da Vinci Code, sem var gefin út árið 2003, hefur selst í rúmlega fjörutíu milljónum eintaka. Bók Baigent og Leigh, sem var gefin út árið 1982, hefur selst í tveimur milljónum eintaka. Báðar bækurnar byggja á þeirri hugmynd að Jesús Kristur og María Magdalena hafi átt barn saman og að afkomendur þeirra séu enn á lífi.




Nám samhliða starfi
- styrktu stöðu þína á vinnumarkaði

NÁM SAMHLIÐA STARFI

Rekstrar- og viðskiptanám - 3 misseri, 27 ein.
Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti - 3 misseri, 27 ein.
Mannauðsstjórnun - 3 misseri, 18 ein.
Þjónustustjórnun - 2 misseri, 18 ein. Í samstarfi við viðskipta og hagfræðideild HÍ nýtt
Verkefnastjórnun, leiðtogaþjálfun - 2 misseri, 12 ein.
Gæðastjórnun - 2 misseri, 12 ein. Í samstarfi við verkfræðideild HÍ nýtt

Nýjar og spennandi námsbrautir í boði - kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja ná forskoti á vinnumarkaði.

Kynningarfundur verður haldinn í húsi Endurmenntunar 9. maí kl. 16:30.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

**Vinstri græn opna nýja kosningamiðstöð í ASÍ - húsinu Grensásvegi 16, í kvöld.**
Léttar veitingar, ljúfir tónar og leikandi gleði

**Allir velkomnir**

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

**ALLT ANNAÐ LÍF!** - með vinstri grænum



















FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

ego spron

Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| THE GOOD GERMAN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | LADY CHATTERLEY | kl 5:40 - 9 |
| 300. | kl. 6 - 9 | B.i.16 | TELL NO ONE | kl 5:40 |
| | | | HORS DE PRIX | kl 8-10 |

SAMbíóin / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| WILD HOGS | kl 3:40 - 5:50 - 8 - 8:30 - 10:20 - 10:30 | b.i 7 | MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 | Leyfð |
| HOT FUZZ | kl. 8 forsýning | B.i.16 | SMOKIN ACES | kl. 10:30 | B.i.16 |
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 4 - 6:10 | Leyfð |
| 300. VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | VEFURINN H... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |

SAMbíóin / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | B.i.7 | |
| 300. | kl. 5:30 - 8 - 10:10 -10:30 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | |

SAMbíóin / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 8 - 10:10 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 | Leyfð |
| 300 | kl. 10:10 | B.i. 16 |

SAMbíóin / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WILD HOGS | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.7 |
| 300 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i. 16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngvarinn **James Blunt** er hættur með kærustunni sinni, ofurfyrirsætunni **Petru Nemcover**. Blunt og Nemcover, sem er tékknesk, voru svo upptekin við vinnu að samband þeirra fjaraði smám saman út. Það var Blunt sem batt enda á sambandið en talsmenn þeirra segja báðir að þau séu enn vinir.



Fyrrum Kryddpían **Melanie Chisholm**, eða **Mel C** eins og flestir þekkja hana, segir að villtri hegðun **Robbies Williams** hafi verið um að kenna að samband þeirra entist ekki. Mel C upplýsti um skammlíft samband þeirra um miðjan tíunda áratuginn en sagði Robbie hafa verið stjórnlausan. „Þetta var reyndar ekki mjög alvarlegt hjá okkur, bara nokkur stefnumót," segir Mel C.



Og meira af Robbie því hann og leikkonan **Lindsay Lohan** hafa myndað vináttusamband stuttu eftir að þau komu úr meðferð. Þau sáust saman úti á lífinu í Hollywood á mánudaginn en talsmenn þeirra leggja ríka áherslu á að þau séu ekki par. Lohan sagði í nýlegu viðtali að hún væri ástfangin en neitaði að segja af hverjum. Líklegt er talið að hún eigi þar við Íslandsvininn **Jude Law** en fréttir hafa birst af sambandi þeirra undanfarið.



Leikkonan **Nicole Kidman** er sögð eiga von á fyrsta barni sínu eftir að hafa gengist undir frjósemismeðferð. Kidman á tvö ættleidd börn með **Tom Cruise** en hún er nú gift söngvaranum **Keith Urban**. „Nicole og Keith gætu ekki verið ánægðari," sagði vinur hjónakornanna.


Páskasöfnunin 2007




# Gefum þeim **tækifæri** til menntunar



## Menntunin frelsar

Í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar styðja Íslendingar fjölda stéttlausra barna á Indlandi til náms á grunn- og framhaldsskólastigi. Hjálparstarfið kostar forskóla og kvöldskóla fyrir þrælabörn og styður opinn háskóla. Allt er þetta starf sniðið að aðstæðum og þörfum hinna stéttlausu sem eru lægst settir í samfélaginu og búa við mikla kúgun.

**Heimsendir gíróseðlar duga einu barni fyrir kennslu og framfærslu á heimavist í einn mánuð.**

**Munið heimsenda gíróseðla**



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

### > Spilar ekki fleiri leiki

Hin frábæri leikmaður Tamara Bowie er búin að spila sinn síðasta leik fyrir lið Grindavíkur í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta en hún er á leiðinni heim til Bandaríkjanna af persónulegum ástæðum. Bowie skoraði "aðeins" 14 stig í sínum síðasta leik eftir að hafa skorað 40,5 stig að meðaltali í fyrstu tveimur leikjum undanúrslitaeinvígisins gegn Keflavík. Ekki er ljóst hvort Grindavík verður með nýjan Kana í fjórða leiknum gegn Keflavík á morgun en tap þýðir að liðið er komið í sumarfrí.



**spor**

sport@frettabl

KRISTJÁN JÓNSSON: Á AÐ BAKI 35 ÁR Í BORÐTENNIS OG ER ENN MEÐAL ÞEIRRA BESTU Á LANDINU

# *Guðmundur nær aldrei að spila eins lengi og ég*

Borðtenniskappinn Kristján Jónsson er enn í hópi fremstu borðtennisspilara landsins þrátt fyrir að vera komin á 45. aldursár. Hann varð í öðru sæti á eftir Guðmundi E. Stephensen í opnum flokki á Grand Prix móti um síðustu helgi.

„Þessi vetur er búinn að vera sá besti hjá mér í mörg ár. Ég veit ekki alveg hvað er að gerast því ég æfi ekki mjög mikið. Ég er að þjálfa borðtennis hjá fötluðum þannig að maður er alltaf eitthvað að slá," segir Kristján. Einn af lærisveinum hans, Jóhann R. Kristjánsson, vann til bronsverðlauna í 1. flokki karla á Íslandsmótinu hjá ófötluðum á dögunum.

„Það er dálítið skrítin tilfinning að spila við svona yngri stráka og það er eiginlega það versta fyrir íþróttina að strákarnir skuli ekki vera betri en þetta svo að maður geti nú farið að hætta þessu," segir Kristján í léttum tón.

Kristján á að baki einn Íslandsmeistaratitil sem hann vann árið 1992 og er sá elsti sem hefur unnið titilinn frá upphafi. Síðan Guðmundur E. Stephensen vann fyrsta titil sinn 12 ára gamall 1994 hefur enginn hins vegar átt möguleika. „Maður er bara að spila við atvinnumann og ég átti ekki möguleika í hann. Mér finnst alltaf eins og maður geri bara það sem hann leyfir manni og ég er viss um að hann hefði getað unnið mig miklu stærra ef hann hefði viljað," segir Kristján um úrslitaleikinn þar sem hann tapaði fyrir Guðmundi. „Hann hefur ekkert að gera hingað lengur og það væri gaman að fá nýjan Íslandsmeistara þegar hann ákveður að setja endapunktinn, hvort það verði við fjórtán, fimmtán eða tuttugu. Hann endist samt ekki öll þessi ár sem ég er búinn að vera í þessum bransa. Ég verð búinn að vera í 35 ár á næsta ári og hann mun aldrei ná því," segir Kristján. Hann vill vekja athygli á árangri Emils Pálssonar á mótinu en hann vann b-keppnina 77 ára gamall. „Hann er örugglega búinn að æfa í sextíu ár og sýnir mér að ég á mikið eftir enn," segir Kristján og skellihlær.



Þriðji leikur Njarðvíkur og Grindavíkur í kvöld:

# Hvar er Brenton í sókninni?

**KÖRFUBOLTI** Það hefur vakið mikla athygli í undanúrslitaeinvígi Njarðvíkur og Grindavíkur hversu lítið Brenton Birmingham hefur reynt í Njarðvíkursókninni.

Brenton hefur aðeins skotið 9 skotum á 63 mínútum í fyrstu tveimur leikjunum og hefur enn fremur bara fengið 3 víti.

Brenton hefur aftur á móti tapað 8 boltum og verið oft á tíðum ólíkur sjálfum sér á þessum hluta vallarsins. Friðrik Ragnarsson þekkir vel til Brentons eftir að hafa spilað með og þjálfað hann í mörg ár. Það er spurning hvort hann hefur fundið leiðina til þess að loka á þennan frábæra leikmann.

Liðin mætast þriðja sinni í Njarðvík í kvöld. Staðan í einvíginu er 1-1. Njarðvík vann fyrsta leikinn en Grindavík jafnaði í ótrúlegum leik í Röstinni síðasta mánudag. **- óój**


Jacobsen Dagar
á sérréttaseðli Silfurs

Marineruð og bjórsoðin klaustursbleikja „Saaz Blonde" með spínati, aspas, beikoni og eggjasósu.

Íslenskur humar „Saaz Blonde".

Lambafillet og hægeldaður lambaskanki „Brown Ale" með dilli, kartöflufroðu, blómkáli, ólífum og bjórgljáðum heslihnetum.

Crème caramel „páskabjór" með lime og engifer ásamt pistasíuhjúpuðum banana og karamellu-balsamico ís.

Fjögurra rétta seðill með bjór: 8.900,-

PIPAR • SÍA • 70591



silfur

New Style Restaurant / Pósthússtræti 11 / 578 2008 / www.silfur.is


# Þeir bestu fá eina og hálfa milljón króna á mánuði

**Anders Dahl-Nielsen, framkvæmdastjóri Skjern, segir launin í danska handboltanum hafa hækkað mikið síðustu ár. Verðmiði leikmanna hefur einnig hækkað verulega. Karlarnir eru loksins komnir í sama launaflokk og konurnar.**

**HANDBOLTI** Flestir íslenskir handboltaáhugamenn þekkja Anders Dahl-Nielsen. Hann spilaði og þjálfaði KR leiktíðina 1982-83 þar sem hann fór mikinn ásamt Alfreð Gíslasyni. Hann hefur síðar komið víða við á ferlinum og meðal annars þjálfaði hann Flensburg í fimm ár. Hann tók síðan við Skjern en eftirlét Aroni Kristjánssyni starfið fyrir nokkrum árum og gerðist framkvæmdastjóri félagsins. Líkt og Aron yfirgefur hann herbúðir Skjern í sumar en hann mun þá taka við framkvæmdastjórastöðunni hjá þýska stórliðinu Flensburg.

Yfir tíu Íslendingar hafa verið að spila í danska boltanum í vetur en hann er á hraðri uppleið. Ein ástæða þess er aukið fjármagn sem komið er inn í boltann. Virðist danska deildin geta keppt við þýsku og spænsku deildina í dag að stóru leyti.



**MIKILL ÍSLANDSVINUR** Anders Dahl-Nielsen er mikill Íslandsvinur og þótt hann hafi spilað hér á landi fyrir 25 árum síðan ber hann enn hlýjar og sterkar taugar til landsins. Hann sést hér á spjalli við Erik Veje Rasmussen hjá Árósum. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

### Miklir peningar í boltanum

„Það hefur verið hröð þróun í danska handboltanum og miklir peningar komnir í hann. Bæjarfélög hafa verið að nota handboltaog fótboltafélög til að kynna sig og fyrirtæki í bæjunum taka virkan þátt í þeirri herferð," sagði Anders Dahl við Fréttablaðið í gær. Hann segir að önnur stór ástæða sé sú að fótboltafélögin séu farin að taka yfir handboltadeildirnar í stóru borgunum. Það sé hagkvæmt fyrir báðar deildirnar og ekki síst handboltann sem fær sterka markaðsmenn í sín lið.

Anders Dahl segir marga í Danmörku óttast að þessi þróun sé of hröð og að sum lið séu að tefla einum of djarft í samkeppninni.

### Hagstæðir skattar

„Launin hafa hækkað samhliða þessari þróun og fyrir vikið eru að koma sterkari leikmenn í deildina. Leikmenn eru jafnvel að koma frá Þýskalandi eins og Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson. Danska deildin getur kannski ekki keppt við bestu liðin í Þýskalandi og Spáni en er vel samkeppnishæf við liðin sem koma þar á eftir," sagði Anders Dahl.

Annað sem laðar íþróttamenn til Danmerkur er hinn svokallaði „prófessoraskattur". Afburðaíþróttamenn falla undir þennan skattlið og greiða því aðeins 33 prósenta skatt í stað 63 prósenta eins og hinn almenni borgari.

Þessara réttinda njóta íþróttamennirnir í þrjú ár en aðeins þeir sem hafa yfir 700 þúsund krónur í mánaðarlaun eiga rétt á þessum skattfríðindum.

Danskur kvennahandbolti er geysilega vinsæll og danska deildin er sú besta í heimi. Anders Dahl segir dönsku liðin geta fengið hvaða leikmann sem er í kvennaboltanum.

Konurnar hafa hingað til verið með mun hærri laun en strákarnir og það er fyrst núna sem karlmennirnir fá sömu laun og konurnar.

„Það er talið að bestu handboltakonurnar hafi fengið tæplega eina og hálfa milljón króna í mánaðarlaun á meðan bestu karlarnir fengu aðeins tæplega milljón.

Þeir allra bestu eru loksins farnir að sjá sömu tölur og konurnar núna þótt þær séu almennt að gera það betur en karlarnir," sagði Anders Dahl. **henry@frettabladid.is**

**LAUNIN Í DANMÖRKU**

**Áætluð mánaðarlaun fyrir skatta:**

| | |
|---|---|
| Bestu launin | 1,5 milljónir króna |
| Góð laun: | 800.000 - 1 milljón kr. |
| Miðlungslaun: | 400.000 kr. |

Tilvonandi framkvæmdastjóri Flensburg um ummæli Viggós á Stöð 2:

# Viggó ekki í áætlunum Flensburgar

**HANDBOLTI** Ummæli Viggós Sigurðssonar, fyrrum landsliðsþjálfara í handbolta, í fréttum Stöðvar 2 síðasta þriðjudagskvöld vöktu nokkra athygli. Þar lét Viggó í veðri vaka að hann gæti verið á förum til þýska stórliðsins Flensburg á nýjan leik. Hann þjálfaði liðið fyrri hluta þessa tímabils þar sem þjálfarinn, Kent Harry Anderson, glímdi við veikindi.

„Það er ekki loku fyrir það skotið að það verði eitthvað meira þar síðar," sagði Viggó meðal annars í viðtalinu á Stöð 2.

Anderson er með samning við Flensburg út næsta ár og sá sem ræður framhaldinu er ekki að vinna hjá Flensburg í dag heldur tekur til starfa í sumar. Það er Anders Dahl-Nielsen, framkvæmdastjóri Skjern, en hann hefur verið ráðinn í stað Thorsten Storm sem réð Viggó á sínum tíma.

Fréttablaðið bar ummæli Viggós í viðtalinu undir Dahl-Nielsen í gær. „Það eru engar áætlanir um að fá Viggó Sigurðsson aftur til Flensburg," sagði Dahl-Nielsen sem vonaðist til þess að Einar Hólmgeirsson yrði kominn á fætur sem fyrst en hann fer til einnig til Flensburg í sumar. **- hbg**



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Er ekki í áætlunum Flensburgar líkt og hann hefur látið í veðri vaka í fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Erum 3 ára og alltaf ódýrari

# PÁSKA TILBOÐ

## INTEL TÖLVUPAKKI 3



- Intel Core2Duo E6400
- 2GB 667MHz Dual DDR2
- 320GB SATAII WD -16MB
- 256MB Geforce 7600GS
- 19" Acer skjár 5MS
- Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

129.950

## ACER ASPIRE 9302WSMi-b



- 1.6Ghz AMD Turion64 X2 TL-50
- 2GB DUAL DDR2 533MHz
- 120GB ATA - 5400rpm
- 128MB Geforce Go7300
- 17" Crystalbrite skjár

acer

114.950

## LOGITECH MX400



Logitech MX 400 er hárnákvæm 5 hnappa svört og grá laser mús , usb tengt

3.950

## 5.1 HÁTALARAKERFI



Logitec X-530 svart 5.1 hátalarakerfi, 70w RMS, 5 öflugir hátalarar og stórt bassabox.

X-530

9.750

## 22" SAMSUNG LCD SKJÁR



- Samsung 225BW
- 5ms viðbragðstími
- 700:1 Contrast ratio
- 1680x1050 upplausn
- Frábært verð og gæði

SAMSUNG

39.950

## 1GB MINNISLYKILL



Flottur Kingston USB 2.0
1GB minnislykill
5 ára ábyrgð
Topp gæði og verð

Kingston TECHNOLOGY

1.450

## TURNUPPFÆRSLA 2



- Athlon 64 X2 4200+ AM2
- 1GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- DOLBY 7.1 HLJÓÐKORT

49.950

## DVICO TVIX M-3100



DViCO TViX M-3100U spilari/hýsing fyrir 3.5" IDE harðdiska m/LCD skjá tengist við sjónvarp án tölvu, fullkomin fjarstýring fylgir.

TVIX

14.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER

VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## ÚRSLIT

*Undankeppni EM:*

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| LIECHTENSTEIN-LETTLAND | 1-0 |
| NORÐUR ÍRLAND-SVÍÞJÓÐ | 2-1 |
| David Healy 2 - Johan Elmander. | |
| SPÁNN ÍSLAND | 1-0 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **N. ÍRLAND** | **6** | **4** | **1** | **1** | **10-7** | **13** |
| SVÍÞJÓÐ | 5 | 4 | 0 | 1 | 9-4 | 12 |
| **SPÁNN** | **5** | **3** | **0** | **2** | **9-6** | **9** |
| DANMÖRK | 4 | 2 | 1 | 1 | 7-2 | 7 |
| **LETTLAND** | **4** | **1** | **0** | **3** | **4-3** | **3** |
| ÍSLAND | 5 | 1 | 0 | 4 | 4-9 | 3 |
| **LIECHTEN.** | **5** | **1** | **0** | **4** | **3-15** | **3** |

Spánn 1-0 Ísland

*1-0 Andrés Iniesta (81.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 28–3 (14–1) |
| Varin skot | Casillas 1 – Árni Gautur 12 |
| Horn | 18–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–8 |
| Rangstöður | 4–1 |



**SUNDBOLTI** Aðstæður voru glórulausar á Palma. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ekkert varð úr markaregninu

**Íslendingar mega vera sáttir við að hafa aðeins fengið á sig eitt mark gegn Spánverjum á Mallorca í gær. Margir bjuggust við spænskri markasúpu en svo fór að Andrés Iniesta skoraði eina mark leiksins í lokin.**



**ALLT Á FLOTI** Það var erfitt að leika knattspyrnu í vatnselgnum á Mallorca í gær. Emil Hallfreðsson átti ágæta spretti og hann tekur hér á Sergio Ramos, leikmanni Real Madrid. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**FÓTBOLTI** Spánverjar unnu 1-0 sigur á Íslandi á Mallorca í gær í leik sem einkenndist af mikilli rigningu og óþrjótandi sóknarþunga heimamanna. Árni Gautur Arason átti stórleik en kom ekki í veg fyrir sigurmark heimamanna, því miður.

Það var hellidemba þegar leikur Spánar og Íslands hófst á ONE Estadi-leikvanginum á Mallorca í gær. Það hafði reyndar rignt mikið í dágóða stund og völlurinn því vel blautur.

Íslenska landsliðið hefur ekki átt góðu gengi að fagna að undanförnu. Því voru fáir sem bjuggust við því að það myndi reynast spænska liðinu erfiður andstæðingur. Emil Hallfreðsson, sem var fremur óvænt í byrjunarliðinu á vinstri kantinum, átti hins vegar fyrsta hálffærið í leiknum er hann skaut að marki strax á 2. mínútu.

Íslenska vörnin hélt vel í upphafi en Spánverjar þyngdu sóknarlotur sínar eftir því sem á leið. Ekkert dró úr rigningunni og völlurinn orðinn hálfgerður pollur. Það hafði sín áhrif á bæði lið og dró heldur úr sóknarmætti heimamanna.

Ólafur var ótrúlega heppinn að skora ekki í eigið mark rúmum tíu mínútum síðar en Árni Gautur varði boltann eftir að hann skoppaði af Ólafi af mjög stuttu færi.

Árni Gautur sýndi aðra glæsitakta þegar Villa skaut boltanum að marki en hafði breytt um stefnu af Grétari Rafni. Árni varði hins vegar glæsilega. Staðan var því markalaus í hálfleik.

Gunnar Þór Gunnarsson var heppinn að fá ekki dæmda á sig vítaspyrnu eftir einungis 20 sekúndur þegar hann virtist brjóta á Torres. Franski dómari leiksins dæmdi hins vegar ekkert.

Fyrstu tíu mínúturnar voru afar lengi að líða og greip Eyjólfur þjálfari til þess ráðs að styrkja miðjuna á kostnað Veigars Páls. Stefán Gíslason kom inn á í hans stað.

Enn sóttu Spánverjar og enn sýndi Árni Gautur heimsklassamarkvörslu. Klafs var í teignum eftir að Árni Gautur reyndi að halda boltanum en dómari dæmdi David Villa brotlegan er hann hirti boltann af Árna og kom honum í netið. Spánverjar mótmæltu þessum dómi stíft.

Svo fór þó að stíflan brast loksins og þá án nokkurs vafa um markið hefði verið löglegt. Iniesta var ómannaður vinstra megin í teignum, fékk boltann frá David Villa og afgreiddi boltann í nærhornið. Óverjandi fyrir Árna Gaut.

Íslenska vörnin og ekki síst markvörðurinn höfðu unnið þrekvirki en hafi markið einhvern tímann legið í loftinu eins og sagt er var það þá. Spánverjar hreinlega lágu í sókn allan síðari hálfleikinn og svo virtist sem íslensku leikmennirnir reyndu ekki einu sinni að skapa sér sóknarfæri. Það er erfitt að halda úti slíkri taktík í 90 mínútur.



**UNDANKEPPNI EM**
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
*skrifar frá Mallorca*
eirikur@frettabladid.is




## EINKUNNIR ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| ÁRNI GAUTUR ARASON | 9 |

Átti óaðfinnanlegan fyrri hálfleik og honum að þakka að Spánverjar skoruðu ekki þá. Var með allt sitt á hreinu. Útlit var fyrir að hann ætlaði að endurtaka leikinn í síðari hálfleik en markið var ekki hans sök. Einn besti landsleikur Árna Gauts á hans ferli.

| | |
|---|---|
| KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON | 6 |

Komst ágætlega frá sínu en naut stuðnings Grétars Rafns, bæði í vörn og sókn. Kristján þurfti varla að fara fram yfir miðju. Lenti í vandræðum með Torres í síðari hálfleik og átti nokkrar vanhugsaðar sendingar. Hefði átt að passa sinn mann betur í markinu.

| | |
|---|---|
| ÍVAR INGIMARSSON | 7 |

Gerði sitt og komst skammlaust frá fyrri hálfleik. Var heppinn að fá ekki dæmda á sig vítaspyrnu í síðari hálfleik.

| | |
|---|---|
| ÓLAFUR ÖRN BJARNASON | 7 |

Ógnaði báðum mörkunum í fyrri hálfleik en var í góðum takti við sterka íslenska vörn. Stóð sína vakt vel, eins og allir í íslensku vörninni þegar á heildina er litið.

| | |
|---|---|
| GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON | 7 |

Lenti stundum í vandræðum með Sergio Ramos og Iniesta. Nýliðinn stóð þó fyrir sínu og passaði vel upp á sína menn eftir hlé. Getur verið afar sáttur við frumraunina.

| | |
|---|---|
| GRÉTAR RAFN STEINSSON | 5 |

Ekki jafn kröftugur og oft áður og sást lítið í fyrri hálfleik. Capdevila var með hann „í vasanum". Ekki batnaði ástandið eftir hlé.

| | |
|---|---|
| BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON | 8 |

Þvílíkur vinnuhestur. Það er sérstaklega í svona leikjum sem hæfileikar Brynjars Björns fá að njóta sín. Ávallt á tánum og stórstjörnum Spánar fannst hann eflaust afar pirrandi. Þreytan var greinilega farin að láta taka til sín í síðari hálfleik.

| | |
|---|---|
| ARNAR ÞÓR VIÐARSSON | 4 |

Átti sína ljósu punkta en var greinilega brothættur. Það er eitt að spila með varaliði Twente og annað gegn stórliði Spánverjum á útivelli. Hann týndist gjörsamlega í síðari hálfleik og var allt of lengi inni á vellinum.

| | |
|---|---|
| EMIL HALLFREÐSSON | 5 |

Byrjaði vel en fjaraði undan honum eftir því sem á leið. Var lítið sem ekkert áberandi í síðari hálfleik.

| | |
|---|---|
| EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN | 7 |

Virkaði fremur áhugalaus, sérstaklega fyrri part leiks, en það er ekkert nýtt. Langhættulegasti leikmaður Íslands og sá eini sem gat eitthvað skapað í íslenskum sóknarleik. Var duglegur að ná í aukaspyrnur á miðsvæðinu. Var einn uppi á toppi í síðari hálfleik og hafði lítið að gera.

| | |
|---|---|
| VEIGAR PÁLL GUNNARSSON | 6 |

Reyndi hvað hann gat en sóknartilburðir hans leiddu til lítils. Var þó duglegur. Hefði mátt sjá Emil koma stormandi upp vinstri kantinn þegar Ísland fékk sína fyrstu sókn í síðari hálfleik.

**VARAMENN**

| | |
|---|---|
| 55. MÍN. STEFÁN GÍSLASON INN FYRIR VEIGAR PÁL GUNNARSSON | 5 |
| 74. MÍN. INDRIÐI SIGURÐSSON FYRIR EMIL HALLFREÐSSON | - |
| 83. MÍN. HANNES ÞORSTEINN SIGURÐSSON FYRIR ARNAR ÞÓR VIÐARSSON | - |



**SIGURMARKIÐ** Andrés Iniesta skorar hér sigurmarkið í leiknum. Það er langt í varnarmenn Íslands eins og sést á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ÚRSLITIN Í GÆR

### A-RIÐILL

ASERBAÍDSJAN-FINNLAND 1-0
1-0 Emin Imamaliev (83.)
PÓLLAND-ARMENÍA 1-0
1-0 Maciej Jurawski (26.).
SERBÍA-PORTÚGAL 1-1
0-1 Tiago (5.), 1-1 Bosko Jankovic (37.).
Skipting stiga: Pólland 16, Portúgal 12, Serbía 12, Finnland 11, Belgía 7, Kasakstan 5, Aserbaíjdsjan 4, Armenía 1.

### B-RIÐILL

ÚKRAÍNA-LITHÁEN 1-0
1-0 Oleh Gusev (47.)
GEORGÍA-FÆREYJAR 2-1
1-0 David Siradze (25.), 2-0 Aleksandr Iashvili (46.), 2-1 Rógvi Jacobsen (57.), 3-1 Iashvili (90.).
ÍTALÍA-SKOTLAND 2-0
1-0 Luci Toni (12.), 2-0 Toni (70.)
Skipting stiga: Ítalía 13, Úkraína 12, Skotland 12, Frakkland 12, Georgía 6, Litháen 4, Færeyjar 0.

### C-RIÐILL

UNGVERJALAND-MOLDÓVA 2-0
MALTA-GRIKKLAND 0-1
0-1 Angelos Basinas, víti (66.)
TYRKLAND-NOREGUR 2-2
0-1 Simon Brenne (31.), 0-2 Martin Andresen (40.), 1-2 Hamit Altıntop (72.), 2-2 Altıntop (90.)
Skipting stiga: Tyrkland 13, Grikkland 12, Noregur 10, Bosnía 7, Ungverjal. 6, Malta 4, Moldóvía 2.

### D-RIÐILL

TÉKKLAND-KÝPUR 1-0
1-0 Jan Koller (23.)
ÍRLAND-SLÓVAKÍA 1-0
1-0 Kevin Doyle (13.)
WALES-SAN MARÍNÓ 3-0
1-0 Ryan Giggs (3.), 2-0 Gareth Bale (20.), 3-0 Jason Koumas (63.).
Skipting stiga: Þýskaland 13, Tékkland 13, Írland 13, Slóvakía 9, Wales 9, Kýpur 4, San Marínó 0.

### E-RIÐILL

ÍSRAEL-EISTLAND 4-0
ANDORRA-ENGLAND 0-3
0-1 Steven Gerrard (54.), 0-2 Gerrard (76), 0-3 David Nugent ( 90.).
Skipting stiga: Króatía 13, England 12 , Ísrael 11, Rússland 11 , Makedónía 7, Andorra 1, Eistland 0.

### G-RIÐILL

BÚLGARÍA-ALBANÍA 0-0
RÚMENÍA-LÚXEMBORG 3-0
SLÓVENÍA-HOLLAND 0-1
0-1 Giovanni van Bronckhurst (86.)
Skipting stiga: Holland 15, Rúmenía 11, Búlgaría 9, Hvíta-Rússland 7, Slóvenía 5, Albanía 3, Lúxemborg 0.



**GERRARD TIL BJARGAR** Steven Gerrard kom enska landsliðinu til bjargar gegn Andorra í gær með tveim mörkum í síðari hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES







## KEVIN KLINE

Kevin hefur alltaf haldið sér í vissri fjarlægð frá Hollywood-senunni og oft hafnað hlutverkum sem gætu gert hann að mikilli Hollywood-stjörnu. Af þessum sökum hefur hann stundum verið kallaður Kevin Decline. Kline hefur verið gift-ur leikkonunni og fyrrum fyrirsætunni Phoebe Cates frá árinu 1989. Hún er sextán árum yngri en hann en þau búa í New York ásamt tveimur börnum sínum. Síðan sonur hans greindist með sykursýki hefur hann verið mjög virkur í samtökum sykursjúkra og hlaut verðlaun fyrir óeigingjarnt starf í þeirra þágu. Kevin leikur í De-Lovely á Stöð 2 Bíó kl. 16.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER GAMALDAGS

# *Ríkisútvarpið á að halda í hefðirnar*

Ljósvakamiðlar eru oft tímanna tákn. Og má oftast greina samtímann með því einu að skoða sjónvarpsefni frá hinum og þessum tímabilum í mannkynssögunni. Þegar sjónvarpsfólkið var með barta og frekar sítt hár er augljóst að hippatímabilið var í blóma en þegar ljót föt og asnalegar hárgreiðslur voru fyrirferðamestar réð ´80-tímabilið ríkjum. Og stundum er maður hreinlega þakklátur fyrir að tímarnir skulu líða og breytast eins og Dylan söng um árið.

En sumt vill maður hreinlega að breytist ekki neitt. Er vanur sama gamla hlutnum og kann hreinlega vel við hann. Þykir þetta vera merki um að þótt við lifum á gervihnattaröld þar sem nútíminn er bæði hraður og duttlungafullur er alltaf eitthvað sem breytist aldrei. Þannig var það til dæmis með Nýjustu tækni og vísindi. Alltaf var Sigurður Richter jafn formfastur og stefið frá Kraftverk gaf það til kynna hvað væri á næsta leyti; umfjölun um allt það nýjasta hjá hugvitsmönnum víða um heim.

Og svo er það stef Spegilsins. Einhvern veginn finnst mér eins og það hafi ekkert breyst í gegnum árin. Finnst eins og ég hafi heyrt stefið með soðningunni heima hjá ömmu og afa á Köldukinninni. En allt er breytingum háð. Og nú hljómar nýtt stef hjá fréttastofu útvarpsins. Og ég veit ekkert hvernig ég á að haga mér í kringum það. Er ég að fara að hlusta á skilgreiningar um nútímatónlist eða er Óðinn Jónsson að fara að segja mér hvað er helst í fréttum?

Stefið hefur ekki gripið eyrað. Og stundum verð ég meira að segja hræddur. Óttast að þarna kunni að vera á ferðinni geimverur með dulin skilaboð. Því miður. Ríkisútvarpið ætti að grafa upp gamla, góða stefið og standa sína plikt; að varðveita menningargersemar, sama hversu hratt þjóðfélagið breytist.



**RÚV** Nýja fréttastefið er dæmi um að gamlar og virðulegar stofnanir verða nútímanum líka að bráð.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.20** Hálandahöfðinginn SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Standoff STÖÐ 2



▶ **18.05** Tadpole STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** My Name Is Earl SIRKUS



▶ **22.00** House SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.50 HM í sundi** Bein útsending.
**11.00 Hlé**
**16.50 Íþróttakvöld**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (4:13)
**18.40 Sigurvegarinn**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Hálandahöfðinginn** (5:6) Breskur myndaflokkur um ungan gósserfingja í skosku Hálöndunum og samskipti hans við sveitunga sína. Meðal leikenda eru Susan Hampshire, Richard Briers, Lloyd Owen, Hamish Clark, Alexander Morton, Julian Fellowes og Martin Compston.
**21.05 Lithvörf** (12:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er sagt frá Hörpu Björnsdóttur. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sporlaust** (17:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Lífsháski** Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**23.55 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Bet Your Life**
**08.00 Agent Cody Banks**
**10.00 De-Lovely**
**12.05 Tadpole**
**14.00 Agent Cody Banks**
**16.00 De-Lovely**
**18.05 Tadpole**
**20.00 Bet Your Life**
**22.00 Possible Worlds** Dularfull framtíðarmynd sem vekur margar áleitnar spurningar. Aðalhlutverk. Tilda Swinton, Tom McCamus, Sean McCann.
**00.00 Pendulum**
**02.00 Darkwolf**
**04.00 Possible Worlds**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Commander In Chief**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**
**11.15 Sisters**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Valentína**
**13.55 Valentína**
**14.40 Two and a Half Men**
**15.00 My Life in Film**
**15.30 Derren Brown. Hugarbrellur**
**15.55 Skrímslaspilið**
**16.18 Tasmanía**
**16.38 Myrkfælnu draugarnir** (e)
**16.53 Töfravagninn**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons**
**20.05 Meistarinn** Í kvöld takast Ólöf Ýrr Atladóttir, framkvæmdastjóri Vísindasiðanefndar, og Erlingur Sigurðarson menntaskólakennari á.
**20.55 Studio 60** Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs
▶**21.40 Standoff** Nýir spennuþættir með Ron Livingston úr Beðmálum í borginni og Rosemarie DeWitt úr Rescue Me.
**22.25 Hotel Babylon** Hágæða bresk sjónvarpssería sem fer með áhorfendur á bak við tjöldin á 5 stjarna hóteli í London.
**23.20 American Idol**
**00.45 American Idol**
**01.10 Medium**
**01.55 Bad Dreams**
**03.20 Love Liza**
**04.45 Bones**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (e)
**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
▶**20.20 My Name Is Earl 2 - NÝTT** Earl snýr aftur.
**20.50 KF Nörd** Logi Ólafsson, þjálfari Nördanna, grípur á það ráð að senda Nördana í sveit.
**21.30 Chappelle´s Show** Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.
**22.00 Nip/Tuck** Fjórða þáttaröð þessa vinsælu þáttaraðar sem fjallar um líf og störf lýtalæknanna og fóstbræðranna Seans McNamar og Christians Troy.
**22.50 Medium** Í þessari þriðju þáttaröð heldur Alison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist þar náðargift hennar vel.
**23.35 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood.
**00.00 The Nine** (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa sínu lífi finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja.
**00.50 Supernatural**
**01.40 Seinfeld** (e)
**02.05 Entertainment Tonight (e)**
**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** (5:22) Nýi skólastjórinn (Jason Alexander) reynir að þvinga Chris og Caruso til að verða vinir í skólaferð.
**20.30 Malcolm in the Middle** (10:22)
**21.00 Will & Grace** (5:23) Jason Biggs leikur nýja kærastann hans Jacks.
**21.30 Still Standing** (15:23) Þriðja þáttaröðin í þessari bráðskemmtilegu gamanseríu um hjónakornin Bill og Judy Miller og börnin þeirra þrjú.
▶**22.00 House** (13:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Britain¿s Next Top Model** (e)
**01.05 C.S.I.** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Tottenham - Watford**(frá 17.mars)
**20.00 Liðið mitt** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar.
**21.00 Eggert á Upton Park** Eggert Magnússon er sá sem öllu ræður á Upton Park en West Ham er í alvarlegum vandræðum við botn úrvalsdeildarinnar.
**21.30 Charlton - Newcastle**(frá 17. mars)
**23.30 Fiorentina - Roma** (frá 18. mars)
**01.30 Dagskrárlok**

EKKERT - www.nothing.is





Yfirreið Íslandshreyfingarinnar tekur til allra kjördæma. Komið fagnandi til móts við Íslandshreyfinguna - lifandi land - framtíðarhreyfingu grósku og velferðar á Íslandi.

Skráið ykkur í islandshreyfingin@simnet.is eða síma 694 2100

EFTIR FRÁBÆRAR MÓTTÖKUR Á AKRANESI, BORGARNESI, ÓLAFSVÍK, ARNARSTAPA OG STYKKISHÓLMI MUN YFIRREIÐ ÍSLANDSHREYFINGARINNAR - LIFANDI LANDS HALDA ÁFRAM Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

LAU. 31. MARS KL. 12:00 — ÍSAFIRÐI Veitingahúsinu Langa Manga
Súpu og spjallfundur. MÓJÓ - hópurinn Margrét, Ómar, Jakob og Ósk leggja með sér, spyrja og hlusta. Söngur, kveðskapur og stemning. Allir velkomnir.

ÞRI. 3. APRÍL KL. 17:00 — SAUÐÁRKRÓKI Kaffi Krók
Kaffi, kleinur og spjall. Margrét , Ómar, Jakob og Ósk spjalla við gesti og svara spurningum. Lag Íslandshreyfingarinnar kynnt til sögunnar. Allir velkomnir.

SUN. 1. APRÍL KL. 14:00 — AKUREYRI Bláu könnunni
Kaffi, kleinur og spjall. Margrét , Ómar, Jakob og Ósk spjalla við gesti og svara spurningum. Lag Íslandshreyfingarinnar kynnt til sögunnar. Allir velkomnir

MIÐ. 4. APRÍL KL. 12:00 — HÚSAVÍK Veitingahúsinu Sölku
Súpufundur með Þingeyingum. Stefna Íslandshreyfingarinnar í hnotskurn kynnt af Ómari, Margréti, Jakobi og Ósk. Innlegg gesta velkomin. Kveðum og tökum saman lagið í lokin.

ÞRI. 3. APRÍL KL. 12:00 — BLÖNDUÓSI Veitingahúsinu Við árbakkann
Súpu og spjallfundur. MÓJÓ - hópurinn. Söngur, brýning og stemning. Allir velkomnir.

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05**
### Meistarinn



Leitin að Meistaranum heldur áfram á Stöð 2 í kvöld undir stjórn Loga Bergmanns Eiðssonar. Meistarinn er spurningaþáttur þar sem reynir á þekkingu, kænsku og heppni keppenda. Í kvöld munu þau Ólöf Ýrr Atladóttir, framkvæmdastjóri vísindasiðanefndar, og Erlingur Sigurðarson menntaskólakennari takast á í sjónvarpssal. Það verður spennandi að sjá hvort þeirra tryggir sér sæti í átta manna úrslitunum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Augusta Masters Official Film Sýn kl. 21.45**

Þessi þáttur fjallar um Masters-mótið árið 2004 en Masters er fyrsta risamótið af fjórum í golfinu. Árið 2004 voru þeir Phil Mickelson og Chris DiMarco í síðasta ráshópnum en þegar þar var komið sögu hafði Mickelson aldrei sigrað á risamóti. Á síðari níu holunum léku margir mjög vel og má þar nefna Ernie Els, KJ Choi, Sergio Garcia, Bernard Langer og Fred Couples, auk Mickelsons.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Hlustir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.22** Þættir úr íslenskri leikritun: Draumurinn rætist
**23.15** Hlaupanótan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**15.05 EM 2008** (Andorra - England)
**16.45 EM 2008** (Spánn - Ísland)
**18.25 PGA Tour 2007 - Highlights**
**19.20 Það helsta í PGA mótaröðinni**
Inside the PGA Tour er frábær þáttur þar sem golfáhugafólk fær tækifæri til þess að kynnast betur kylfingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni.
**19.50 Iceland Express-deildin 2007**
Bein útsending frá þriðja leik Njarðvíkinga og Grindvíkinga í undaúrslitum Iceland Express-deildarinnar í körfuknattleik karla.
**21.45 Augusta Masters Official Film**
Árið 2004 voru þeir Phil Mickelson og Chris DiMarco í síðasta ráshópnum en þegar þarna var komið sögu hafði Mickelson aldrei sigrað á risamóti. Á síðari níu holunum léku margir fanta gott golf á lokadeginum.
**22.40 Þýski handboltinn**
**23.10 Iceland Express-deildin 2007**
(Njarðvík - Grindavík)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Rubbadubbers **6.30** Hvad er det værd **7.00** Italienske fristelser **7.30** Nyheder fra Grønland **8.00** Viden om **8.30** En plads i livet **9.00** Livet ombord **9.30** Hammerslag **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Grøn glæde **11.00** Kongehuset **11.25** Aftenshowet **12.20** Mission integration **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** SPAM **13.30** Boogie Update **14.00** Liga **14.30** Pelles hønsefarm **14.35** Frikvarter **15.00** Barda **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hold masken **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Forhekset **21.30** Flemmings Helte **21.45** Det Vildeste Westen **22.00** Den 11. time **22.30** Liga **4.30** Karlsson på taget **5.00** Rasmus Klump **5.10** Peter Pedal **5.30** Kaj og Andrea **6.00** Postmand Per

## NRK 1

**7.30** Mat med Niklas **8.00** Siste nytt **8.05** Forbrukerinspektørene **8.30** Vestindia - vårt tapte paradis **9.00** Siste nytt **9.05** VM svømming 2007 **10.00** Siste nytt **10.05** VM svømming 2007 **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Zombie hotell **14.00** Siste nytt **14.03** Pysj-klubben **14.30** Dunder **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Ørdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Skikk og bruk for hunden **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vinterland **20.35** Torsdag kveld med Steinar Sagen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Urix **21.50** Graven **22.50** MAD TV **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** Lilla löpsedeln **7.45** Runt i naturen - Alice i Energilandet **7.55** Safari Europa **8.00** Runt i naturen - solen, månen och den röda planeten **8.10** Mellan raderna **8.15** Runt i naturen - hemma hos en skalbagge **8.20** Runt i naturen - Hållplats jorden **8.30** Morfis kod, ett matteäventyr **8.45** Runt i naturen - Hönsrumpa och koфötter **8.55** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **9.05** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **9.15** Runt i naturen - Alice i Energilandet **9.25** Safari Europa **9.30** Sprattel **9.35** Sprattel **9.40** Sprattel **10.00** Rapport **10.05** Argument **11.05** Robbery **13.30** Packat & klart **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** Dagens visa **16.30** Undringar **16.35** Ozzy och Drix **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Saras kök **18.30** Svenska slag **19.00** Planet Earth **19.50** Snö **20.00** Världens svåraste jobb **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** Uppdrag Granskning **22.20** Entourage **22.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér alltaf Weetabix með banönum og espresso kaffi úr æðislegri kaffivél sem ég fékk í jólagjöf frá mömmu og pabba.“*

Þórhallur Skúlason, plötusnúður og tónlistarmaður.

# Garðar Thor Cortes í Newsweek



„Já, þetta er flott blað. Það fór vel á með okkur – spjölluðum heillengi saman uppi á skrifstofunni hjá Einari [Bárðarsyni] í Soho,“ segir Garðar Thor Cortes í samtali við Fréttablaðið.

Vegur Garðars fer nú mjög vaxandi en á mánudag sat hann fyrir svörum hjá stórblaðinu Newsweek. Vel þekktur blaðamaður, Gianne Brownell, spurði Garðar spjörunum úr en fyrirhugað er að birta viðtalið í tölublaði sem kemur út um miðjan næsta mánuð. Verður þetta ítarleg úttekt á Garðari en rætt er jafnframt við samstarfsmenn hans og fleiri sem honum tengjast. Einar Bárðarson segir þetta skipta miklu máli sé horft til vegs og virðingar tenórsöngvarans snjalla.

„Viðtalið skiptir miklu máli, sérstaklega af því að þetta er ekki einskorðað við Bandaríkin heldur fer um allan heim sem mun hjálpa okkur að brjótast inn á ný svæði,“ segir Einar.

Garðar segir Gianne hafa spurt sig um bakgrunn sinn, hvaðan hann komi, um væntingar, tónlistina, fjölskylduna og lífið. Garðar segir þetta hafa gengið vel og segir engan mun á að svara spurningum blaðamanns frá Newsweek en íslenskra blaðamanna.

„Hún kom mjög vel undirbúin, var búin að lesa sig heilmikið til sem var mjög skemmtilegt.“

Mikið stendur til hjá Garðari. Ný plata með honum kemur út 16. apríl í Bretlandi og fjöldi viðtala tengist plötunni: Í Daily Telegraph, Sunday Mail og fleiri fjölmiðlum.

„Svo er ég að fara að syngja annað kvöld [í kvöld] fyrir BBC 2, í útvarpsþátt sem heitir Friday Night is Music Night – voðalega fínn og vinsæll þáttur í Bretlandi. Hefur gengið í 50 ár og gaman að syngja þá með BBC Consert Orchestra. Já, sem er fín hljómsveit.“ - jbg



**GARÐAR THOR CORTES** Vel fór á með honum og Gianne Brownell, blaðamanni Newsweek.



**LÁRÉTT**
**2** hróss **6** samanburðartenging **8** klettasprunga **9** hljóð svína **11** málmur **12** viðbit **14** skóa **16** kallorð **17** hvíld **18** loga **20** skóli **21** skán.

**LÓÐRÉTT**
**1** erindi **3** einnig **4** lögtak **5** andi **7** drykkur **10** skýra frá **13** fugl **15** megin **16** húðpoki **19** lést.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** lofs, **6** en, **8** gjá, **9** rýt, **11** ál, **12** smjör, **14** járna, **16** hó, **17** náð, **18** eld, **20** ma, **21** skóf.
**LÓÐRÉTT: 1** vers, **3** og, **4** fjárnám, **5** sál, **7** nýmjólk, **10** tjá, **13** örn, **15** aðal, **16** hes, **19** dó.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Austur-Indíafélaginu.
2. Valtýr Sigurðsson.
3. 28 milljónir króna.








**SKERJAFJARÐARSKÁLDIÐ** Vill fá eitthvað fyrir sinn snúð í tengslum við enska textagerð fyrir Eurovision Song Contest.



**SVEINN RÚNAR** Fékk senda Eurovision-texta á ensku víðs vegar að úr heiminum.

PETER FENNER: SENDI SVEINI RÚNARI EUROVISION-TEXTA ÓUMBEÐIÐ

# Níu Eurovision-textar bárust Sveini Rúnari

„Já, nei, nei, ég læt ekkert eftir mér hafa um þetta mál. Það er verið að blása þetta upp sem einhverja vitleysu. Ég er ekki í neinum málaferlum. Ég segi það eitt að ég segi ekki neitt,“ segir Kristján Hreinsson Skerjafjarðarskáld.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leita þeir leiða til sátta Kristján, sem samdi íslenskan texta við lag Sveins Rúnars Sigurðssonar „Ég les í lófa þínum“ - Evrovision-framlag Íslands – en keppnin fer fram 10. til 12. maí í Helsinki. Kristján stendur í þeirri trú að fastmælum hafi verið bundið að hann setti saman enskan texta við lagið færi það til Finnlands. Var það svo að þegar sigurinn var í höfn og lagið flutt aftur söng Eiríkur Hauksson hendingu úr enskum texta Kristjáns, reyndar með skáldaleyfi, og kom fram í fjölmiðlum eftir keppni að þann texta ætti eftir að vinna betur áður en „Ég les í lófa þínum“ yrði sungið inn aftur og þá á ensku.

Hins vegar varð ofan á að Sveinn Rúnar valdi texta eftir Englendinginn Peter Fenner en Sveini mun ekki hafa hugnast framlag Kristjáns – textinn „To be or not to be“. Áhöld eru um hvort einhver gildur samningur þessa efnis sé milli Sveins og Kristjáns og um það stendur styrinn. Samkvæmt heimildum blaðsins bauð Sveinn Kristjáni borgun til að loka málinu eða hundrað tíma greidda fyrir hans vinnu. Kristján mun hins vegar hafa viljað fá svokallaða punkta eða höfundarrétt – greiðslur sem miðast við STEF-gjöld sem verða til í tengslum við hversu mikið lagið er leikið í sjón- og útvarpi. Á það féllst Sveinn ekki en samningafundur með milligöngu STEF-s og Eiríks Tómassonar lögmanns þar á bæ mun verða haldinn á næstu dögum.

Sveinn Rúnar vill, ekki frekar en Kristján, láta hafa neitt eftir sér að svo stöddu en segir yfirlýsingar að vænta frá sér á næstu dögum.

Þegar á daginn kom að lag Sveins Rúnars við texta Kristjáns sigraði í forkeppninni hér heima bárust Sveini Rúnari níu textar víðs vegar að úr heiminum. Svo er að textahöfundar margir setja saman enska texta sem þeir senda svo á lagahöfunda með það fyrir augum að koma þeim og sér á framfæri. Þannig mun það vera með Peter Fenner sem sendi Sveini Rúnari textann að fyrra bragði. Þannig fékk Sveinn Rúnar einnig sendan texta frá íslenskum lækni sem búsettur er í Boston og þannig má áfram telja. jakob@frettabladid.is



**EIRÍKUR HAUKSSON** Á sigurkvöldinu kyrjaði hann textabrot á ensku eftir Skerjafjarðarskáldið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sviptivindasamt er nú við Efstaleitið en 1. apríl er í nánd, stóri dagurinn þegar Ríkisútvarpið verður oeffháað. **Margrét Oddsdóttir** sem stýrði Rás 1 fékk að fjúka og ekki fannst neitt við hæfi **Rúnars Gunnarssonar** fyrrverandi yfirmanns innlendrar dagskrárgerðar sjónvarps og mun hann einnig vera á förum. En liðsauki berst þó. Elín Hirst, yfirmaður frétta á RÚV, er búin að ráða Sigríði Hagalín Björnsdóttur til starfa. Sú hefur síðustu misserin verið fréttaritari RÚV í Kaupmannahöfn en var síðast á fréttastofu útvarps.



Hitnar nú í kolum sem aldrei fyrr í Hafnarfirði vegna kosninga um stækkun álvers í Straumsvík. **Rannveig Rist** hefur farið mikinn með fulltingi kynningar- og áróðurssnillingsins **Gunnars Steins Pálssonar**. Andstæðingar stækkunar kvarta mjög undan því sem þeir kalla hræðsluáróður en nú berast þær fréttir að Suðurnesjamenn séu í startholum með að reisa tæknilegt álver við Helguvík en ekki sé þar með sagt að álver Alcans hverfi úr Straumsvík. Aðrir séu í startholum, sem sé Norðurál, sem væri alveg til í að kaupa álverið sem stendur undir sér og vel það.



En það eru fleiri sem hafa blandað sér í stækkunarumræðuna. Þeir **Þorkell Máni Pétursson**, **Frosti Logason** og félagar á útvarpsstöðinni X-ið 977 keyra nú auglýsingar sem vakið hafa talsverða eftirtekt. „Mengunarhiti frekar en skítakuldi. Hafnfirðingar segið já við stækkun,“ er ein auglýsinganna. „Það er ekki ónýtt fyrir börn framtíðarinnar að hlusta á X-ið með þriðja eyranu,“ er önnur og sú þriðja: „Fólk vill álver, ósonlagið er ofmetið. Hafnfirðingar segið já við stækkun álversins.“ Starfsmenn stöðvarinnar hafa fengið mikil viðbrögð við auglýsingunum, bæði frá þeim sem eru fylgjandi og þeim sem eru andvígir stækkuninni.

- jbg/hdm






# Vestfirsk hátíð vekur athygli ytra

Tíu erlendum blaðamönnum hefur verið boðið á tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður, sem verður haldin á Ísafirði um páskana. Koma níu þeirra frá bresku blöðunum Times, Guardian, Mojo, Clash Magazine og Fly og frá þýsku blöðunum Focus og Music Woche.

„Þetta er mjög öflugur hópur. Þarna verður meðal annars ritstjórinn af popp-rokkdeildinni á Times,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá ÚTÓN, Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, sem stendur fyrir komu blaðamannanna í samráði við Ísafjarðarbæ. ÚTÓN hefur ákveðið að vera í samstarfi við Aldrei fór ég suður, sem liður í því markmiði að koma íslenskri tónlist á framfæri erlendis, og er koma blaðamannanna hluti af því.

Þá mun Jan Sneum frá danska ríkisútvarpinu koma á hátíðina en hann hefur um þrjátíu ára skeið verið öflugur stuðningsmaður íslenskrar tónlistar og unnið ötullega að því að koma henni á framfæri.

ÚTÓN hyggst heiðra Jan fyrir fórnfús störf í þágu íslenskrar tónlistar í tilefni af komu hans. - fb



**MUGISON** Mugison er meðal þeirra sem munu troða upp á Aldrei fór ég suður.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


NÝTT Á DVD
ELIJAH WOOD
ROBIN WILLIAMS
BRITTANY MURPHY
HUGH JACKMAN
NICOLE KIDMAN
HUGO WEAVING
FRÁBÆR MYND SEM HLAUT ÓSKARSVERÐLAUNIN 2006 SEM
"BESTA TEIKNIMYND ÁRSINS"
HAPPY FEET
HAPPY FEET
KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
SAM MYNDIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012




**BAKÞANKAR**


DR. GUNNA


## *Gervi-öryggisrugl*

Fyrir 11. september létu flugvallastarfsmenn það gjarnan nægja að spyrja: Fékkstu hjálp við að pakka? Við þessu var flest annað en „Já, síðskeggjaður maður með lambhúshettu lét mig hafa pakka sem ég held að sé vekjaraklukka,“ rétt svar.

**NÚ** er öldin önnur. Ég keypti mér miða til New York. Sama dag hringdi kona frá Flugleiðum alveg miður sín því hún hafði gleymt að segja mér að ég þyrfti að fylla út mjög mikilvægt skjal, en ég gæti gert það á netinu. Ég mætti alls ekki klikka á að prenta skjalið út og taka það með í flugið. Alls ekki! Ég lagði mikla vinnu og hágæðapappír í að uppfylla ósk Flugleiða, en þegar til kom bað auðvitað enginn um að sjá hið mikilvæga skjal.

**TIKTÚRUR** á flugvöllum virðast breytilegar frá degi til dags. Það er losarabragur á öllu. Það er eins og maður eigi alltaf að vera á nálum. Ég þorði ekki að kaupa vatn til að hafa með í vélina. Það er víst bannað, en samt ekki, hvað veit maður? Svo er kannski bannað að hafa með sér penna því maður getur rænt þotunni með honum. Flugfreyjan kom með tollmiða sem ég átti að fylla út. Ég reyndi að segja henni að ég væri pennalaus en kom ekki upp orði því ég var uppskrælnaður.

**ÁÐUR** en maður kemst gegnum hliðið til Bandaríkjanna þarf að gefa fingraför í sérstöku tæki og tekin er andlitsmynd. Sá sem býr til allt þetta nýja öryggisdót er aldeilis að græða. Gæti verið að hann sé hliðhollur stjórnvöldum?

**ÞRÁTT** fyrir gerviöryggisruglið blöskraði mér ekki fyrr en ég kom heim, ósofinn og pirraður. Eldgamla Ísafold hefur hingað til tekið á móti manni með góðlegum tollverði sem nægt hefur að nikka til og segja góðan daginn. En nú var aldeilis hlaupið ofkapp í liðið. Mér var skipað úr skónum, látinn taka af mér beltið og rekinn í gegnum enn eitt röntgenhlið.

**MEIRA** helvítis ruglið! Það er í lagi að þola svona meðferð á leið í hriktandi háloftadós en til hvers að standa í þessu á leiðinni heim til sín? Nema þetta sé táknræn aðgerð til að undirstrika að eina leiðin til að lifa á Íslandi sé með buxurnar á hælunum?


**Ævintýraleg símatilboð**

vodafone

Allir símar frá Vodafone afhendast forhlaðnir, forstilltir og með 2 ára ábyrgð.

Með Vodafone live! kemst þú á Netið í símanum þínum og getur til dæmis skoðað hvað er í bíó, náð í brandara, skoðað stjörnuspána þína og halað niður hringitónum og skjámyndum.

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér inná www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**



Sjónvarp í símann

Vodafone live!
**Nokia 6131**
Þú getur horft á Sky News allan sólarhringinn, sótt og horft á fréttir Stöðvar 2 ásamt fleira spennandi efni.
Ævintýraverð
**26.900 kr.**

Vodafone live!
**Sharp GX-17**
Mjög fjölhæfur á ótrúlegu verði.Með Bluetooth, myndavél og USB tengjanlegur.
Ævintýraverð
**9.900 kr.**

Vodafone live!
**Nokia 6234**
Miklu meira en bara sími. Með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum og styður minniskort.
Ævintýraverð
**19.900 kr.**



Fíton / SÍA

**Pioneer**
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU
PIONEER DCS-353
5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI
Kraftmikill 360W RMS magnari · HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið · USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum · Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



3ja ára ábyrgð! PIONEER-ORMSSON
**Kr. 49.900**

LEPTO the notebook company
4015-SE
· 15" XGA skjár
· Intel Pentium M750 1,86GHZ örgjörvi
· 512MB DDR2 háhraða vinnsluminni
· 80GB harður diskur
· Innbyggður DVD/CD skrifari, þráðlaust netkort, modem, kortalesari o.fl.
· 4 x USB2.0 tengi og 1 x Firewire
· Allt að 5 klst. rafhlöðuending



**Kr. 89.900**

Wii
LEIKJATÖLVA
Nintendo
**NÝ UPPLIFUN!**
Nær 6 milljón Nintendo Wii leikjatölvur seldar á 4 mánuðum um allan heim.



**Kr. 29.900**

WWW.ORMSSON.IS
**Fermingargjöf frá Ormsson hljómar vel.**



**ORMSSON**
ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT